SVALA LIND ÞORVALDSÓTTIR

*Heldur upp á forláta pels og leðurstuttbuxur*

• tíska • heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




FJÁRMÁL HEIMILANNA

*Fjárhagsaðstoð, tilboð, þjónusta og ráðgjöf*

Sérblað um fjármál heimilanna

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. febrúar 2009 — 44. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Mikil viðurkenning



Verkefnið Gönguhermir hlýtur Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands.

TÍMAMÓT 26

### Ævintýraferð til Afríku



Katrín Atladóttir og vinkonur hennar misstu vinnuna og skipulögðu strax ævintýraferð til Afríku.

FÓLK 46

### Traustið er grunnurinn

„Á meðan vantraust ríkir innanlands verður ekki til nauðsynlegur grundvöllur fyrir eðlilegri þátttöku okkar í samfélagi þjóða“, skrifar Karl Pétur Jónsson.

Í DAG 22

### Í þremur störfum



Það er heldur betur nóg að gera hjá Degi Sigurðssyni, fyrrum landsliðsmanni í handbolta.

ÍÞRÓTTIR 42

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA** Í dag verða suðvestan 5-13 m/s, hægastur á Austurlandi. Bjart lengst af eystra, annars skúrir eða él. Vaxandi úrkoma, rigning eða slydda sunnan til með kvöldinu. Hiti 0-6 stig.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 97% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2008 - janúar 2009.


# Niðurskurður verði allt að 56 milljarðar

**Skera þarf niður allt að tíunda hluta útgjalda ríkisins vegna gríðarlegs halla á ríkissjóði. Ríkið gæti þurft að hætta að veita þjónustu sem þykir sjálfsögð segir sérfræðingur. Heildarútgjöld ríkisins hafa aukist um 43 prósent frá árinu 2003.**

**EFNAHAGSMÁL** Skera þarf niður allt að tíu prósent af heildarútgjöldum ríkisins til að ná niður gríðarlegum halla á rekstri ríkissjóðs, segir Tryggvi Þór Herbertsson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík. Það eru um 56 milljarðar króna.

Útgjöld ríkisins umfram tekjur verða um 153 milljarðar króna. Ekki er nauðsynlegt að skera svo mikið niður, enda slíkt í raun óvinnandi verk, segir Tryggvi.

Það er afar óvinsælt að nefna hvar eigi að skera og hvar eigi að hlífa, en slík umræða er engu síður afar mikilvæg nú, segir Vilhjálmur Þorsteinsson, hugbúnaðarhönnuður og stjórnarformaður tölvufyrirtækisins CCP.

Einn þeirra sérfræðinga sem Fréttablaðið ræddi við í gær sagði augljóst í þeirri stöðu sem upp er komin að ríkið gæti þurft að hætta að veita þjónustu sem í dag þyki sjálfsögð til að bregðast við gríðarlegum tekjusamdrætti.

Útgjöld ríkisins hafa hækkað mikið á undanförnum árum. Fjárlög ársins 2003 voru um 260 milljarðar króna. Uppreiknað á verðlag ársins 2009 eru það um 387,6 milljarðar. Útgjöld ríkisins árið 2009 eru áætluð um 556 milljarðar, sem er um 43 prósent aukning.

Sérfræðingar virðast sammála um að skattahækkanir séu ekki vænleg leið fyrir stjórnvöld til að takast á við halla á fjárlögum. Hluti vandans mun leysast takist stjórnvöldum að standa vörð um fyrirtækin og heimilin í landinu, þannig að þau skili auknum skatttekjum í ríkissjóð á komandi árum.

- bj / sjá síðu 12



**BJARTASTA VONIN** Ungmennin í rokksveitinni Agent Fresco tróðu upp á Íslensku tónlistarverðlaununum í gærkvöldi við mikinn fögnuð áhorfenda og tóku í kjölfarið við verðlaunum sem bjartasta vonin í íslenskri tónlistarlífi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í gærkvöldi:

# Sigur Rós með tvenn verðlaun

**TÓNLIST** Hljómsveitin Sigur Rós hlaut tvenn verðlaun þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í fimmtánda sinn í gærkvöldi. Meðlimir sveitarinnar voru verðlaunaðir sem höfundur ársins auk þess sem plata Sigur Rósar, Með suð í eyrum við spilum endalaust, var valin besta platan í flokki popp- og rokktónlistar.

„Við kunnum alveg að tala. Það er bara svolítið erfitt fyrir framan svona marga. Þannig að við segjum eiginlega alltaf bara takk,“ sagði Georg Hólm, bassaleikari sveitarinnar, eftir að liðsmenn hennar tóku á móti öðrum verðlaunum sínum í gærkvöldi.

Hið vinsæla Þú komst við hjartað í mér eftir Togga og Pál Óskar var valið lag ársins, Emilíana Torrini var valin rödd ársins og hljómsveitin Agent Fresco var verðlaunuð sem bjartasta vonin.

Anna Guðný Guðmundsdóttir var valin flytjandi ársins, Ómar Guðjónsson átti djassplötu ársins og Jóhann Jóhannsson átti plötu ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Þá var ORA eftir Áskel Másson valið tónverk ársins.

- hdm / sjá síðu 38

Álit AGS um Seðlabankann:

## Átök byggð á misskilningi

**STJÓRNMÁL** Poul Thomsen, fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi, sendi Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, tölvupóst á mánudagskvöld þar sem hann tekur af allan vafa um það að stjórnvöld voru beðin um að birta ekki bráðabirgðaathugasemdir AGS við frumvarp um Seðlabanka Íslands. Fyrr um daginn fullyrti Geir í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi að farið hefði verið með rangt mál þegar Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði að AGS hefði beðið stjórnvöld um að birta ekki bráðabirgðaumsögn sjóðsins.



GEIR H. HAARDE

Geir segir málflutning sinn hafa byggst á misskilningi en enn sé málið óuppgert. Upplýsingum úr fyrra áliti AGS sé enn haldið leyndum fyrir þjóðinni.

- shá / sjá síðu 4

Ríkisskattstjóri um launamun:

## Sagði útreikninga óþægilega nálægt pólitík

**STJÓRNSÝSLA** Embætti ríkisskattstjóra bar við pólitískum ástæðum í fyrra þegar það færðist undan að reiða fram upplýsingar um þróun tekjuskiptingar á Íslandi. Þetta kemur fram í grein Þorvaldar Gylfasonar í Fréttablaðinu í dag.

Einn algengasti mælikvarði á tekjuskiptingu er svokallaður Gini-stuðull. Þorvaldur skrifaði ríkisskattstjóra bréf í apríl í fyrra þar sem hann óskaði eftir að útreikningar embættisins á Gini-stuðli á Íslandi frá 1993 til 2005 yrðu birtir á vef embættisins. Þorvaldi barst svar á þá leið að þó svo að hvorki mat né túlkun fælist í útreikningi á Gini-stuðli, fælist hann öðlast „ákveðið pólitískt vægi í umræðunni“.

- bs / sjá síðu 22.

Formenn skoða kosningalög:

## Ekki einhugur um breytingar

**STJÓRNMÁL** Formenn stjórnmálaflokkanna eru ekki einhuga um hvort hægt sé að breyta kosningalögum fyrir komandi þingkosningar. Þeir funduðu um málið í gærkvöldi, að því er sagði í sjónvarpsfréttum í gærkvöldi.

Ríkisstjórnin hefur kynnt frumvarp sitt um breytingar á kosningalögum fyrir þingflokkum allra flokka á Alþingi. Í frumvarpinu er kveðið á um aukna möguleika kjósenda til að hafa áhrif á röðun frambjóðenda á lista. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir ríkisstjórnina enn stefna á því að ná fram breytingum fyrir kosningar.

- sh

**SPURNING DAGSINS**



*Ólafur, var þetta ekki bara hóflegt hjá Óskari?*

„Þetta hóf fór fram úr hófi eins og öll framsóknarvæðing."

Ólafur F. Magnússon, fyrrverandi borgarstjóri, gagnrýndi Óskar Bergsson, formann borgarráðs, harðlega á síðasta fundi borgarstjórnar, fyrir hóf sem Óskar hélt framsóknarmönnum á kostnað borgarinnar.

Fólk sækir í fiskvinnslustörf hvort sem er vestur á fjörðum eða í Eyjum:

# Landinn sækir aftur í fiskinn

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það má segja að þetta sé farið að minna mann á verbúðartímann þegar bændasynirnir og annað fólk komu ofan af landi til að vinna í fiski," segir Þór Vilhjálmsson, starfsmannastjóri hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. Mikið hefur verið hringt þangað síðustu misserin og spurst fyrir um vinnu.

„Það eru ekki nema tvö, þrjú ár síðan að það gat verið erfitt að manna bátana en það hefur nú heldur betur breyst," segir hann en ríghaldið er í hvert pláss núna og vel mannað í vinnslunni.

Albert Már Eggertsson, eigandi Perlufisks í Vesturbyggð, segir að einnig sé mikið spurst fyrir um laus störf fyrir vestan. „Það er nú ekkert skrýtið miðað við það hvernig ástandið er, sem betur fer vill fólk frekar vinna en að sitja og klóra sér," segir hann.

Þór segir að það eina sem vanti núna til að allt verði eins og þegar best lét í útgerðinni sé loðnan. „Annars var ég að tala við Línu áðan og hún segir að þetta sé ekki búið með loðnuna," segir hann. Þess má geta að umrædd Sigurlína Árnadóttir er berdreymin mjög og reyndist sannspá í fyrra þegar hana dreymdi fyrir því að rætast myndi úr loðnuvertíð þó svo að sjávarútvegsráðherra hefði blásið hana af á tímabili. **- jse**



**DREYMDI FYRIR LOÐNUVERTÍÐ** Þór veitti Sigurlínu verðlaun, fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar, í fyrra þegar rættist úr loðnuvertíðinni rétt eins og draumar hennar höfðu sagt til um. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Stíft fundað í viðskiptanefnd:

## Tvífundað um Seðlabankann

**STJÓRNMÁL** Viðskiptanefnd Alþingis kom saman tvisvar í gær til að ræða frumvarp um breytingar á yfirstjórn Seðlabankans, fyrst í gærmorgun og aftur í gærkvöldi. Til umræðu á báðum fundunum voru fyrirhugaðar breytingar á frumvarpinu áður en það verður afgreitt úr nefndinni til annarrar umræðu.

Meðal breytinganna sem rætt er um er að víkka út hæfniskröfur sem gerðar verða til seðlabankastjóra, en sú breyting er nær örugg, og að skipa aðstoðarbankastjóra. Ekki verður þó fallið frá þeirri fyrirætlan að hafa seðlabankastjóra aðeins einn. **- sh**

Gunnar Svavarsson:

## Hættir á þingi

**STJÓRNMÁL Gunnar Svavarsson, þingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, ætlar ekki að gefa kost á sér til endurkjörs í komandi alþingiskosningum.**



GUNNAR SVAVARSSON

**Hann telur að skapa þurfi svigrúm til endurnýjunar í efstu sætum lista flokksins eins og þjóðin hafi kallað eftir.**

**Gunnar settist fyrst á þing eftir síðustu þingkosningar og hefur því setið á þingi í tæp tvö ár. Hann skipaði efsta sæti lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Hann hefur síðan gegnt starfi formanns fjárlaganefndar Alþingis.** **- sh**

Krónan gæti kætt AGS:

## Krónan ekki sterkari á árinu

**VIÐSKIPTI** Gengi krónunnar stóð óbreytt í 191 stigi í gær en krónan hefur ekki verið sterkari gagnvart erlendum gjaldmiðlum frá bankahruninu í október í fyrra.

Greiningardeild Glitnis bendir á að krónan hafi styrkst um ellefu prósent í janúar og sé ljóst að áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) að ná stöðugleika á krónuna og styrkja hana hafi hrokkið í gírinn eftir brösuglega byrjun í desember. Það geti kætt sendinefnd AGS sem ræðst á næstu dögum í fyrstu endurskoðun á efnahagsáætlun sjóðsins og íslenskra stjórnvalda.

Bandaríkjadalurinn kostaði 144 krónur og evra 143 krónur í gær. Þá stóð breska pundið í 162,3 krónum og sú danska í 19,2 krónum. **- jab**

# Hvalveiðar í sumar en framhaldið óljóst

**Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að reglugerð um hvalveiðar standi fyrir yfirstandandi ár. Málsmeðferð forvera hans er gagnrýnd. Framtíð og forsendur hvalveiða verða endurmetnar og lög um hvalveiðar verða endurskoðuð í vetur.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að reglugerð forvera hans um hvalveiðar standi og veiðar verði heimilaðar á yfirstandandi fiskveiðiári. Framtíð veiðanna er hins vegar háð gagngerðu endurmati stjórnvalda á forsendum veiðanna. Lögfræðingur, sem fenginn var til að meta lagalega stöðu málsins, gagnrýnir málsmeðferð fyrrverandi ráðherra. Skilgreind verða veiðisvæði til hrefnuveiða og griðlönd til hvalaskoðunar.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur tók af allan vafa um það á blaðamannafundi í gær að þrátt fyrir að hvalveiðar verði leyfðar í sumar eins og reglugerð forvera hans gerir ráð fyrir þá geti hvalveiðimenn ekki gengið út frá því að veiðar verði leyfðar til næstu fjögurra ára, eins og áætlað var. Ekki duldist neinum sem á fundinum var að Steingrími mislíkaði niðurstaðan og vísaði ábyrgðinni á komandi veiðum til Einars K. Aðspurður sagðist hann gera skýran greinarmun á veiðum á langreyði og strandveiðum á hrefnu fyrir innanlandsmarkað. Hann sagði sína skoðun hins vegar vera aukaatriði en „það er ekkert launungarmál að ég hef efasemdir um að það þjóni heildarhagsmunum Íslands best að hefja atvinnuhvalveiðar í stórum stíl, til útflutnings".



**HVALUR 9** Tvö skip munu veiða 150 langreyðar í sumar. Hrefnuveiðimenn hyggja á uppbyggingu á Akranesi fyrir sína útgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórnvöld fengu Ástráð Haraldsson hæstaréttarlögmann til að meta lagalega stöðu ákvörðunar fyrrverandi sjávarútvegsráðherra sem gaf út reglugerð um veiðar á 150 langreyðum og 100 hrefnum 27. janúar síðastliðinn. Niðurstaða Ástráðs var að ríkið sé bundið af ákvörðun Einars en málsmeðferðin sé gagnrýnisverð. Steingrímur segir lagagrundvöll hvalveiða almennt veikan og stjórnvöld hyggi á allsherjar úttekt á grundvelli veiðanna og endurskoðun laga um hvalveiðar í vetur. „Ákvarðanir um framhald veiðanna verða teknar á nýjum forsendum, nýjum lagagrunni og að undangenginni miklu víðtækari greiningu á hagsmunum þjóðarbúsins þegar á næsta ári," sagði Steingrímur.

Hafrannsóknastofnun hefur verið falið að skilgreina veiðisvæði hrefnu og sérstök griðlönd hvala sem ætluð er til hvalaskoðunar. Með þessu er þess freistað að koma í veg fyrir árekstra á milli veiðimanna og hvalaskoðunarfyrirtækja.

Sjávarútvegsráðuneytið hyggst jafnframt grafast fyrir um það hvort hvalveiðimenn hafi sannarlega öll tilskilin leyfi sem starfsemi þeirra þarfnast og sérstaklega verði þess gætt að eyðing úrgangs sé samkvæmt reglum um umhverfismál. **svavar@frettabladid.is**

Einar K. Guðfinnsson:

## Veiðar komnar til að vera

**SJÁVARÚTVEGSMÁL „Ég fagna þessari niðurstöðu sjávarútvegsráðherra og hún byggist auðvitað á þeim efnislegu forsendum sem lágu til grundvallar minni ákvörðun. Vitaskuld hlýtur hún líka að vera stutt þeirri vitneskju að fyrir liggur meirihlutavilji þingsins um að þessum veiðum verði haldið áfram," segir Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, um ákvörðun eftirmanns síns um að hvalveiðar hefjist í sumar.**

**Hann hefur engar áhyggjur af því að frekari hvalveiðar verði stöðvaðar eftir vertíðina í ár. „Ég fagna jafnframt endurskoðun laga um hvalveiðar; sú vinna var hafin undir minni forystu."** **- shá**

Sýra myndaðist í gámi:

## Viðbúnaður vegna eitrunar

**LÖGREGLUMÁL** Slökkviliðið á Suðurnesjum hafði mikinn viðbúnað í gær vegna eiturefnaleka í gámi í Grindavík. Talið er að eiturgufur hafi myndast þegar vatn komst að óþekktu efni innst í gámnum. Aðgerðir vegna lekans stóðu frá hádegi og langt fram eftir degi. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sendi slökkvibíl og gámabíl með eiturefnabúnað á staðinn.

Um tvo tonn af efninu voru í gámnum, en ekki liggur fyrir hvaða efni það er. **- sh**

**SLYS**

### Átján bjargað úr sjónum

Mannbjörg varð í Norðursjó þegar Super Puma-þyrla með 18 manns innanborðs hrapaði í sjóinn við Bretlandsstrendur í gærkvöldi. Mönnunum var bjargað úr björgunarbátum og komust þeir allir frá atvikinu án teljandi meiðsla. Fjölmargir bátar og þyrlur komu að björguninni.






Hvorki stjórn né hluthafafundur komu nálægt 11 milljarða kaupum í Straumi:

# Tekist á um kaup í Straumi

**DÓMSMÁL** Ákvörðun um að selja 550 milljón hluti í Straumi-Burðarási til erlends fjárfestis fyrir á ellefta milljarð króna var aðeins tekin af forstjóra Straums. Salan var hvorki rædd í stjórn félagsins né á hluthafafundi. Þetta kom fram við aðalmeðferð skaðabótamáls Vilhjálms Bjarnasonar og dætra hans á hendur stjórn Straums í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Vilhjálmur og dætur hans krefja stjórn félagsins um ríflega þrjátíu þúsund krónur í skaðabætur, vegna þess að þeim hafi verið mismunað sem hluthöfum í Straumi, þegar ákveðið var að selja hlutina á því sem Vilhjálmur kallar undirverð.

Tekist var á um það fyrir dómi hvort kaupverðið, 18,6 krónur á hlut, væri undirverð eða ekki. Það væri litlu lægra en meðalkaupverð á bréfum í félaginu daginn áður, en síðar sama dag og kaupin gengu í gegn hafi verðið hins vegar risið töluvert.

Þá er einnig ágreiningur um það hvort Vilhjálmur og dætur hans séu réttir aðilar að málinu. Lögmaður stjórnarmanna í Straumi fullyrðir að stakir hluthafar geti ekki höfðað mál vegna meints tjóns af þessum toga, heldur verði félagið sjálft að vera stefnandi, enda sé það félagið sem verður þá fyrir tjóni. Þar fyrir utan hafi viðskiptin verið afar hagfelld. **- sh**



**FORSTJÓRINN OG DÓMTÚLKUR** William Fall, forstjóri Straums, kom fyrir dóminn og sagði viðskiptin öll með eðlilegu móti. Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums, mætti ekki. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

# Í sviðsljósinu! - Chiro heilsurúm




## Nú á 30% afslætti

Dæmi: 160x200 cm
Verð áður kr. 240.900,-
**Nú aðeins kr. 168.630,-**

Dæmi: 180x200 cm
Verð áður kr. 274.800,-
**Nú aðeins kr. 192.360,-**




### Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr fm. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

### Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

### Styður við bakið á þér

- Þægilegur svefn.
- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Lagar sig að hálsi, öxlum og mjóhrygg.
- Veitir slökun.
- Stuðningur við bak.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18  Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

## GENGIÐ 18.02.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,92 | 114,46 |
| Sterlingspund | 161,42 | 162,20 |
| Evra | 143,23 | 144,03 |
| Dönsk króna | 19,222 | 19,334 |
| Norsk króna | 16,185 | 16,281 |
| Sænsk króna | 12,870 | 12,946 |
| Japanskt jen | 1,2292 | 1,2364 |
| SDR | 167,85 | 168,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

177,5871

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## PRÓFKJÖR

### VINSTRI GRÆN



Steinunn Þóra Árnadóttir gefur kost á sér í 4. sæti í sameiginlegu forvali Vinstri grænna fyrir Reykjavíkurkjördæmin.

Jórunn Einarsdóttir býður sig fram í 2. sæti á lista Vinstri grænna í forvali í Suðurkjördæmi.



Álfheiður Ingadóttir gefur kost á sér í 1. til 2. sæti í forvali Vinstri grænna í Reykjavík.

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Ásbjörn Óttarsson sækist eftir 1. til 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi.



Sigríður Á. Andersen sækist eftir einu af efstu sætunum í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Eydís Aðalbjörnsdóttir býður sig fram í 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi.

### SAMFYLKING



Björgvin G. Sigurðsson gefur kost á sér í 1. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.

Jónína Rós Guðmundsdóttir býður sig fram í 1. til 2. sæti á lista Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi.

Móttaka framsóknarmanna í Ráðhúsinu kostaði tæpar 90 þúsund krónur:

# 26 milljónir í móttökur í fyrra

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg eyddi 26 milljónum í móttökur á árinu 2008. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve margar móttökur voru haldnar á því ári. Frá 21. ágúst í fyrra til 5. febrúar í ár voru hins vegar haldnar 35 móttökur á vegum borgarinnar; ýmist í Ráðhúsinu eða í Höfða.

Móttaka sem Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, hélt kollegum sínum í Framsóknarflokknum 14. nóvember kostaði 87 þúsund krónur. Ólafur F. Magnússon, fyrrum borgarstjóri, hefur gagnrýnt móttökuna, sagt hana dæmi um spillingu og krafist afsagnar Óskars.

Sem dæmi um móttökur hjá borginni má nefna að um 400 gestir voru í móttöku vegna ADHD-ráðstefnu. Þá komu um 200 gestir í salinn vegna fornbílaralls og um 250 vegna ferðaráðstefnu. Þá var 25 gestum boðið í Ráðhúsið í nóvember vegna móttöku fyrir Oddfellowstúkuna Hallveigu.

Ársuppgjöri fyrir árið 2008 er ekki að fullu lokið þannig að mögulega var kostnaður meiri en 26 milljónir. Innifalið í kostnaði eru laun, veitingar, blóm og annað sem til fellur. **- kóp**



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Reykjavíkurborg eyddi að minnsta kosti 26 milljónum króna í móttökur á árinu 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hugar að þingframboði á ný:

## Jón til liðs við Sjálfstæðisflokk

**STJÓRNMÁL** Þingmaðurinn Jón Magnússon er genginn til liðs við Sjálfstæðisflokkinn og hefur tekið sæti í þingflokki hans. Þetta var tilkynnt á þingflokksfundi flokksins í gær.

Jón var á sínum tíma virkur í Sjálfstæðisflokknum, gekk síðan til liðs við Nýtt afl og síðan í Frjálslynda flokkinn. Hann sagði sig úr Frjálslynda flokknum fyrir skemmstu.

Jón segist ekki vera búinn að taka endanlega ákvörðun um hvort hann hyggst bjóða sig fram til þings fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Margir hafi skorað á hann og málið skýrist á næstu dögum. **- sh**

# Átök um frumvarp byggð á misskilningi

**Geir H. Haarde fékk tölvupóst frá AGS um að átök um frumvarp um Seðlabankann væru byggð á misskilningi. Geir íhugaði að segja frá bréfinu en vildi ekki koma fulltrúa sjóðsins í vanda. Hann segir málið enn óuppgert.**

**STJÓRNMÁL** „Þetta var óskýrt af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en ég hafði rétt fyrir mér eins langt og það náði. Ég skildi póstinn eins og hann kom til mín. Nú er komið fram að hann var ekki nægilega skýr og það dugar mér,“ segir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, um tölvupóst sem Poul Thomsen, formaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) fyrir Ísland, sendi honum á mánudagskvöld. Þar tekur Thomsen af allan vafa um það að stjórnvöld voru beðin um að birta ekki bráðabirgðaathugasemdir AGS við frumvarp um Seðlabanka Íslands.

Fyrr um daginn fullyrti Geir í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi að farið hafi verið með rangt mál, þegar Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði að AGS hefði beðið stjórnvöld um að birta ekki bráðabirgðaumsögn sjóðsins.

Í tölvupóstinum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segist Thomsen hafa heyrt að fyrri tölvupóstssamskipti þeirra Geirs um málið hefðu valdið misskilningi. „Við sendum bráðabirgðaumsögn til að flýta vinnu við lagasetninguna,“ segir Thomsen í tölvupóstinum til Geirs. „Ég hefði átt að taka það sérstaklega fram að ég átti við lokaumsögnina; við báðum ríkisstjórnina um að birta ekki bráðabirgðaumsögnina. Ég vona að þetta skýri málið,“ segir Thomsen í niðurlagi tölvupóstsins.

Spurður um orðaskipti sín og forsætisráðherra á þinginu á mánudag segir Geir að til greina hafi komið að segja frá því að Thomsen hafi sent fyrrnefndan tölvupóst, þar sem útskýrt er hvernig í málum lá. „En Thomsen er maður sem ég ætla mér að vinna með, þótt ég sé kominn í annað hlutverk. Ég ætlaði ekki að gera honum lífið erfiðara en efni standa til. Þetta eru mistök og hann segir það sjálfur að þetta hafi ekki verið nægilega skýrt.“ Geir telur ekki að hann hafi látið of þung orð falla þegar hann sagði Jóhönnu hafa sagt ósatt. „Hún og aðrir sem sitja í ríkisstjórninni hafa látið þyngri orð falla og það stendur ekki upp á mig að biðjast afsökunar. Það er alveg af og frá.“



**JÓHANNA OG GEIR** Formaður sendinefnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sendi fyrrverandi forsætisráðherra bréf þar sem hann tók af allan vafa um að stjórnvöld voru beðin um að birta ekki bráðabirgðaathugasemdir AGS við frumvarp um Seðlabankann.

Geir segir að burtséð frá þessum augljósa misskilningi hafi aðalatriði málsins ekki komið fram. „Í viðskiptanefnd þingsins, er mér tjáð, hefur komið fram að í þessu fyrra áliti sjóðsins standi að hæfiskröfurnar séu of þröngar. Álitið tók breytingum frá því það var sent sem bráðabirgðaálit og þar til það kom í endanlegri útgáfu, sem var birt. Þetta var veigamikil efnisbreyting sem ekki átti að leyna fólki,“ segir Geir sem hvetur stjórnvöld til að birta skjalið.

Jóhanna Sigurðardóttir ætlar ekki að tjá sig um málið.

svavar@frettabladid.is

Japanskur ráðherra:

## Kveðst saklaus en segir af sér

**JAPAN, AP Shoichi Nakagawa, fjármálaráðherra Japans, sagði skyndilega af sér vegna ásakana um að hann hefði verið ölvaður á blaðamannafundi á ráðstefnu sjö helstu iðnríkja heims, sem haldin var á Ítalíu um síðustu helgi.**

**Nakagawa segist þó ekki hafa verið drukkinn, heldur illa fyrirkallaður vegna kvefmeðals og flugþreytu.**

**Afsögnin þykir áfall fyrir Taro Aso forsætisráðherra, sem hefur aðeins verið í embætti í tæpa fjóra mánuði. Einnig er þetta áfall fyrir efnahagslíf Japans, sem stefnir inn í alvarlegt samdráttarskeið.** **- gb**

Fjármálaráðherra:

## Brúttóskuldir segja ekki allt

**EFNAHAGSMÁL** Sé allt lagt saman er brúttóskuldastaða landsins á þriðja þúsund milljarða, samkvæmt svartsýnustu spám, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Þetta segi þó ekki allt.

Með bjartsýnni spám um nettóskuldastöðu hins opinbera megi komast nálægt því sem Tryggvi Þór Herbertsson, fyrrverandi efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, hefur talað um, undir 500 milljörðum. Þetta kunni þó að vera of mikil bjartsýni, eins og fyrri talan, 2.200 milljarðar, beri of mikilli svartsýni vitni.

Nákvæmari tölur eigi að fást á næstunni. Unnið sé að úttekt á skuldum þjóðarbúsins. **- kóp**

### STJÓRNMÁL

**Helga Valfells aðstoðar Gylfa**

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra hefur ráðið Helgu Valfells sem aðstoðarmann sinn. Helga er með BA-gráðu í bókmenntum og hagfræði frá Harvard-háskóla og MBA frá London Business School.

Sjóðheitt sólarlottó!
Spilaðu með og láttu sólina leika við þig.
Kanarí
Verð frá:
72.900 kr.
25. febrúar - 4. mars. Vika m/v 2 saman í íbúð, stúdíó eða herbergi. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur, flugvallaskattar og íslensk fararstjórn.
Fyrstur kemur, fyrstur fær.
Nánari upplýsingar og bókanir á www.plusferdir.is
VISA MasterCard
plús FERÐIR
PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100
www.plusferdir.is

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**RYSJÓTT TÍÐARFAR**

Í dag má búast við skúrum eða éljum á landinu sunnan- og vestanverðu. Þegar líður á kvöldið kemur ný lægð í spilið með myndarlegt úrkomuloft og hlýindi. Í kvöld verður því komin nokkuð þétt rigning eða slydda á suðurhelmingi landsins með snjókomu á fjöllum. Á morgun verða él nyrðra og eystra en rigning syðra og á laugardag verður milt. Síðan frystir á sunnudag.



**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt

**LAUGARDAGUR**
Hvassviðri á annesjum nyrðra og syðra annars 5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Amsterdam | 7° |
| Basel | 2° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 9° |
| New York | 8° |
| Orlando | 22° |
| Osló | 5° |
| París | 10° |
| Róm | 9° |
| Stokkhólmur | -4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# BYGGJUM UPP MEÐ BETRI VERKFÆRUM

0% VEXTIR TIL 12 MÁNAÐA

NÚ SKRÚFUM VIÐ NIÐUR VERÐIN!

DEWALT



**HLEÐSLUBORVÉL**
94DC940KB
Hleðsluborvél 12V XRP-4 2*2,6Ah,48Nm
\+
AUKAPAKKI
**36.900 kr.**
eða 3.075 kr. á mán.*



**HLEÐSLUBORVÉL**
94DC988KB
18V 2*2,6Ah 13mm m/höggi XRP3 52Nm, þyngd 2,5kg
\+
AUKAPAKKI
**49.900 kr.**
eða 4.158 kr. á mán.*



**HLEÐSLUBORVÉL**
94DC721KB
Hleðsluborvél 18v 13mm,2*2,6Ah,44Nm
\+
AUKAPAKKI
**46.900 kr.**
eða 3.908 kr. á mán.*



**BOR OG BROTHAMAR**
94D25600K
accav18v13mm 2*2,6Ah,44Nm
\+
AUKAPAKKI
**94.900 kr.**
eða 7.908 kr. á mán.*

## AUKAPAKKI FYLGIR


ÖRYGGISGLERAUGU


ÖRYGGISHJÁLMUR


VINNUHANSKAR


Með sogbúnaði

**BORHAMAR SDS**
94D25305K
\+
AUKAPAKKI
6.000 kr.
inneign í SDS bora
**49.900 kr.**
eða 4.158 kr. á mán.*

ATH! 3 STK. Í BOÐI

VAXTALAUST TIL 12 MÁNAÐA SAMTALS 16.658 KR. Á MÁN.*



**LASER-SETT**
94DW079PKH
Lasersett m/öllu tilheyrandi, sjálfstillandi laser, 1*2,6Ah rafhlaða. 1klst hleðslutæki.
\+
FYLGIHLUTASETT FYLGIR FRÍTT MEÐ AÐ VERÐMÆTI 24.900 kr.
**199.900 kr.**

VAXTALAUST TIL 12 MÁNAÐA SAMTALS 7.908 KR. Á MÁN.*



**BORÐSÖG + BORÐ**
94DW745 + 94DE7450
Borðsög 1700W 250*30mm 22kg,3800 rpm ristir 41cm
\+
FYLGIHLUTASETT FYLGIR FRÍTT MEÐ AÐ VERÐMÆTI 24.900 kr.
**94.900 kr.**



**KÍTTISBYSSA**
94DC540K
1*2,6Ah, 12V, F/310ml túpur
\+
LJÓSAHUNDUR
**34.900 kr.**
eða 2.908 kr. á mán.*

VAXTALAUST TIL 12 MÁNAÐA SAMTALS 7.075 KR. Á MÁN.*



**SLEÐASÖG**
94DWS520KR
1300W, sleði fylgir 1,5m
Max dýpt við 90° 59mm
Blað 165mm
\+
FYLGIHLUTASETT FYLGIR FRÍTT MEÐ AÐ VERÐMÆTI 24.900 kr.
**84.900 kr.**

VAXTALAUST TIL 12 MÁNAÐA SAMTALS 15.825 KR. Á MÁN.*



**GEIRUNGSSÖG + VINNUBORÐ**
94DW718 + 94DE7023
Borðsög 1700W 250*30mm 22kg,3800 rpm ristir 41cm
\+
FYLGIHLUTASETT FYLGIR FRÍTT MEÐ AÐ VERÐMÆTI 24.900 kr.
**189.900 kr.**

DEWALT

## PAKKATILBOÐ

Þú kaupir 200 skífur og færð frían DeWalt 1100W slípirokk með í kaupbæti

ÞÚ KAUPIR 200 SKÍFUR



=



FRÍR MEÐ!

# SINDRI

*Vaxtalausar greiðslur bera færslugjöld, 160 kr. á mánuði.

Tilboð gilda út febrúar eða á meðan birgðir endast. Öll verð eru með vsk.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

BYGGINGADEILD | VERSLANIR | VÉLADEILD | ÞJÓNUSTUDEILD

www.sindri.is  sindri@sindri.is  Bæjarhraun 12 Hafnarfirði  Viðarhöfða 6 Reykjavík  Sími: 575 0000

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú áhyggjur af loðnu-skorti á miðunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 66% |
| Nei | 34% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Var rétt af Steingrími J. Sigfús-syni að hætta ekki við að leyfa hvalveiðar?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Maður um tvítugt dæmdur fyrir fíkniefnamál og líkamsárásir:

# Fíkniefnasali í 15 mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Maður um tvítugt hefur verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir tvær alvarlegar líkamsárásir, fíkniefnasölu, vörslu fíkniefna, vopnalagabrot og umferðarlagabrot.

Maðurinn réðist á konu í miðborg Reykjavíkur árið 2007. Hann útskýrði árásina þannig að hann hefði haldið að konan ætlaði að ráðast á þáverandi unnustu sína. Maðurinn sló í andlit konunnar, sparkaði í síðu hennar og brjóstkassa með þeim afleiðingum að bringubein brotnaði.

Þá réðist maðurinn á annan mann að tilefnislausu inni í verslun í Reykjavík á síðasta ári. Hann sparkaði í klof hans þannig að úr honum blæddi. Afleiðingar árásarinnar voru þær að þvagrás fórnarlambsins klemmdist og rofnaði.

Af upptökum símtala sem spilaðar voru í dómsal mátti ráða að maðurinn hafi verið stórtækur fíkniefnasali.

Maðurinn var, auk ofangreindrar refsingar, sviptur ökurétti ævilangt. Um 300 þúsund krónur í peningum, skotvopn og fíkniefni voru gerð upptæk, þar á meðal 385 grömm af kókaíni. Loks var honum gert að greiða konunni, sem hann réðist á, 324 þúsund krónur í miskabætur. - jss



**KÓKAÍN** Tæp 400 grömm af kókaíni voru gerð upptæk hjá manninum.

Stríðið í Afganistan:

# Dauðsföllum fjölgaði í fyrra

**AFGANISTAN, AP** Sameinuðu þjóðirnar segja að dauðsföllum almennra borgara í stríðsátökum í Afganistan hafi fjölgað um 40 prósent á síðasta ári, þegar átökin kostuðu 2.118 manns lífið.

Aldrei áður hafa jafn margir almennir borgarar fallið á einu ári.

Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna, sem birt var á þriðjudag, segir að talibanar og aðrir uppreisnarmenn beri ábyrgð á 55 prósentum þessara dauðsfalla. Hermenn frá Bandaríkjunum, Atlantshafsbandalaginu og Afganistan hafi hins vegar orðið 928 almennum borgurum að bana. - gb


Thermalrúllur

8x8cm, 5stk í pakka.

199 kr stykkið



Fyrirtækjaþjónusta

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Office1 Superstore

Tilboðið gildir út febrúar 2009


# Greining Seðlabanka kemur ekki í vikunni

**Forsætisráðherra býst við fyrstu niðurstöðum úr viðamikilli rannsókn á fjárhag landsmanna fyrir helgi, en þær koma ekki þá. Persónuvernd afgreiddi beiðni um hana á fáeinum dögum. Seðlabankinn hafði þá verið í mánuð að verki.**

**EFNAHAGSMÁL** Innan Seðlabankans er vonast til að fyrstu niðurstöður úr viðamikilli greiningu á efnahagsstöðu allra Íslendinga verði hægt að senda til ríkisstjórnar í næstu viku.

Fjármálaráðherra hefur sagt að gagnanna sé beðið með óþreyju, og í forsætisráðuneyti er þeirra vænst fyrir helgi, enda séu þær undirstaða þess að hægt sé að vinna skynsamlega áætlun um efnahag heimilanna.

Um er að ræða grundvallarupplýsingar frá flestum fjármálastofnunum landsins um eigna- og skuldastöðu heimilanna, greiðslubyrði og aukningu hennar í kreppunni.

Í minnisblaði Seðlabanka frá 18. desember er rætt um að bráðabirgðaniðurstöður verði tilbúnar um miðjan febrúar eða fyrr. Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur bankans, sagði svo hér í blaðinu 14. febrúar að vinnan hefði tafist um nokkrar vikur og vísaði til þess að ákveðið hefði verið að afla leyfa hjá Persónuvernd og fylgja skilyrðum hennar. Þetta var gert samkvæmt beiðni fjármálafyrirtækja frá 12. janúar, segir Þorvarður Tjörvi Ólafsson, sem fer fyrir starfshópnum sem meta á upplýsingarnar í Seðlabankanum.

„Það var engin seinkun hér,“ segir Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar. Í tilkynningu frá stofnuninni kemur fram að Seðlabanki sótti um leyfið 21. janúar og síðasta umsókn frá fjármálastofnun vegna verkefnisins barst föstudaginn 6. febrúar. Leyfið var síðan veitt mánudaginn 9. febrúar.

Spurður um tafirnar segir Arnór Sighvatsson að talsverð umræða hafi farið í það í upphafi að ákveða hvaða leiðir ætti að fara. Ekki hafi verið sjálfgefið að leita til Persónuverndar. Einnig hafi undirbúningur í bönkunum tekið sinn tíma. „Þetta er ekki einfalt mál og er talsvert mikil vinna í bönkunum […] og hér innanhúss, sem ekki er gott að sjá fyrir hversu langan tíma tekur,“ segir hann. Þorvarður Tjörvi segir að gagnaöflunin hafi tafist um minnst þrjár vikur af ýmsum ástæðum. Bráðabirgðaniðurstöður verði sendar út jafnóðum. Vonandi fari þær fyrstu til ríkisstjórnar í næstu viku.

klemens@frettabladid.is



**ARNÓR SIGHVATSSON**



**SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR**



**ÞORVARÐUR TJÖRVI ÓLAFSSON**

## FUNDAR MEÐ STEINGRÍMI

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo, sem heldur meðal annars utan um vanskilaskrá, hefur lýst yfir miklum áhyggjum af tímafreku ferli greiningar Seðlabankans hér í blaðinu. Hún telur að hægt væri að fá sambærilegar tölur með mun minni tilkostnaði.

Rakel bað á mánudag um viðtal við fjármálaráðherra vegna þessa og segist hafa fengið afar kurteislegt og jákvætt svar.

## GEISLADISKARNIR BROTNIR Í SUNDUR

Til stóð að senda upplýsingarnar yfir netið og í miðlara hjá Decode, en Persónuvernd taldi sig kunna öruggari og ódýrari leið. Eftir sem áður er notast við dulkóðun Decode.

Gagnavinnsla persónuupplýsinga fer fram undir eftirliti tilsjónarmanns Persónuverndar, en Seðlabankinn greiðir kostnað vegna hans.

Fjármálastofnanir skrá persónuupplýsingarnar á geisladiska og afhenda þá Seðlabankanum.

Bankinn leggur til fartölvu sem uppfyllir kröfur tilsjónarmanns.

Vinnsla persónugreinanlegra upplýsinga fer fram í þessari tölvu og þar skal dulkóða kennitölur.

Þegar upplýsingarnar eru komnar í fartölvuna eru upprunalegu geisladiskarnir brotnir.

Seðlabankinn fær svo dulkóðaðar upplýsingar úr tölvunni á öðrum geisladiskum.

Þegar verkefninu lýkur verður hörðum diski fartölvunnar fargað. Þannig eiga starfsmenn Seðlabankans ekki að geta tengt fjárhagsupplýsingar við einstaklinga.


UMSJÓNARMAÐUR SUMARHÚSA VM

Óskum eftir starfsmanni til að sjá um að reka **sumarhúsahverfi VM í landi Snorrastaða** 1,5 km. austan Laugarvatns sem eru 4 sumarbústaðir, 10 raðhúsaeiningar ásamt sundlaug og gufubaði og tvo bústaði á **Syðri-Reykjum**, tvo bústaði á **Kirkjubæjaklaustri** og einn bústað í **Hraunborgum**. Starfsmaður hefur skrifstofuaðstöðu á sumarhúsasvæðinu.

Starfsmaður þarf að geta svarað spurningum leigjenda í síma frá kl. 9 til kl. 22, alla daga vikunnar. Álagstími eru **páskar** og **vikur 23 til 35** yfir sumarið. Utan álagstíma sér starfsmaður um eftirlit með rekstri annarra orlofshúsa VM sem eru í **Lóni**, á **Egilstöðum**, **Illugastöðum**, **Akureyri**, **Svignaskarði**, **Ölfusborgum** og í **Reykjavík**. Starfsmaður sér um samræmingu á búnaði og innkaup á rekstrarvörum sumarhúsa.

Nánari upplýsingar veitir **Magnús Magnússon** framkvæmdastjóri VM í síma **575 9800**. Starfslýsingu má finna á heimasíðunni **www.vm.is**
Umsóknir ásamt ferilskrá þurfa að berast fyrir 28. febrúar nk. merkt
**VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna, Atvinnuumsókn, Stórhöfða 25, 110 Reykjavík** eða á **magnus@vm.is**

Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Örugg með okkur

VM ▸ Stórhöfða 25 ▸ 110 Reykjavík ▸ sími 575 9800 ▸ www.vm.is


Björn Bjarnason vegna misskilnings erlendra fjölmiðla á orðum forseta:

# Ráðuneyti stýri heimsóknum fjölmiðla

**ALÞINGI** „Nefndin mun ekki aðhafast frekar í þessu máli,“ segir Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, en nefndin fundaði um ummæli Ólafs Ragnars Grímssonar eins og þau birtust í þýskum fjölmiðlum nýverið. Árni segir að utanríkisráðuneytið og forsætisráðuneytið hafi sent áréttingar utan til þýskra fjölmiðla, og samkvæmt upplýsingum frá utanríkismálanefnd hafi ekki orðið sérstök eftirmál í Þýskalandi vegna fréttaflutningsins.

Björn Bjarnason, sem óskaði eftir að nefndin tæki málið fyrir, segir það einstaklega vandræðalegt fyrir forsetann. „Ég tel, að það sé hlutverk utanríkisráðuneytisins að koma í veg fyrir atvik af þessu tagi með því að stjórna heimsóknum erlendra fjölmiðlamanna á Bessastaði og eiga fulltrúa á staðnum,“ segir Björn í tölvupósti til Fréttablaðsins.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins í nefndinni fóru fram á það á fundinum að óskað yrði eftir upplýsingum frá forsetaembættinu og utanríkisráðuneytinu í tilefni greinar Eiðs Guðnasonar í Morgunblaðinu á mánudag, þar sem hann sagði forsetann hafa farið á svig við sannleikann þegar hann sagði frá hádegisverðarfundi með erlendum sendiherrum hér á landi. - ss



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Segist misskilinn af erlendum fjölmiðlamönnum, en sagðist nýlega ekki hyggjast taka upp á að lesa viðtöl yfir fyrir birtingu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


„...fyrst á visir.is“

vísir.is



...ég sá það á visir.is


Fríhafnardagar um helgina
TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 19.-22. febrúar afnemum við virðisaukaskatt af öllum snyrtivörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 22. febrúar 2009.
OPIÐ allan sólarhringinn í Skeifunni
24 Skeifan
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hvað heitir fráfarandi framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar?*

**2** *Hversu mikið hefur fjármagn til Umferðarstofu verið skorið niður?*

**3** *Hvaða dáta hefur félagsskapur í hávegum sem hittist á Kryddlegnum hjörtum síðar í mánuðinum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Réttarhöld yfir fangelsistjóra Rauðu kmeranna í Kambódíu:

# Fyrstu réttarhöldin eru hafin

**KAMBÓDÍA, AP** Fyrstu réttarhöldin vegna ógnarstjórnar Rauðu kmeranna í Kambódíu fyrir meira en þrjátíu árum hófust á mánudag.

Það er Kaing Guak Eav, jafnan kallaður Duch, sem fyrstur þarf að svara til saka. Hann er ákærður fyrir glæpi gegn mannkyninu, ásamt fjórum öðrum sakborningum sem síðar verða dregnir fyrir dómarann.

Dómstóllinn er í Kambódíu, en nýtur stuðnings frá Sameinuðu þjóðunum. Lengi hefur dregist að þessi réttarhöld hæfust. Sakborningurinn Duch var fangelsisstjóri í einu illræmdasta fangelsi sögunnar, nefnt S-21, og stóð í Pnohm Penh. Duch er sá eini af sakborningunum fimm sem hefur sýnt af sér iðrun, og baðst í gær fyrirgefningar.



**KAING GUAK EAV** Fyrrverandi fangelsisstjóri í einu illræmdasta fangelsi sögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann er sakaður um margvísleg glæpi, þar á meðal morð, pyntingar og nauðganir, í fangelsinu þar sem stjórn Rauðu kmeranna hélt föngum sínum og pyntaði þá grimmilega áður en þeir voru teknir af lífi.

„Þegar ég horfi á Duch núna þá virðist hann vera gamall og ljúfur maður. Það var allt öðru vísi fyrir þrjátíu árum,“ segir Vanh Nath, einn þeirra fáu sem lifðu af fangavist í S-21.

Duch fór í felur eftir fall Rauðu kmeranna árið 1979 og fannst ekki fyrr en tuttugu árum síðar. **- gb**

Þingmaður Vinstri grænna:

# Skýr afstaða gegn ESB

**ALÞINGI** „Stefna VG er skýr og afdráttarlaus. Við teljum að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan Evrópusambandsins og teljum að á grundvelli sjálfstæðrar stefnu sé hag okkar best borgið,“ sagði Jón Bjarnason, þingflokksformaður Vg, á Alþingi í gær.

Annan daginn í röð var nokkur umræða um afstöðu Vg og Sjálfstæðisflokks til aðildar að ESB. Framsóknarþingmenn hvöttu til að tímanum yrði frekar varið í að ákveða bráðaaðgerðir til að verja heimilin í landinu. „Evrópuumræðan er eitt af okkar brýnustu málum,“ sagði Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. **- ss**

HÁSKÓLA DAGURINN




**ÞETTA ER SNÚIÐ – ÞITT ER VALIÐ!**

HÁSKÓLADAGURINN 21. FEBRÚAR KL. 11.00–16.00

Í Ráðhúsi Reykjavíkur verður kynning á námi frá Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Bifröst, Háskólanum á Hólum, Háskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Á Háskólatorgi, Gimli og Odda verður kynning á námi við Háskóla Íslands. Í Norræna húsinu verður kynning á framhaldsnámi í Danmörku og Svíþjóð.

**Háskóladagurinn um allt land:**

Ísafjörður: Kynning í MÍ 3. mars
Akureyri: Kynning í VMA 11. mars
Egilsstaðir: Kynning í ME 12. mars

Kynntu þér möguleika framtíðarinnar á **www.haskoladagurinn.is**



**LÍFIÐ Á GASA** Palestínumenn biðja í rústum mosku sem Ísraelar eyðilögðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vilja gíslinn lausan fyrst

**Ísraelsstjórn er ekki til viðræðu um vopnahlé á Gasa nema samið verði um að hermaðurinn Shalit verði látinn laus úr gíslingu. Íbúar Gasa enn í einangrun.**

**PALESTÍNA, AP** Ísraelar settu í gær það skilyrði fyrir vopnahléi á Gasaströnd að Palestínumenn þar láti fyrst lausan ísraelska hermanninn Gilad Shalit, sem hefur verið haldið í gíslingu þar síðan í júní 2006.

Ísraelar hafa einnig krafist þess að vopnahléssamkomulag kveði á um að Palestínumenn á Gasa hætti að skjóta sprengjuflaugum yfir landamærin til Ísraels.

Hamas-samtökin vilja hins vegar að Ísraelar aflétti einangrun Gasasvæðisins og opni landamærastöðvar. Hamas vill semja sérstaklega um lausn ísraelska hermannsins, en krefst þess að fá hundruð Palestínumanna látna lausa úr fangelsum í Ísrael.

Efnahagsleg einangrun Gasasvæðisins torveldar mjög alla uppbyggingu á svæðinu, sem er afar illa farið eftir þriggja vikna linnulausar loftárásir Ísraelshers í byrjun ársins.

Ísraelsstjórn segir þó ekki um það að ræða fyrr en tryggt sé að Shalit verði látinn laus.

„Ég held varla að við þurfum að opna landamærastöðvarnar fyrr en mál Gilads Shalit hefur verið leyst,“ sagði Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels í gær að loknum fundi svonefndrar öryggisríkisstjórnar, sem er hópur þeirra ellefu ráðherra ríkisstjórnar landsins sem lætur öryggismál helst til sín taka.

Hamas segir að Ísraelar séu með þessu að grafa undan vopnahlésviðræðum sem Egyptar hafa haft milligöngu um.

Hosni Mubarak Egyptalandsforseti hafði á þriðjudag sagt að mál hermannsins Shalits ætti „ekki á nokkurn hátt að tengja við vopnahlésviðræðurnar“.

Bæði ísraelsk og egypsk stjórnvöld lokuðu landamærum Gasasvæðisins árið 2007 og síðan hefur sáralítlu af nauðsynjavörum og hjálpargögnum verið hleypt inn á svæðið. Þingnefnd frá Evrópuþinginu segist hafa orðið fyrir áfalli og fundið til vanmáttar eftir þriggja daga heimsókn á Gasasvæðið í lok síðustu viku. Eyðileggingin og mannfallið eftir árásirnar hafi verið skelfileg.

Í tilkynningu frá Louisa Morgantini, varaforseta þingsins, segir að nefndin hafi orðið vitni að vísvitandi manndrápum og eyðileggingarstarfi ísraelskra hermanna á nauðsynlegustu innviðum samfélagsins á Gasa, svo sem iðnaðarhverfum, skólum, sjúkrahúsum og heimilum fólks.

gudsteinn@frettabladid.is




# Húð um hávetur

**Þú kannast við það hvernig húðin verður þurr í kuldanum.** En þótt frostið sé hart getur þú haldið húðinni mjúkri. Við hjá Lyfju mælum með því að nota krem til að halda rakastigi húðarinnar í lagi. Komdu við í Lyfju og fáðu góð ráð fyrir þína húð.

+ Gildir til 26.2. 2009




~~4.279 kr.~~
**3.423 kr.** +

**NEOSTRATA** Ultra Moisturizing andlitskremið inniheldur vitamin B complex factor, ávaxtasýrur, PHA 10 og er auk þess án ilmefna.

~~898 kr.~~
**718 kr.** +

**DECUBAL** Clinic húðkremið er ætlað fyrir alla í fjölskyldunni.

~~1.427 kr.~~
**1.142 kr.** +

**DECUBAL** Recover húðkremið er sérstaklega ætlað fyrir þurra og viðkvæma húð.




~~1.295 kr.~~
**1.036 kr.** +

**LOCOBASE** er fjölskyldukrem fyrir þurra húð sem verndar og endurnýjar rakainnihald húðarinnar.




Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Spönginni - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík



**BETLAÐ Í KABÚL** Ekki er óalgeng sjón í Kabúl að sjá nokkrar búrkuklæddar konur úti á götu að betla. Þær hafa margar hverjar fáa aðra möguleika til að framfleyta sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rætt um almenn veðlán sem hluta af greiðsluaðlögun hjá allsherjarnefnd:

# Lífeyrissjóðirnir jákvæðir

**EFNAHAGSMÁL** Lífeyrissjóðirnir setja sig ekki á móti því að lán þeirra falli undir ákvæði um greiðsluaðlögun segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, en Hrafn fundaði með allsherjarnefnd í gær.

„Ég sé ekki fyrir mér að við getum sett þetta mál í gegn með þeim hætti sem lagt er upp með, þannig að veðskuldir séu ekki almennt hluti af greiðsluaðlögun,“ segir Árni Páll Árnason, formaður allsherjarnefndar. Hann segir að breytingar hljóti að verða gerðar á frumvarpinu áður en nefndin afgreiði málið.

Hrafn segir að skoða þurfi tvö atriði frekar. Annars vegar þurfi að vera skýrt ákvæði um hvernig fasteignamat fari fram. Þá þurfi að vera ljóst að ákvæði um að veðkröfur skuli ekki eingöngu ná til Íbúðalánasjóðs og fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins standist ákvæði stjórnarskrár um eignarrétt. „Því var lofað á fundinum að það yrði skoðað. Síðan er gert ráð fyrir að ákvæðið yrði endurskoðað fyrir lok næsta árs og við gerðum kröfu um að taka þátt í þeirri endurskoðun,“ segir Hrafn. - ss



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Formaður allsherjarnefndar vill að allar veðskuldir verði hluti af ákvæði um greiðsluaðlögun.

Höfuðborgarsvæðið:

# Kannabisræktun upprætt

**LÖGREGLUMÁL** Það er orðinn nánast daglegur viðburður að lögregla uppræti kannabisræktun. Lögreglan stöðvaði kannabisræktun í húsi í Hafnarfirði í fyrrakvöld. Við húsleit fundust allnokkrar kannabisplöntur. Einnig var lagt hald á gróðurhúsalampa.

Þá stöðvaði lögreglan kannabisræktun í húsi í Laugardalshverfinu í fyrradag. Við húsleit fundust fimmtán kannabisplöntur. Í framhaldinu var farið í húsleit á öðrum stað á höfuðborgarsvæðinu og þar fundust fíkniefni. Karlmaður á fertugsaldri var handtekinn vegna málsins. - jss








**FRÁLEITT AÐ MATI ÁKÆRÐA** Karl Georg Sigurbjörnsson hrl. hafnaði því að hafa blekkt fimm stofnfjáreigendur. Þeir seldu bréf í Sparisjóði Hafnarfjarðar á 25 milljónir hvert og þau voru síðan seld áfram á 45 milljónir hvert og þannig hafðar 200 milljónir af seljendunum. Fráleitt sagði Karl Georg fyrir héraðsdómi í gær. Hér sést hann ásamt verjanda sínum, Ragnari Hall. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lögmaður neitar sök í fjársvikamáli

**Lögmaður er ákærður fyrir að hafa blekkt fimm stofnfjáreigendur til að selja bréf á 25 milljónir hvert í stað 45 milljóna króna og haldið muninum.**

**DÓMSMÁL** Karl Georg Sigurbjörnsson lögmaður, sem ákærður er fyrir að hafa blekkt Sigurð Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðanda, til að selja tíu stofnfjárbréf í Sparisjóði Hafnarfjarðar, SPH, á 25 milljónir hvert í stað 45 milljóna, hafnaði sök fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hann sagði fráleitt að um fjársvik hefði verið að ræða þegar stofnfjárbréf í SPH voru keypt á 25 milljónir hvert og seld áfram á 45 milljónir.

Í ákærunni segir að Karl Georg hafi hagnýtt sér ranga hugmynd Sigurðar, sem annaðist sölu á stofnfjárbréfum fyrir sjálfan sig og fjóra aðra, um hámarksverð. Ákærði hafi greitt 25 milljónir fyrir bréfin og selt svo áfram á 45 milljónir. Hann hafi leynt muninum og þannig haft 200 milljónir af fimmmenningunum.

Karl Georg sagði að hann hefði sem lögmaður aðstoðað við stjórnarskipti SPH og í kjölfarið gengið frá viðskiptum með stofnfjárbréf í samræmi við samkomulag nýrrar stjórnar en ekkert haft með verðið að gera. Hann og Sigurður G. Guðjónsson hrl. hafi fengið lista yfir seljendur og gengið frá kaupum. Ingólfur Flygenring hafi látið vita af því haustið 2005 að Sigurður Þórðarson vildi selja og gengið hafi verið frá því í febrúar 2006.

Karl Georg sagði að fimmmenningarnir hefðu verið í minnihluta í SPH haustið 2005. Stefán Hilmarsson, stjórnarmaður í A. Holding í Lúxemborg, sem er í eigu Baugs, hafi sagt að allir ættu að sitja við sama borð. Karl Georg sagði að bréf fimmmenninganna hefðu verið verðlaus en samt verið keypt. Það hafi verið hálfgerður greiði við þá. Verðið hafi verið það sama og aðrir hafi fengið.

Í vitnaleiðslum kom fram að Karl Georg og Sigurður G. hafi fengið fé frá A. Holding inn á vörslureikning lögmannsstofu Karls Georgs til að geta greitt seljendum. Stofnfjárbréfin hafi síðan verið seld áfram á 45 milljónir hvert og reikningurinn síðan gerður upp og hagnaðurinn farið til A. Holding. Kom fram að fimmmenningarnir hafi þurft leyfi stjórnar fyrir sölunni og því ekki getað selt hverjum sem var.

Stefán sagði að strax hefði verið talað um 25 milljónir á bréf í samræmi við hugmyndir seljenda. Hann hafi sjálfur reiknað út 45 milljónir sem verðmiða í endursölu út frá bókfærðu eigin fé sjóðsins og upphæðin verið talin nálægt upplausnarvirði sjóðsins.

ghs@frettabladid.is



**SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR** Mikil styr stóð um söluna á Sparisjóði Hafnarfjarðar.


BSRB

**Ísland** og Evrópusambandið

OPINN FUNDUR UM EVRÓPUSAMBANDIÐ Á VEGUM BSRB

FÖSTUDAGINN 20. FEBRÚAR KL. 14 – 16 Í BSRB – HÚSINU GRETTISGÖTU 89

Á fundinum verður fjallað um stöðu smáríkja innan ESB og afstöðu sambandsins til landbúnaðarmála

**Framsögu hafa**

*Baldur Þórhallsson,* Jean Monnet prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

*Sigurður Jóhannesson,* sérfræðingur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

**Fundarstjóri**

*Helga Jónsdóttir,* framkvæmdastjóri BSRB

Að loknum framsöguerindum verður opnað fyrir spurningar úr sal







512 50 50 Auglýsingasími




– Mest lesið


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
7495
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, STÁL OG GYLLT
7995
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GYLLT
7495
HANGANDI LJÓS
2995
LJÓSADAGAR
25% afsláttur á kassa
5995
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, RUST
2995
BORÐLAMPI RUST
7495
KRISTALSKRÓNA, 3JA ARMA
4495
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GRÁ
1495
VEGGLJÓS
4495
VEGGLAMPI, ANTIK
3595
KRISTALSVEGGLJÓS
14.995
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST
3995
VEGGLAMPI, STÁL
4495
VEGGLAMPI, RUST
11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

**FBL-GREINING: FLOKKARNIR Í ÍSRAEL**

# Hægt gengur enn að mynda stjórn í Ísrael

Tveir stærstu stjórnmálaflokkarnir í Ísrael lýstu sig báðir sigurvegara þingkosninganna í síðustu viku. Erfiðlega gengur að mynda starfhæfa stjórn og óvissan um samningavilja gagnvart Palestínumönnum er enn meiri en verið hefur.

### Hverjir eru sigurvegararnir?

Stóru flokkarnir tveir eru Kadima og Likud. Báðir þessir flokkar eru í raun hægri flokkar og tregir til samninga við Palestínumenn, þótt Kadima hafi í yfirlýsingum sagst vilja ná samningum, þótt reyndar hafi sá vilji lítt skilað sér í verki. Likud var gamalgróinn hægriflokkur þar til leiðtogi hans, Ariel Sharon, sagði sig úr honum og stofnaði Kadima.



### Hverjir yrðu meðstjórnendur?

Næstir þessum tveimur flokkum að stærð koma Verkamannaflokkurinn, gamalgróinn vinstri flokkur sem lengi hefur viljað hraða samningaviðræðum við Palestínumen en hefur þó verið í stjórn með Kadima undanfarin misseri, og svo flokkur rússneska innflytjandans Avigdors Lieberman, Ísrael Beiteinu, sem er þjóðernissinnaður flokkur og hefur harða stefnu gagnvart Palestínumönnum. Annar hvor þessara flokka eða báðir verða að vera með í nýrri stjórn, hvort sem hún verður undir forystu Likud eða Kadima, eða jafnvel sameiginlegri forystu þeirra beggja.

### Hverjir eru minnstu flokkarnir?

Yst á bæði hægri og vinstri væng stjórnmálanna eru svo nokkrir litlir flokkar, sem væntanlega þarf að leita til um stjórnarmyndun. Hægra megin eru fjórir flokkar strangtrúaðra gyðinga, en stærstur þeirra er Shas sem iðulega hefur átt ráðherra í ríkisstjórn. Hinir eru Lögmálið-Gyðingdómur, Þjóðarbandalagið og Heimkynni gyðinga. Vinstra megin eru síðan annars vegar Meretz-hreyfingin, sem er flokkur vinstri-grænna síonista, og hins vegar þrír flokkar ísraelskra araba, sem heita Sameinaði arabalistinn-Taal, Hadash og Balad.

Bifreiðaeigendur athugið!
Tímareimaskipti.
Bremsuviðgerðir.
Kúpplingsviðgerðir.
Smurþjónusta.
Tímapantanir í síma
5355826
FRAMTAK
BLOSSI ehf
Drangahrauni 1 – 220 Hafnarfirði – Sími 535 5822

LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is
Frábært fyrir húð sem á við óhreinindi eða vandamál að stríða. Hentar sérstaklega vel fyrir unglinga.
+ Gildir til 5. mars 2009.

20% verðlækkun+
NORMADERM frá Vichy. Taskan inniheldur rakakrem, hreinsimjólk, næturkrem, bólubana og andlitshreinsi. 4.112 kr. 3.289 kr.

**FRÉTTASKÝRING: Niðurskurður fram undan**







# Niðurskurður líklegri en miklar skattahækkanir

**Sá gríðarlegi niðurskurður sem fara þarf í á næstu árum til að ríkissjóður rétti úr kútnum er sannkallað jarðsprengjusvæði fyrir stjórnmálamenn, sérstaklega í aðdraganda kosninga. Umræða um hvar skuli höggva og hvar skuli hlífa hefur þó sjaldan verið mikilvægari.**

### ÞARF SÁRSAUKAFULLAN NIÐURSKURÐ

Augljóst er að þegar fjárlög eru afgreidd með rúmlega 150 milljarða halla er óumflýjanlegt að vinna á þeim halla með sársaukafullum niðurskurði á næstu árum, segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.

Hann vildi þó ekki gefa dæmi um hvar ætti að höggva, eða hvar ætti að hlífa, að mati ASÍ að svo komnu máli.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir samtökin reikna með því að ríkið verði að minnka útgjöld. Stjórnvöld verði þó að gera sitt til að efla undirstöðuna, atvinnulífið og heimilin.

Það er ekki SA að leggja til hvar eigi að skera, segir Vilhjálmur Egilsson. Hann segir samtökin þó hafna skattahækkunum, réttara væri að létta álögum eins og verið sé að gera víða erlendis.

Halli verður á rekstri ríkissjóðs á næstu árum, en ná á jafnvægi í ríkisrekstrinum árið 2012, samkvæmt yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Útgjöld ríkisins á árinu 2009 verða tæplega 556 milljarðar króna. Á móti koma 403 milljarða króna tekjur. Halli á rekstri ríkissjóðs verður því um 153 milljarðar króna, en reiknað er með að hann minnki um helming á næsta ári.

Hægt er að takast á við þennan halla með niðurskurði á útgjöldum eða með því að auka tekjur ríkisins. Tryggvi Þór Herbertsson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, segir að ríkið geti þurft að skera niður allt að tíunda hluta af útgjöldum sínum. Það eru um 56 milljarðar króna.

**Skattahækkanir óráðlegar**

Tekjur ríkisins eru að dragast mikið saman, en það er skammvinnt vandamál. Einkaneysla hefur til dæmis dregist mikið saman, og þar með neysluskattar til ríkisins. Tryggvi segir að þessi sveifla muni jafna sig út.

Ríkið verði að berjast gegn algeru hruni í atvinnulífinu svo fólk haldi störfum sínum og geti haldið áfram að borga skatta og kaupa vörur. Líklega fari atvinnulífið að ganga betur seint á þessu ári og á því næsta.

Engu að síður er ljóst að skera þarf niður í ríkisútgjöldum. Ríkið verður væntanlega að fresta framkvæmdum, til dæmis við samgöngumannvirki, segir Tryggvi. Þá sé einnig mögulegt að horfa ti annarra útgjalda sem stofnað hefur verið til á undanförnum árum, til dæmis með því að skerða réttindi til fæðingarorlofs tímabundið. Fæðingarorlofið í heild kostar ríkið um 10,6 milljarða króna á árinu 2009.

Eflaust verður horft til þess að skera talsvert niður í útgjöldum til utanríkismála, en um 12,2 milljarðar króna renna til málaflokksins á fjárlögum ársins 2009. Jafnvel þótt þau framlög verði skorin verulega er það aðeins brot af því sem ríkið þarf að skera niður.

Þegar útgjöld ríkisins eru skoðuð eftir ráðuneytum er augljóst hvar stærstu útgjaldaliðirnir eru. Félagslega kerfið og menntamálin eru þeir langsamlega stærstu. Það eru engu að síður þeir útgjaldaliðir sem fara verður varlega í að skera, segir Tryggvi. Félagslega kerfið verði að geta tekið við þeim sem fari illa út úr kreppunni, og menntakerfið sé afar mikilvægt sem fjárfesting til framtíðar.

**Útgjöld ríkisins þanist út**

Ef ekki tekst að skera útgjöld ríkisins nægilega mikið niður getur komið til greina að hækka skatta. Skattahækkanir á þessum tímapunkti eru þó afar óráðlegar að mati Tryggva.

Með skattahækkunum taki ríkið enn meira af ráðstöfunartekjum heimila, sem hafi dregist verulega saman undanfarið. Hann segir að miðað við sína útreikninga á skuldastöðu ríkissjóðs geti ríkið tekið á sig meiri skuldir, og því sé svigrúm til að láta sjálfvirka sveiflujafnara virka.

Það er stjórnmálamannanna að ákveða hvar og hversu mikið á að skera niður, segir Vilhjálmur Þorsteinsson hugbúnaðarhönnuður. Hann fjallaði um þörfina á gríðarlegum niðurskurði á ríkisútgjöldum á bloggsíðu sinni nýlega.

Vilhjálmur gagnrýnir stjórnmálamenn fyrir að tala um halla ríkissjóðs í upphrópunum og klisjum í stað þess að ræða í hreinskilni hvað þurfi að gera til að snúa þessari óheillaþróun við.

Útgjöld ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þanist verulega út á síðustu árum. Vilhjálmur segir aðspurður að ef hann þyrfti að gera tillögur að niðurskurði myndi hann byrja á því að uppreikna fjárlög fyrri árs, til dæmis 2002 eða 2003, á verðlag ársins í ár, og sjá hvað hafi þanist út síðan.

Útgjöld ríkisins árið 2003 voru um 260 milljarðar króna. Þegar tekið hefur verið tillit til verðþróunar til ársins 2009 er upphæðin um 388 milljarðar króna. Útgjöld ríkisins í ár eru áætluð tæplega 556 milljarðar króna, og hafa því aukist um 43 prósent á þessum sex árum.

**Hátekjuskattur gæfi 4 milljarða**

Þar sem hefðbundin tekjuskattshækkun er ekki talin fýsileg hafa ýmsir horft til þess að leggja á sérstakan hátekjuskatt. Slíkur skattur skilar þó alls ekki þeim upphæðum sem ríkið þarf á næstu árum.

Sé lagður fimm prósenta aukaskattur á allar tekjur yfir 500 þúsund krónum gæti ríkið fengið um 4,3 milljarða króna í tekjur á ári, samkvæmt reiknilíkani fyrir staðgreiðsluskatta sem nálgast má á vef DataMarket.

Vilhjálmur bendir á að útreikningar DataMarket byggi á tekjum landsmanna árið 2007 og þar sem tekjurnar muni dragast saman sé upphæðin trúlega nær fjórum milljörðum króna. Reiknilíkanið gerir ekki heldur ráð fyrir því að hátekjuskattur sé talinn hafa letjandi áhrif og tekjurnar yrðu því jafnvel enn minni.

Ríkið lækkaði skatta á matvæli í mars 2007. Á þeim tíma var áætlað að skattalækkunin kostaði ríkið um sjö milljarða króna á ári. Tryggvi segir afar óráðlegt að bregðast við halla á ríkissjóði með því að hækka neysluskattana aftur. Það geti einfaldlega komið illa niður á fjölskyldum sem séu á tæpasta vaði fyrir.

Nökkvi Bragason, skrifstofustjóri fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, segir unnið að hugmyndum að niðurskurði í ráðuneytinu. Það sama eigi við í öðrum ráðuneytum. Hann vill ekki upplýsa nánar um vinnuna, en segir það væntanlega að mestu þeirrar ríkisstjórnar sem tekur við eftir kosningar í vor að ákveða hvar skera eigi niður í ríkisútgjöldum.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

# Bíttu í rófuna

**Ef bitinn er þungur er rófan góð**

Geymist fersk í allt að þrjá mánuði
í kæli við rétt skilyrði

Er bragðbest þegar hún virkar
of þung fyrir sína stærð

Kaloríulítil og góð
uppspretta trefja

inniheldur mikið
af C vítamíni



Inniheldur ekki
kólistról eða fitu

Er nær hvergi jafn vinsælt með
mat eða sem snarl en á Íslandi

Var notuð í stað graskera á hrekkjuvöku
í Evrópu á árum áður því þau voru ekki fáanleg

Verður fersk á ný ef hún er látin
liggja í ísvatni í nokkrar mínútur

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

islenskt.is




Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, fjölgar í herliði:

# Sautján þúsund manna her á leið til Afganistans

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur ákveðið að senda sautján þúsund manna herlið til Afganistans til aðstoðar liðsafla Atlantshafsbandalagsins þar. Ítalir sögðust einnig hugsanlega ætla að fjölga í herliði sínu í Afganistan.

Búist er við að Bandaríkjamenn muni þrýsta meira á önnur NATO-ríki um að fjölga í herliði sínu í Afganistan. Bandaríkjamenn eru fyrir með 23 þúsund manna her í Afganistan, sem er partur af 55 þúsund manna herliði NATO. **- gb**



**SYRGIR BRÓÐUR SINN** Afganskur maður syrgir bróður sinn sem féll eftir loftárás í Herat á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STUNDVÍSIR STÚDENTAR** Þeir Sigvaldi, Stefán, Óttar, Ingólfur, Egill, Andri, Baldvin og Gunnar vilja ólmir safna fé til styrktar þörfu málefni en alls ekki mæta of seint í skólann. Baldvin er bekkjarfélagi göngugarpanna en hugðist ekki leggja á sig Keflavíkurgönguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ganga fyrir gott málefni

**Sjö bekkjarbræður í Versló fara fótgangandi í skólann frá Keflavík í tilefni Góðverkadaganna, sem nú standa yfir. Hvatt er til náungakærleiks og vináttu.**

**FÓLK** „Við treystum á að veðurguðirnir verði góðir við okkur," segir Gunnar Ingi Magnússon, einn af sjö bekkjarbræðrum í 4. bekk D í Verslunarskóla Íslands, sem í gær voru í óða önn að búa sig undir að fara fótgangandi í skólann í morgun, alla leið frá Keflavík. Þessi uppfærða útgáfa af Keflavíkurgöngunni er liður í Góðverkadögunum sem standa yfir fram á sunnudag.

Að sögn Gunnars hefur verið mikið um góðverk og áheit í Versló í vikunni. „Fólk er að vaxa á sér bringuna, borða paintball-kúlur, syngja ABBA-lög í búningum og ég veit ekki hvað og hvað, allt í þágu góðs málefnis," segir Gunnar, en allt fé sem safnast í skólanum rennur rakleiðis til Mæðrastyrksnefndar. Gunnar segir algengt að nemendur heiti fimm hundruð til þúsund krónum á skólafélaga sína, auk þess sem leitað er til fyrirtækja með von um styrki.

Strákarnir léku svipaðan leik fyrir ári síðan. Þá gengu þeir frá Mosfellsbæ niður í Versló í hávaðaroki og grenjandi rigningu. „Við vorum ansi hraktir eftir fjögurra tíma göngu, en mættum þó á réttum tíma í skólann klukkan tíu mínútur yfir átta," segir Gunnar og skellir upp úr. Stefnan hjá þeim félögum var að leggja af stað frá heimili vinkonu þeirra í Keflavík klukkan 22.00 í gærkvöldi. „Kannski tökum við okkur örstutta pásu heima hjá bekkjarsystur okkar í Garðabænum og fáum okkur kakó, en bara ef tími gefst til. Við viljum alls ekki koma of seint í skólann!"

365 miðlar er eitt margra fyrirtækja sem taka þátt í Góðverkadögunum, sem eru haldnir í fyrsta skipti í ár. Þeir byggja á nær aldagamalli hefð og loforði skáta um að gera að minnsta kosti eitt góðverk á dag, og hvetja þannig landsmenn til athafna og umhugsunar um að láta gott af sér leiða, sýna náungakærleik, vináttu, hjálpa öðrum og gera góðverk.

Góðverkadagarnir hafa hlotið góðar viðtökur hjá skólum, fyrirtækjum og á fleiri vígstöðvum. Komið hefur verið í gagnið vefsíðunni godverkin.is, þar sem lesendum gefst meðal annars færi á að segja frá hversdagslegum góðverkum sem þeir hafa framið eða orðið vitni að, auk þess að lesa um nýjustu góðverkin í fyrirtækjum, skátunum og skólunum.



**ÞORRAVAKA** Þemadagar hófust í Menntaskólanum við Sund í gær þar sem hjálparstarf er í fararbroddi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

kjartan@frettabladid.is


HOLLUR OG GÓÐUR
ALLA DAGA
Hvíti Kalkúninn
Konudagstilboð
Ferskar kalkúnabringur
1.890 kr/kg
Verð áður 3.039 kr/kg
Auðveld uppskrift að ljúffengri máltíð
Ofnbökuð kalkúnabringa með maissósu:
Fyrir 4-5 manns
1 kg kalkúnabringa
2 msk olia
1 tsk rósmarínnálar
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
Salt og nýmalaður pipar
Penslið bringuna með olíu og kryddið með rósmaríni, hvítlauk, salti og pipar. Setjið kjötið í ofnskúffu og bakið í 180°C heitum ofni í 60 mín eða þangað til kjarnhiti sýnir 70°C. Berið fram með maissósu og t.d. steiktum kartöflum og blönduðu grænmeti.
Maissósa
150 g maiskorn frosið
3 dl Rjómi
30 g smjör
Salt og nýmalaður pipar
Setjið maiskornið og rjóma í pott og sjóðið við vægan hita í 5 mín. Hellið þá úr pottinum í blandara eða matvinnsluvél og maukið vel ásamt smjörinu og smakkið til með salti og pipar.
ÍSFUGL
Grafika 09
FK
FJARÐARKAUP
Góður Kostur fyrir þig!
Þín verslun
SPAR Bæjarlind
nettó
HLÍÐARKAUP
Þín verslun
Kassinn
VEÓ
Verslunin Einar Ólafsson ehf.
Melabúðin
KASKO
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
Þín verslun
Seljabraut

**FRÉTTASKÝRING:** Endurskoðun stjórnarskrárinnar **3. hluti**

# Lýðræðishalli af mannavöldum

Kosningakerfið íslenska og kjördæmaskipanin hafa verið deilumál í áratugi. Háværar raddir eru uppi um að gera þurfi róttækar breytingar á íslenskri stjórnskipun. Jöfnun atkvæðisréttar er þar í forgrunni. Tækifærið gæti verið fyrirhugað stjórnlagaþing.

Strax og úrslit voru kunn eftir alþingiskosningarnar 2007 hófst umræða um að íslenska kosningakerfið væri meingallað. Nokkur dæmi voru tínd til því til rökstuðnings og vart hægt að mótmæla að röðun í þingsæti var ekki í samræmi við kosningaúrslit. Misræmi í vægi atkvæða eftir kjördæmum kom skýrt fram, enn á ný.

Kosningakerfið og kjördæmaskipanin hafa verið viðvarandi viðfangsefni tillagna um stjórnarskrárbreytingar á lýðveldistímanum og hefur reyndar verið eitt helsta deiluefni íslenskra stjórnmála frá því snemma á 20. öld. Þannig voru breytingar á kosningakerfinu meginefni þeirra stjórnarskrárbreytinga sem tóku gildi frá 1934 til 1999. Þróunin hefur verið í þá veru að auka jafnvægi atkvæða en tillögur hafa reglulega komið fram um að gera landið allt að einu kjördæmi, eða frá árinu 1927.

### Kosningarnar 2007

Dæmi frá alþingiskosningunum 2007 varpa ljósi á kosningakerfið íslenska. Sjálfstæðisflokkurinn fékk 35,4 prósent atkvæða í Reykjavíkurkjördæmi norður og fjóra þingmenn kjörna, en Samfylkingin 29,2 prósent og fimm þingmenn. Framsóknarflokkurinn fékk þrjá þingmenn í Norðausturkjördæmi með 5.726 atkvæðum en engan þingmann með 4.266 atkvæði í Reykjavík. Ofan á þetta má bæta að Samfylkingin fékk 26,8 prósent atkvæða í Suðurkjördæmi og tvo þingmenn, sama þingmannafjölda og Framsókn bar úr býtum í sama kjördæmi með 18,7 prósent atkvæða.

Mat fjölmargra fræðimanna og áhugafólks um stjórnmál er að alþingismenn hafi of mikilla hagsmuna að gæta við ákvörðun um skiptingu landsins í kjördæmi og jöfnun atkvæðisréttar. Alþingismenn séu því vart til þess hæfir að setja landinu sanngjörn og réttlát kosningalög.

### Lýðræðishugtakið

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, er einn þeirra sem hafa gagnrýnt kosningakerfið. Hann bendir á að til séu margar útfærslur á kosningakerfum og menn deili um hvaða útfærsla sé lýðræðislegust. „Það á rætur að rekja til þess að ekki hefur náðst sátt um það hvernig skilgreina eigi lýðræði, og þá hvað felst nákvæmlega í lýðræðishugtakinu. Sérstaklega ekki hvernig best er að útfæra lýðræðishugmyndina í almennum kosningum. Þetta gerir það að verkum að kosningakerfin eru mjög ólík.“

Baldur segir að kosningakerfið hér á landi hafi vissulega tekið verulegum breytingum og þingsæti á milli stjórnmálaflokka skiptist nokkuð jafnt á milli þeirra eftir atkvæðamagni. „Það var ekki svo lengi vel en þetta hefur verið fært til betri vegar. Kosningakerfið er hins vegar þeim stóra annmarka háð að misvægi atkvæða er mjög mikið hér á landi. Að mínu mati samræmist það ekki hugmyndum um lýðræði að atkvæði borgaranna sé misjafnlega vegið.“

### Sagan

Árið 1934 var kjördæmaskipunin fest í sessi í stjórnarskrá en árið 1959 var kosningakerfinu svo gjörbreytt; þau 28 kjördæmi sem verið höfðu voru lögð niður og tekin upp hlutfallskosning í átta kjördæmum; Reykjavíkurkjördæmi hélst óbreytt en eldri kjördæmi sem höfðu miðast við sýslur eða kaupstaði voru sameinuð eftir landshlutum. Þetta fyrirkomulag hélst óbreytt til ársins 1987 þegar atkvæðavægi milli flokka var jafnað að miklum mun. Þetta var gert með því að þróa flókið kosningakerfi sem tók hins vegar ekki til jöfnunar atkvæðisréttarins.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, bendir á að þegar kosningakerfið tók að þróast hér á landi hafi í raun búið ein þjóð í landinu. „Það var ekkert þéttbýli/dreifbýli eða suðvesturhorn/landsbyggðin. Í meginatriðum voru þetta bændur og búalið sem hér bjuggu með svipaða hagsmuni og hugmyndir. Síðan varð gífurleg breyting í atvinnuháttum og búsetu fólks þeim tengd. En hinar dreifðu byggðir voru hins vegar ekki sáttar við að láta frá sér það pólitíska vald sem legið hafði hjá þeim í gamla kerfinu. Valdið fluttist því ekki með fólkinu.“ Gunnar Helgi segir stöðuna í dag einkennast af því að vissir landshlutar græði á kosningakerfinu og þingmenn landsbyggðarkjördæmanna hafi mikil áhrif innan flokkanna. „Það er því erfitt að hreyfa við málum landsbyggðarinnar og ástæða þess að meira hefur ekki breyst en raun ber vitni.“

Kosningamálið hefur verið sjálfstætt deilumál í langan tíma enda hefur það haft djúpstæð áhrif á styrkleikahlutföll flokkanna og þar með þingmeirihluta og ríkisstjórnarmyndanir. Yfirvigt landsbyggðarinnar í þingflokkunum hefur þau áhrif að þingið er almennt áhugasamt um mál sem brenna á landsbyggðinni og þingmenn hafa haft tækifæri til þess að nýta sér það.

### Fyrirgreiðslupólitík

„Farsælast væri að gera landið allt að einu kjördæmi. Kjördæmaskiptingin hefur haft í för með sér margumtalað kjördæmapot. Tilteknir þingmenn hafa verið í fullu starfi við það að úthluta bitlingum í sín kjördæmi til að tryggja stöðu sína. Þetta hefur í gegnum tíðina verið verulegt vandamál vegna augljósrar tengingar við spillingu. Það að gera landið að einu kjördæmi myndi draga úr kjördæmapotinu sem oft á tíðum hyllir einungis fámennum hópi en ekki fjöldanum. Ástæðan fyrir því að þetta skref hefur ekki verið stigið er sú að meginþorri þingmanna af landsbyggðinni, sem þangað til nýlega voru í meirihluta á þingi, hefur verið andsnúnir því að jafna vægi atkvæða. Það er kannski skiljanlegt út frá þeirra sjónarmiði en er jafnframt langt frá því að vera lýðræðislegt,“ segir Baldur.

### Eitt kjördæmi

„Ég held að ein stærstu rökin fyrir að koma á stjórnlagaþingi séu þau að taka þetta vald af þingmönnum svo þeir geti ekki komið í veg fyrir að skýrt sé kveðið á um það í stjórnarskrá og kosningalögum að vægi atkvæða skuli vera jafnt á milli borgara þessa lands, sem er að mínu mati grundvallarforsenda lýðræðisins,“ segir Baldur. Hann segir það mikilvægt að kosningakerfi séu skýr og gagnsæ. „Í því ljósi er einfaldast og réttlátast að landið sé eitt kjördæmi, enda erum við fámenn og samheldin þjóð og ég treysti 63 þingmönnum fyllilega til þess að gæta hagsmuna allra landsmanna á þingi óháð því hvar þeir búa. Ég tek því ekki undir þau rök að landsbyggðin myndi gleymast eða bera skarðan hlut frá borði ef kjördæmaskipanin yrði afnumin.“

### Kjördæmaskipan haldið

Gunnar Helgi segir ekkert mæla á móti því að hafa kosningakerfi þar sem atkvæði vegi jafnt en kjördæmum sé haldið óbreyttum. Það sé sjálfstæð ákvörðun að atkvæði vegi meira í sumum kjördæmum en öðrum eins og hér er. „Frá lýðræðislegum sjónarhóli eiga atkvæði allra að vega jafnt. Því hefur verið búið til kerfi hérlendis sem er ekki lýðræðislegt og kerfið á sér í rauninni enga sérstaka lýðræðislega réttlætingu.“

Gunnar Helgi segir að rök séu fyrir því að halda í kjördæmaskipanina. Hann er þeirrar skoðunar að með því haldist betra samband á milli þingmanns og kjósenda. Eins sé það grundvöllur fyrir flokksstarfinu og einu kjördæmi fylgi sú hætta að starf flokkanna verði of miðstýrt. „Eðlilegast er hins vegar að fjöldi þingmanna sé í samræmi við íbúafjölda hvers kjördæmis. Það er langsamlegast einfaldast og eðlilegast.“ Gunnar Helgi segir jafnframt, þegar umræða um kosningakerfi er annars vegar, að horfa skuli til þeirra markmiða sem á að ná. „Í okkar tilfelli viljum við væntanlega kosningakerfi sem leiðir ekki til þess að flokkakerfið molni niður. Við þurfum þrátt fyrir allt starfhæft Alþingi. Við viljum heldur ekki að flokkarnir séu varðir fyrir samkeppni. Þetta grundvallast svo af viðhorfum til flokkanna á hverjum tíma.“

### Stjórnlagaþing

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að sett verði lög um stjórnlagaþing á yfirstandandi þingi. Fari svo, skapast einstakt tækifæri til að breyta kosningalögum í þá veru að atkvæðisréttur verði jafnaður. Kosningakerfi hafa nefnilega ekki þróast af bestu manna yfirsýn. Kosningakerfið er bundið flokkakerfinu órofa böndum og pólitískir hagsmunir viðhalda misvægi atkvæða.

Gunnar Helgi talar um viðhorf til stjórnmálaflokkanna og tengsl þeirra við kosningakerfið sem stuðst er við. Hávær krafa er um breytingar í samfélaginu sem snýr ekki síst að flokkakerfinu. Stjórnlagaþing, þar sem kosnir fulltrúar hafa enga aðkomu, gæti því breytt kosningakerfinu og íslenskum stjórnmálum í grundvallaratriðum í leiðinni. „Ef byltingaröflin, svo við notum það orð, verða áberandi á stjórnlagaþingi er líklegra en hitt að flokkarnir njóti ekki sérstakrar velvildar,“ segir Gunnar Helgi.

Rökrétt er að kjósa til stjórnlagaþings um leið og kosið verður til Alþingis í apríl. Gunnar Helgi er hins vegar svartsýnn á að af því verði. Hann segir jafnframt að rökstyðja megi þá skoðun að ef ekki verði kosið til stjórnlagaþings í apríl gæti tækifærið verið úr sögunni að halda slíkt þing. „Ef menn vilja gera róttæka uppstokkun í íslenskri stjórnskipun, þá er lag núna. Annars er frekar ólíklegt að af því verði í fyrirsjáanlegri framtíð. Þetta er einfalt: Sporin hræða. Það hefur verið yfirlýst markmið stjórnvalda frá 1944 að endurskoða stjórnarskrána. Það hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi.“

**Þriðji hluti af fjórum**
Á morgun: Spekingar spjalla




**MISMUNANDI ATKVÆÐAVÆGI – RÖK MEÐ OG Á MÓTI**

Rök þeirra, sem styðja misvægi atkvæða, hafa jafnan gengið út á að hinar dreifðu byggðir þurfi meira á þjónustu stjórnvalda að halda en þéttbýlið, auk þess sem íbúar höfuðborgarinnar hafi greiðari aðgang að bæði þinginu og stofnunum framkvæmdarvaldsins vegna nábýlisins við þær. Þeir óttast að jöfnun atkvæðavægis myndi leiða til þess að stjórnvöld hættu að sinna vanda dreifbýlisins í sama mæli og gert hefur verið, sem myndi þýða enn frekari þrengingar og endalok búsetu víða um land.

Krafan um jöfnun atkvæðavægis byggist hins vegar á því að misvægi atkvæða sé ólýðræðislegt. Pólitískt jafnrétti lýðræðisins byggi á reglunni um jafnan atkvæðisrétt allra. Ef það er vilji landsmanna að styðja við byggð í strjálbýlinu eiga þeir að geta ákveðið það með lýðræðislegum hætti en allir eiga að hafa líkan rétt til áhrifa á slíka ákvörðun. Þörfinni fyrir stuðning stjórnvalda – sem er út af fyrir sig til staðar hjá miklu fleirum heldur en íbúum jaðarsvæðanna – megi ekki rugla saman við atkvæðisréttinn sjálfan.

**1843**: Alþingi endurreist.
**1858:** Kjördæmaskipan breytt.
**1874:** Konungsstjórnarskráin.
**1904:** Heimastjórn. Ráðgefandi þing.
**1904:** Fjórflokkakerfið tekur að myndast í núverandi mynd.
**1915**: Kosningakerfinu breytt. Almennur kosningaréttur innleiddur.
**1916:** Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur stofnaður.
**1918:** Ísland fullvalda ríki.
**1919:** Kosningakerfinu breytt.
**1929:** Sjálfstæðisflokkurinn stofnaður.
**1934:** Kosningaskipan fest í stjórnarskrá. Kosningaaldur lækkaður í 21 ár.
**1942:** Kosningalögum breytt.
**1944:** Ísland lýðveldi.
**1946:** Alþingiskosningar.
**1949:** Alþingiskosningar.
**1953:** Alþingiskosningar.
**1956:** Alþingiskosningar. Alþýðubandalagið stofnað.
**1959:** Kosningakerfinu gjörbreytt. 8 kjördæmi hlutfallskosning. Tvennar alþingiskosningar.
**1963:** Alþingiskosningar.
**1967:** Alþingiskosningar.
**1971:** Alþingiskosningar.
**1974:** Alþingiskosningar.
**1978:** Alþingiskosningar.
**1979:** Alþingiskosningar.
**1983:** Alþingiskosningar. Kvennalistinn stofnaður.
**1984:** Kosningaaldur lækkaður úr 20 í 18 ár.
**1987:** Alþingiskosningar. Kosningakerfinu breytt.
**1991:** Alþingiskosningar.
**1995:** Alþingiskosningar.
**1998:** Samfylking, Vinstri græn og Frjálslyndi flokkurinn stofnaðir.
**1999:** Alþingiskosningar. Kjördæmaskipan breytt. Sex kjördæmi.
**2003:** Alþingiskosningar.
**2007:** Alþingiskosningar.

26 27 36 40 40 42 49 52 60 63

- Einmenningskjördæmi og konungskjörnir
- Einmennings- og tvímenningskjördæmi og konungskjörnir
- Hlutfallskosningar og uppbótarsæti



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

-20%



**Ford Fiesta Trend**
1,4 bensín beinskiptur 5 dyra
Fast númer TJ195
Skrd. 06/2007. Ek. 45.000 km.
Ásett verð 1.850.000 kr.
Afsláttur 370.000 kr.
Tilboðsverð 1.480.000 kr.

## Ný dæmi
um verð og gæði

Ford
Nýtt tákn um gæði

# Við erum á tánum í dag – fyrir þig

**Nýtum það sem við eigum**
**Endurnýtum gjaldeyrinn**
**Kaupum notaðan bíl**
**Komdu í Brimborg í dag**

## Áfram Ísland

Semdu við okkur um verð

*selja gamla*

*kaupa nýjan notaðan*

Fjöldi annarra Ford bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.

-10%



**Ford Focus Trend**
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Upphitanleg framrúða,
rafdr. bílstj.sæti ofl.
Fast númer TX587
Skrd. 12/2005. Ek. 8.000 km.
Ásett verð 2.200.000 kr.
Afsláttur 220.000 kr.
Tilboðsverð 1.980.000 kr.

-10%



**Ford Explorer XLT 4x4**
4,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur, hraðastillir,
dráttarbeisli ofl.
Fast númer UT294
Skrd. 04/2006. Ek. 17.000 km.
Ásett verð 3.810.000 kr.
Afsláttur 380.000 kr.
Tilboðsverð 3.430.000 kr.

-11%



**Ford Mondeo Ghia**
2,0TDCi dísil sjálfskiptur 4 dyra
16" álfelgur, tölvustýrð miðstöð,
fjarlægðaskynjarar ofl.
Fast númer DDX00
Skrd. 07/2007 Ek. 10.000 km.
Ásett verð 4.350.000 kr.
Afsláttur 480.000 kr.
Tilboðsverð 3.870.000 kr.

-15%



**Ford Mondeo Ghia**
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur, tölvust. miðstöð ofl.
Fast númer OM032
Skrd. 07/2007 Ek. 25.000 km.
Ásett verð 3.050.000 kr.
Afsláttur 460.000 kr.
Tilboðsverð 2.590.000 kr.

-14%



**Ford Escape Limited AWD**
3,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Leður, 16" álfelgur, hraðastillir, 6xCD ofl.
Fast númer JI491
Skrd. 06/2007. Ek. 57.000 km.
Ásett verð 3.470.000 kr.
Afsláttur 490.000 kr.
Tilboðsverð 2.980.000 kr.

-15%



**Ford Focus Trend**
1,6 bensín beinskiptur station
16" álfelgur, upph. framrúða,
skyggðar afturrúður ofl.
Fast númer KX713
Skrd. 01/2006. Ek. 44.000 km.
Ásett verð 2.220.000 kr.
Afsláttur 330.000 kr.
Tilboðsverð 1.890.000 kr.

-17%



**Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4**
4,6 V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer ZV322
Skrd. 05/2007. Ek. 24.000 km.
Ásett verð 4.170.000 kr.
Afsláttur 710.000 kr.
Tilboðsverð 3.460.000 kr.

-16%



**Ford Escape XLT AWD**
3,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur, hraðastillir,
rafdr. ökum.sæti ofl.
Fast númer LJ786
Skrd. 06/2007. Ek. 57.000 km.
Ásett verð 3.090.000 kr.
Afsláttur 495.000 kr.
Tilboðsverð 2.595.000 kr.

## Semdu við okkur um gott verð

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins.
Komdu í Brimborg í dag.

*Notað*
**Eingöngu bílar sem sérfræðingar Ford mæla með**

Cohn & Wolfe Public Relations Ísland

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

## Útgjöldin

>Vikuútgjöld meðalheimilis í mat og drykkjarvörur




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** EYGLÓ HARÐARDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR:

## *Alltaf eins og við ættum ekki heima þarna*

„Bestu kaupin mín eru í Soda stream-tækinu mínu," segir Eygló Harðardóttir alþingismaður. „Það er frábært að þurfa ekki lengur að kaupa sódavatn í miklu magni. Við drekkum líka öll fjölskyldan miklu meira vatn eftir að við keyptum þetta tæki. Mér þykir svolítið vænt um þetta tæki því að við keyptum það kvöldið eftir að það lá fyrir hvernig listi Framsóknarflokksins liti út fyrir síðustu alþingiskosningar. Ég var búin að eyða miklum peningum í kosningabaráttuna og þarna keypti ég Soda stream-tæki fyrir mig og fjölskylduna. Kjördæmisþingið okkar, sem ákvað listann, var á Selfossi og við fórum hjónin eftir það í Nóatún og keyptum tækið. Við erum sammála um það að þetta sé með betri kaupum sem við höfum gert. Tækið hefur verið í mikilli notkun alla tíð síðan. Við höfum boðað út fagnaðarerindið í fjölskyldunni og það hafa allir komist að sömu niðurstöðu, eftir að fólk hefur keypt Soda stream-tæki hefur vatnsneysla aukist mikið og dregið að sama skapi úr neyslu á sykruðum gosdrykkjum."



Verstu kaup sín segir Eygló hafa verið íbúð sem hún keypti í Kópavoginum efst í Salahverfinu. „Við bjuggum minna en ár í henni, fluttum síðan til Vestmannaeyja, leigðum hana út í um ár og seldum svo á versta tíma, rétt áður en eftirspurn og verð fór að hækka á höfuðborgarsvæðinu. Tilfinningin var alltaf eins og við ættum ekki heima í þessari íbúð, húsgögnin og myndirnar okkar pössuðu engan veginn og ættingjar okkar villtust alltaf þegar þeir ætluðu að koma í heimsókn."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### BEINT ÚR UNDIRHEIMUM

■ *Rithöfundurinn Stefán Máni lumar á fjölmörgum karlmannlegum húsráðum.*

„Ég get látið ryk hverfa eins og hendi sé veifað. Maður dregur fyrir alla glugga, kveikir á kertum og málið er steindautt, allt ryk á bak og burt," segir Stefán Máni.



Myrkur hefur einmitt verið talið einkenna skrif glæpasagnahöfundarins sem hefur gefið út bækur á borð við Svartur á leik, Skipið og Ódáðahraun. „Svo er það rúsínan í pylsuendanum, húsráð beint úr undirheimunum: Maður þrífur blóð með köldu vatni en ekki heitu," segir Stefán Máni.



■ **Verðlag**

## Ekki lengur frítt á netið í Nova-frelsi

Frá og með 12. febrúar þurfa notendur 3G frelsis hjá símafyrirtækinu Nova að greiða 19 krónur fyrir hver fimm MB sem notuð eru á netinu í símanum. Enn er hægt að skoða upphafssíðuna gjaldfrjálst en um leið og farið er inn á aðrar vefsíður eru, eins og áður sagði, rukkaðar 19 krónur fyrir hver fimm notuð MB. Netið fylgir sem fyrr frítt með 3G áskrift hjá Nova.

**Neytendur:** Verum á varðbergi!

## *Gengisrugl úti í búð*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Neytendur hafa vanist því að stærri umbúðir séu hlutfallslega ódýrari en minni. Tveggja lítra flaska af kóki ætti til dæmis að vera ódýrari – hlutfallslega séð – en lítil kók í gleri. Þessa dagana, þegar íslenska krónan er sem í rússíbana, og allt er í rugli, er þetta engin regla. Því borgar sig að vera stöðugt á varðbergi. Flestar stærri búðir birta lítra/kílóaverð með litlum stöfum á (rafrænu) verðmiðunum sínum og því er bara að skoða þessi verð vandlega og láta ekki blekkjast.

Mér berast mörg dæmi um að stærri umbúðir séu hlutfallslega dýrari en minni, öfugt við það sem þær ættu að vera. Húsmóðir rak augun í að lítraverðið á stórri flösku af grænni Filippo Berio olíuflösku væri óhagstæðara en á lítilli í Bónus. Stærri kassar af Cheerios hafa verið dýrari – sé litið á verð kílósins – en minni í Krónunni.

Ævar Guðmundsson skrifar: „Rakst á svolítið sérkennilegt í dag þegar ég kom við í 10-11 að kaupa mér Snickers. Eitt kostar 159 kr. Stórt, sem er ekkert annað en tvö lítil saman í bréfi, kostar 219 kr., sem er skiljanlegur díll. En fjögur saman, sem eru þá tvö stór, kosta 559 kr., sem er töluvert dýrara en að kaupa sér tvö „stór". Sérkennilegt!"




Svona ójafnvægi munu kaupmenn útskýra með því að varan hafi verið keypt inn á mismunandi tíma, og að krónan hafi hrunið í millitíðinni.

Sem sé: Verum á varðbergi!







# Fiskur á gamla mátann

**Kreppan hefur haft sín áhrif á fiskisölu í landinu. En það þurfa ekki að vera neikvæð áhrif. Landinn er ekki hættur að kaupa fisk en neyslumynstrið hefur breyst. Fréttablaðið fór í verslunarleiðangur og tók fisksala tali.**



**KEYPT Í SOÐIÐ** Sigurjón kann vel að meta látleysið og lága verðið hjá Jóni Garðari í Litlu fiskbúðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Inni í verslun Gallerýs Fisks útlistar Kristófer Ásmundsson eigandi fyrir blaðamanni girnilega rétti og suma hverja framandi. „Þetta er allt unnið hér á staðnum," segir hann stoltur. En neytendur hafa ekki leyft sér mikinn munað hjá fisksalanum í febrúar frekar en annars staðar, allir finna fyrir því. Hann segir að mikið sé keypt af hrognum og lifur meðan fiskréttirnir fá oftar að vera freistingin ein. Meðan hann er að sýna blaðamanni norður-afrískan fiskrétt kemur inn kona og kaupir hákarl.

Svipaða sögu er að segja í Fiskisögu. Davíð Steingrímsson fisksali segir að tilraunamennskan og girndaraugað sem áður fengu að ráða för hjá neytendum láta nú í minni pokann fyrir hagsýninni. „Fólk veit akkúrat hvað það vill og hversu mikið það vill og það kaupir ekkert umfram það," segir hann.

Pálmi Karlsson, fisksali í Nóatúni, segir að á veturna vilji fólk frekar einfaldari vörur. „Síðan þegar vorið kemur förum við að bjóða upp á fiskrétti á grillið og það hefur alltaf farið vel í fólk," segir hann.

### Látleysi í stað lúxuss

En þessar breyttu áherslur virðast vatn á myllu Jóns Garðars Hafsteinssonar, eiganda Litlu fiskbúðarinnar, og Lindu Jörundsdóttur, í fiskbúðinni Freyju. „Við gerum bara út á það að hafa þetta sem ódýrast og erum ekki með neinn óþarfa lúxus til að afvegaleiða okkur frá því," segir Jón Garðar. Þegar blaðamann bar að var Sigurjón Þór Hafsteinsson að kaupa í soðið og greinilega ekki í fyrsta sinn sem hann kom í Litlu fiskbúðina. „Hann er með bestu ýsuna í bænum," segir hann þegar hann er spurður af hverju hann versli þarna. Það reyndist rétt, að minnsta kosti eru roð- og beinlausu ýsuflökin ódýrust hjá honum í þessum verslunarleiðangri. Ýsuflökin með roði kosta 690 krónur kílóið sem er sama verð og í Freyju.

### HVERJU MÆLIR FISKSALINN MEÐ?

| Verslun | vara | verð |
|---|---|---|
| Nóatún | Laxafiðrildi í mangó-chutney | 1.698 |
| Fiskbúðin Freyjugötu | Ýsa í sinneps- og graslauksósu | 1.090 |
| Litla fiskbúðin | Sjósiginn fiskur | 1.190 |
| Gallerý Fiskur | Blandaður fiskur með norður-afrískum brag | 1.690 |
| Fiskisaga | Ýsa í karríi og kóríander | 1.460 |
| Fiskbúðin Freyja | Heil ýsa | 290 |

Allt er kílóverð

### VERÐ Á ROÐ- OG BEINLAUSUM ÝSUFLÖKUM

| Verslun | Verð |
|---|---|
| Nóatún | 1.298 |
| Fiskbúðin Freyjugötu | 1.195/1.290* |
| Litla fiskbúðin | 890 |
| Gallerý Fiskur | 1.390 |
| Fiskisaga | 1.490 |
| Fiskbúðin Freyja selur öll flökin með roði, kílóverðið er 690 sem er það sama og í Litlu fiskbúðinni | |

TÖLURNAR STANDA FYRIR KÍLÓVERÐ
* FER EFTIR ÞVÍ HVERNIG FLÖKIN ERU

### Ýsa var það heillin

Í Freyju er boðið upp á heila ýsu og heilan þorsk. Guðmundur Gísli Geirdal rær að morgni dags, ef brælu er ekki fyrir að fara, og kemur með aflann beint í búð. Það geta því liðið örfáar klukkustundir þar til fiskurinn er tekinn af línunni uns hann er kominn í innkaupapokann. „Okkur Vestfirðingum þykir alveg ótækt að fiskurinn þurfi að fara óravegu og um hundrað hendur áður en hann kemst í innkaupapokann," segir Linda.

**jse@frettabladid.is**



DAVÍÐ Í FISKISÖGU



KRISTÓFER GALLERÝ FISKUR

LINDA MEÐ HEILA ÝSU

PÁLMI Í NÓATÚNI




TBWA\Reykjavík \ SÍA \ 094137

Viltu afslátt eða gott verð?

40% afsláttur af nýjum vörum
Sértilboð
„Hækkum fyrst og lækkum svo" aðferðin (Múskó)
Helgartilboð
Geymsludagar
20% afsláttur
30-50% afsláttur
Endurgreiðslur
Afsláttur af öllu nema sumu
Verðvernd
Útsala á parketi á ca. 6 vikna fresti allt árið um kring

Múrbúðin tekur ekki þátt í viðskiptaháttum af þessu tagi. Við þurfum engum trixum að beita.

Múrbúðin býður einfaldlega gott verð fyrir alla - alltaf.

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

*Reykjavík, Kletthálс 7:* Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
*Suðurnes, Fuglavík 18:* Opið virka daga kl. 8-18
*Akureyri, Furuvellir 15 :* Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-13

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf.



Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 125 **Velta:** 264 milljónir

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 296 | **-2,27%** | 892 | **-3,66%** |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC PET.** | +4,65% | **ALFESCA** | -9,72% |
| **ÖSSUR** | +1,5% | **STRAUMUR** | -8,98% |
| **MAREL FOOD SY.** | +0,71% | **FØROYA BAKI** | -3,70% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,25 -9,72% ... Atlantic Airways 158,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 450,00 +4,65% ... Bakkavör 1,97 +0,00% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,95 +0,00% ... Føroya Banki 104,00 -3,70% ... Icelandair Group 13,40 +0,00% ... Marel Food Systems 49,85 +0,71% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,23 -8,98% ... Össur 94,90 +1,50%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

### Úrvalsvísitalan OMXI 15




# Gamla Úrvalsvísitalan aldrei lægri

**Efnahagshrunið hér hefur komið harkalega niður á gömlu Úrvalsvísitölunni sem náði lægsta gildi í gær.**

„Þróunin sýnir að við höfum átt undir högg að sækja og eigum það enn," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland.

Gamla hlutabréfavísitalan (OMXI15) endaði í 296 stigum í gær og hefur aldrei verið lægri í dagslok.

Vísitalan var fyrst reiknuð í ársbyrjun 1998 og endurspeglaði þá fjölda skráðra fyrirtækja á aðallista Kauphallarinnar. Upphafsgildi hennar var eitt þúsund stig. Gildi hennar voru í kjölfarið reiknuð aftur í tímann eftir sögulegum gögnum, samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni.

Hlutabréfavísitalan gekk í gegnum umtalsverðar breytingar frá upphafi og náði hæsta gildi rétt eftir miðjan júlí 2007 þegar hún náði methæðum í 9.016 stigum. Eftir það tók heldur að halla undan fæti í samræmi við hremmingar á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum.

Það versta gekk yfir á síðasta ári en þá hurfu tíu félög af hlutabréfamarkaði, þar af sex sem tilheyrðu fimmtán veltumestu félögunum á markaði. Viðskiptabankarnir þrír, sem voru þjóðnýttir í október, vógu þar þyngst. Þegar árið var á enda stóð vísitalan í 352 stigum. Hætt verður að reikna vísitöluna saman í júní.

Ný vísitala (OMXI6) var reiknuð um áramótin og inniheldur hún sex veltumestu hlutafélögin. Upphafsgildi var eitt þúsund stig líkt og hjá þeirri gömlu. Hún féll um 3,66 prósent í gær og endaði í 892 stigum.

„Ég vona að þetta sé að snúast til hins betra," segir Þórður og bætir við að hlutabréfamarkaðurinn sé oft nokkrum skrefum á undan efnahagslífinu. **jonab@markadurinn.is**

# Hagnast í erfiðu árferði

Føroya Banki hagnaðist um 101,1 milljón danskra króna á síðasta fjórðungi 2008, eða um tæpa 2,3 milljarða króna, miðað við gengi dönsku krónunnar um áramót. Hagnaður ársins alls nemur tæpum 170,8 milljónum danskra króna, eða sem svarar 3,9 milljörðum íslenskra króna. Aukning milli ára nemur 18,6 prósentum.

Janus Petersen, forstjóri Føroya Banka, kveðst að vonum ánægður með árangurinn í afar erfiðu rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja í heiminum. „Føroya Banki er í góðu standi og þar af leiðandi ekki einn af þeim bönkum sem þarf ríkisaðstoð," segir hann og kveður afkomuna í takt við það sem boðað hafi verið við lok þriðja fjórðungs í fyrra.

Hlutabréfaverð Føroya Banka féll um þriðjung í fyrra, en Petersen bendir á að það sé minnsta fall allra bankanna sem skráðir eru í Nasdaq OMX kauphöllina í Kaupmannahöfn. Félagið er einnig skráð í Kauphöllina hér. **- óká**

# Brandaravísitalan lækkar

Íslendingar eru hamingjusamastir í heimi þrátt fyrir gengishrun. Þetta segir bandaríski rithöfundurinn Eric Weiner í netmiðlinum Huffington Post í gær. Weiner fjallaði um þjóðargleði landans í bók um landafræði hamingjunnar, í fyrra.

Weiner vitnar til brandara, sem gengið hefur um alþjóðlegan fjármálageira eftir hrun krónunnar en þar er lagt út af enska orðinu *capital*, sem bæði þýða má sem höfuðborg og höfuðstóll.

Hann er svona: Hver er höfuðstóll Íslands? Svar: 3,75 dalir (jafnvirði 428 króna).

Sama grín hefur gengið nokkuð víða frá í fyrrahaust. Síðast vitnaði Thomas L. Friedman til hans á ársfundi Alþjóðaefnahagsráðsins í Davos í Sviss í janúarlok. Þá var svarið 25 dalir (2.854 krónur). Þetta jafngildir 85 prósenta hruni Íslands á alþjóðavettvangi á þremur vikum. **- jab**

# Kíktu í kjötborðin
## í Kringlu og Garðabæ

OPIÐ til 20 alla daga



SPRENGI TILBOÐ

**KJÖTBORÐIÐ**
Kringlu & Garðabæ

| | |
|---|---|
| Valið saltkjöt | 1.798.- |
| Saltaðir leggir | 898.- |
| Söltuð rif | 299.- |



BOLLU TILBOÐ

**KJÖTBORÐIÐ**
Kringlu & Garðabæ

| | |
|---|---|
| Kjötfars | 398.- |
| Saltað kjötfars | 398.- |
| Steiktar kjötbollur | 798.- |
| Fiskfars | 498.- |
| Fiskbollur | 998.- |



DANSKT UNGNAUTA RIBEYE

**1.998** kr/kg.

Verð áður 3.398.-

**KJÖTBORÐIÐ**
Kringlu & Garðabæ

Gildir til 25. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eftir klúður einkaframtaksins:

# Þjóðarbankarnir

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Nýir formenn taka nú við stjórnum bankaráða tveggja ríkisbanka eftir að forverar þeirra ljúka störfum eftir erfiðan tíma. Forsendan fyrir brottför þeirra úr starfi var veik og lýsti mest undrun og uppgjöf yfir hinni nýju stöðu í bankarekstri hér á landi: hún er pólitísk og mun eðlilega dragast inn í umræðu stjórnmála þjóðarinnar í víðasta skilningi. Tugþúsundir manna hafa tapað hlutafé í bönkum og fjármálafyrirtækjum og meðan athyglin beinist einkum að stærstu hluthöfunum er það tap hinnar dreifðu eignar sem er alvarlegra. Í sparnaði þess fólks var falin vonin um dreifða eignaraðild, ekki bara í fjármálafyrirtækjum heldur í öllum atvinnurekstri.

Sama fólk á nú að leggja bönkunum fé með ábyrgð ríkisins og sköttum sínum. Og það á heimtingu á að bankarnir starfi fyrir opnum tjöldum um allar þær ráðstafanir sem lúta að björgun fyrirtækja sem halda uppi samfélagslegri þjónustu. Efasemdir um tæknilega getu bankanna til að takast á við vandann eru eðlilegar: brennt barn forðast eld. Þá eru ekki síður eðlilegar áhyggjur almennings að sérgæðasjónarmið sem hafa ríkt í bönkunum um nokkurt skeið spilli fyrir einföldum lausnum í erfiðleikum fyrirtækja sem eru á vetur setjandi: bolabrögð í lánanefndum geta á endanum orðið opinber mál ef ekki er vandað til verka, rétt eins hyglun sem er landlægur ósiður hér á landi.

Efasemdir hafa komið fram um hæfni skilanefnda bankanna til að standa í sölu eigna á erlendum vettvangi: þar skorti bæði reynslu og þekkingu á erlendum mörkuðum til að koma eignum í verð með hagstæðum árangri. Enginn er annars bróðir í þeim leik og því brýnt að menn hafi varann á og nýti sér alþjóðlega ráðgjöf. Ekki er síður mikilvægt að umsjónarmenn í bönkunum hátt og lágt hafi skýrt umboð, skýra stefnu og komi málum í höfn. Langlundargeð nýrra fjárfesta er takmarkað. Almenningur vill sjá árangur fyrir sinn pening. Stjórnmálamennirnir verða að sjá til þess – fyrir opnum tjöldum.

Sú ályktun hefur verið dregin af hinu snögga hruni einkabankanna að þar hafi ráðið nokkru fyrirhyggjuleysi af menntunarskorti þó svo mikið hafi verið gumað fyrr af menntunarstigi einstaklinga sem þangað voru ráðnir. Ef kunnáttuleysi er nýjum ríkisbönkum til trafala þá er að ræsa Bankaskólann á ný og endurmennta bankafólk í fornum og sígildum fræðum fjármálastarfsemi.

Nú þegar bankar eru orðnir hluti af endurreisnarkerfi ríkisins, svo sárt sem það kann nú að vera hugsjónamönnum einkaframtaksins, er brýnt að síbyljan um gegnsæi verði gerð að raunveruleika. Það er ekki hægt að ætlast til að samfélagið leggi atvinnuvegum í landinu til nýjan fjárhagsgrundvöll, endurfjármögnun lána, endurnýjað umboð til rekstrarmanna sem eru enn með allt á hælunum, bæði prívat og á opinberum vettvangi, atvinnustarfsemi sem er í raun gjaldþrota, nema það gerist fyrir opnum tjöldum.

Það skulu nýir formenn bankaráða hafa í huga þegar þeir mæta til vinnu. Bankarekstur á Íslandi er ekki lengur neitt prívatmál hinna fáu útvöldu. Hann er mál okkar allra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þjóðernisbrjálæðingar

Varaþingmaðurinn Mörður Árnason olli skammvinnu fjaðrafoki á þingi í gær þegar hann sté í ræðustól í umræðum um Evrópumál og lét heldur óblíð orð falla um samstarfsflokk Samfylkingarinnar í ríkisstjórn. „VG: íhaldsflokkurinn mikli og þjóðernisbrjálæðingarnir eru mörgum skrefum á undan Sjálfstæðisflokknum," sagði hann. Við þetta espuðust sjálfstæðismenn upp sem von var, þustu í pontu og lýstu undrun á orðunum. Það væri alveg fáheyrt að svona töluðu menn um samstarfsflokk sinn. Mörður sá sig tilneyddan að kveðja sér hljóðs á ný og árétta að þetta væri alls ekki hans skoðun á Vinstri græningjum, heldur einungis lýsingar sem aðrir hefðu oft gripið til.

### Idolið fallið



„Bubbi í áfalli vegna Björns" stóð í fyrirsögn á Vísi en þar tjáir Bubbi Morthens sig um mál Björns Jörundar Friðbjörnssonar sem flæktist í kókaínmál þar sem símtöl hans og Þorvarðar Davíðs Ólafssonar voru gerð lýðum ljós. Við lestur greinarinnar sannfærist lesandinn um að vissulega sé kóngurinn í áfalli. „Ég er í áfalli, mér finnst ég eiga svo mikið í Idolinu," segir hann. Það er því ekki alveg jafn ljóst hvort hann sé í áfalli vegna Björns eða vegna þess að skuggi hafi fallið á Idolið.

### Bjarnargeiði



En kónginum er annt um Björn, segir hann hinn vænsta pilt. Hins vegar segir hann það ekki hægt að ljúga sig út úr þessu, kunnáttumaður í eiturlyfjaheiminum sjái það strax um hvað er verið að ræða í þessum símtölum Björns og Þorvarðar. Það er ágætt að gera vinum sínum greiða og ef hann heitir nú Björn þá veitir honum kannski ekki af svona dásamlegum bjarnargreiða.

stigur@frettabladid.is
jse@frettabladid.is

# Rangar upplýsingar



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Rétt skal vera rétt

Stjórnvöld hafa mörg undangengin ár fóðrað fólkið í landinu á röngum upplýsingum um sum brýn þjóðmál, í sjálfsvörn að því er virðist. Margir virtust kæra sig kollótta um blekkingaflóðið meðan allt lék í lyndi. En nú, þegar tjaldið er fallið og efnahagur margra heimila og fyrirtækja er í uppnámi fyrir alvarleg mistök fyrri eigenda og stjórnenda bankanna og meðvirkra stjórnmálamanna og annarra, er vert að rifja upp tvö atriði, sem stjórnvöld sögðu ósatt um. Réttar upplýsingar um þessi atriði skipta máli fyrir skilvirka endurreisn efnahagslífsins. Listann mætti lengja.

### Aukinn ójöfnuður

Þrátt fyrir skýrar staðtölur frá ríkisskattstjóra um mjög aukinn ójöfnuð í skiptingu ráðstöfunartekna heimilanna ár fram af ári eftir 1993 kannaðist ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins ekki við neina slíka þróun. Allt atferli ríkisstjórnar þessara flokka 1995-2007 vitnaði þó um ójafnaðarstefnu þeirra. Þetta voru flokkarnir, sem bjuggu til nýja stétt auðmanna með lögfestingu kvótakerfisins 1984 og héldu síðan uppteknum hætti við einkavæðingu bankanna 1998-2002, þegar nokkrir vel tengdir flokksmenn neyttu lags og gerðust skyndilega auðmenn í boði stjórnvalda. Þetta voru flokkarnir, sem lögðu mun lægri skatt á fjármagnstekjur en launatekjur og lækkuðu skattleysismörk að raungildi og þyngdu með því móti skattbyrði lágtekjufólks.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir og skilmerkileg gögn og útreikninga ríkisskattstjóra og annarra utan stjórnkerfisins, til dæmis Guðmundar Arnar Jónssonar verkfræðings og Stefáns Ólafssonar prófessors, héldu stjórnvöld og erindrekar þeirra áfram að þræta fyrir aukinn ójöfnuð. Þegar ég lýsti eftir frekari upplýsingum frá ríkisskattstjóra, fékk ég þetta svar 23. apríl 2008: „Þó svo að það felist vissulega hvorki mat né túlkun í útreikningi á gini-tölum þá hefur Gini-talan öðlast ákveðið pólitískt vægi í umræðunni sem einhvers konar einfaldur mælikvarði á réttlæti í samfélaginu. Með útreikningum á Gini-tölum, í nafni embættisins, teljum við okkur því vera komna óþægilega nærri pólitíkinni, nær en við kærum okkur um." Sem sagt: ríkisskattstjóraembættið færðist í fyrra undan að reiða fram réttar upplýsingar um þróun tekjuskiptingar af tillitssemi eða ótta við pólitíska yfirboðara. Þessi boð fólu í sér fráhvarf frá fyrri háttum. Hagstofan skilar auðu.

### Fiskveiðistjórnin

Þeir, sem þrættu fyrir aukinn ójöfnuð í tekjuskiptingu, vegsömuðu jafnframt fiskveiðistjórnina og sáu engin tormerki á mismununinni í kvótakerfinu. Þeir héldu áfram að þræta fyrir augljóst ranglæti af völdum kvótakerfisins, enda þótt mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi fyrir rösku ári úrskurðað, að mismununin við úthlutun aflaheimilda sé mannréttindabrot, og skorað á stjórnvöld að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu af mannréttindaástæðum. Má ekki bjóða nýrri ríkisstjórn að bregðast við áskorun mannréttindanefndarinnar? Talsmenn kvótakerfisins þrættu ekki aðeins fyrir ranglætið, heldur einnig fyrir óhagkvæmnina, sem ætti þó að blasa við hverjum manni. Kvótakerfið er reist á þversögn, sem hlýtur fyrr eða síðar að verða kerfinu að falli. Þversögnin felst í að veita útvegsmönnum lagaheimild til að höndla með kvóta, sem þeir fengu úthlutað ókeypis úr hendi löggjafans. Frjálst framsal kvóta er að sönnu nauðsynlegt, en það getur ekki gengið til lengdar upp á önnur býti en þau, að allir sitji við sama borð við úthlutun kvótans í upphafi. Útvegsmenn gengu á lagið og veðsettu kvótann í stórum stíl, þótt auðlindin ætti að lögum að heita sameign þjóðarinnar. Þeir notuðu lánsféð til að fjármagna brask með eigur annarra að veði.

Skuldir útvegsfyrirtækja eru nú taldar vera um 500 milljarðar króna; fjárhæðin nemur rösklega þreföldu útflutningsverðmæti sjávarafurða 2008. Skuldirnar voru svipaðar útflutningsverðmætinu 1995 og hafa því þrefaldazt á þann kvarða frá 1995. Óvíst er, hvort útvegsfyrirtækin geta borið svo þungar skuldir til langframa á eigin spýtur. Bankarnir veiktu sjávarútveginn með ótæpilegum lánveitingum og stóðu þannig í vegi fyrir þeirri hagræðingu, sem var höfuðréttlæting kvótakerfisins. Yfirbyggingin tærði undirstöðuna. Hagkvæm fiskveiðistjórn hefði leitt til eignamyndunar, en ekki skuldasöfnunar. Stjórnvöld halda einnig áfram að þræta fyrir brottkast á veiddum fiski þrátt fyrir ítrekaðan vitnisburð sjómanna um brottkast og löndun fram hjá vikt. Kvótakerfið hvetur til lögbrota af þessu tagi, en lögreglan og önnur yfirvöld láta málið yfirleitt afskiptalaust.

# Traustið er grunnurinn

**UMRÆÐAN**

Karl Pétur Jónsson skrifar um endurreisn íslensks samfélags



KARL PÉTUR JÓNSSON

Vorið 2007 var ég í hópi 66.000 Íslendinga sem treystu loforði Sjálfstæðisflokksins um áframhaldandi stöðugleika og forystu í baráttunni fyrir athafnafrelsi einstaklingsins. Við tók ríkisstjórn tveggja stærstu flokka landsins sem naut trausts 2/3 hluta þjóðarinnar. Tæpum tveimur árum síðar upplifa grandvarir Íslendingar vanmáttinn sem fylgir því að geta ekki mætt skuldbindingum sínum. Lánstraust Íslendinga er horfið, þjóðin er höfð að háði og spotti erlendis og það skásta sem við getum vænst af öðrum þjóðum er meðaumkun.

Sjálfstraust er forsenda trausts frá öðrum. Á meðan vantraust ríkir innanlands verður ekki til nauðsynlegur grundvöllur fyrir eðlilegri þátttöku okkar í samfélagi þjóða. Alvarlegastur er skortur á trausti á milli almennings og stjórnvalda. Stjórnvöld hefur skort kjark til að grípa inn í atburðarás sem ljóst mátti vera að leiddi til efnahagslegra þrenginga. Ýmislegt bendir til að fyrirtæki hafi ekki eingöngu farið fram af græðgi og bíræfni, heldur líka út fyrir ramma laganna. Margt bendir til að stjórnvöld hafi brugðist eftirlitshlutverki sínu.

Uppgjör stjórnmálaflokka við fortíðina verður fyrsta skrefið í að endurbyggja traust. Þeir verða að gangast við mistökum sínum. Sú tregða sem forysta Sjálfstæðisflokksins hefur sýnt í þessu hefur valdið mér og mörgum öðrum sjálfstæðismönnum vonbrigðum. Erfitt verður að treysta flokknum til að endurreisa Ísland, viðurkenni hann ekki að á þeim tæpu átján árum sem flokkurinn var í ríkisstjórn voru ekki unnar eintómar hetjudáðir. Annað skrefið er að grasrót flokkannna endurmeti gildi þeirra og byggi upp trúverðuga framtíðarsýn. Þriðja skrefið verður þegar flokkarnir leiða fram hæfan mannskap til að vísa þjóðinni inn í tíma velmegunar, framfara og fagurs mannlífs á Íslandi. Kallað hefur verið eftir endurnýjun og má heita víst að margt hæfileikafólk svari því kalli.

Traustið er grunnurinn. Við munum ekki rísa upp til að byggja nýtt samfélag fyrr en reiðin hopar fyrir trausti. Fyrr munum við hvorki öðlast kjark né getu til athafna. Fyrst þá mun límið í samfélagi okkar harðna á ný, peningar flæða á milli fólks og fyrirtækja í heilbrigðum viðskiptum, atvinna skapast og gangverk samfélagsins ná takti á ný.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur og ráðgjafi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1554
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr.kg. MERKT VERÐ 2220 KR.KG.
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
419 kr.kg. MERKT VERÐ 698 KR.KG.
VISA
FYRIR BOLLUDAGINN 23.FEB
298
VILKÓ BOLLUBLANDA
300g 298 kr.
398
BÓNUS VATNSDEIGSBOLLUR
14 stk 398 kr.
198
KJARNASULTUR 400ML 198 kr.
JARÐARBERJA-BLÁBERJA-BLÖNDUÐ BERJASULTA.
179
BÓNUS BOLLUGLASSÚR
280G 179 kr.kg.
LAMBASALTKJÖT 20%-40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
K.A ÓDÝRT LAMBASALTKJÖT
299 kr.kg. MERKT VERÐ 499 KR.KG.
ÞOKKALEGIR BITAR.
20% AFSLÁTTUR
KF SALTKJÖT 1.FLOKKUR
959 kr.kg. MERKT VERÐ 1198 KR.KG.
20% AFSLÁTTUR
KF SALTKJÖT BLANDAÐ
447 kr.kg. MERKT VERÐ 559 KR.KG.
20% AFSLÁTTUR
KF VALIÐ SALTKJÖT
1439 kr.kg. MERKT VERÐ 1798 KR.KG.
359
BÚRFELLS BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT
MERKT VERÐ 448 KR.KG 359 kr.kg.
89
BÓNUS KOLSÝRT VATN
2 ltr. 89 kr.
298
ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR
298 kr.kg.
298
BÓNUS ÍSSÓSUR 435g 298 kr.
198
BÓNUS ÍS 2 ltr. 198 kr.
259
BÓNUS FETAOSTUR 250g 259 kr.
40% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI BEIKON
1079 kr.kg.
MERKT VERÐ 1798 KR.KG.
198
BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.
GRÆNIR & GULIR 198 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
OPIÐ FIMMTUDAG 12.00 TIL 18.30
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur

# Norðurport á nýjum stað

UMRÆÐAN

Hjörleifur Hallgríms skrifar um bæjarmál á Akureyri



HJÖRLEIFUR HALLGRÍMS

Eftir að hafa verið rekin frá Landsbankanum hinn 22. október sl. eftir tæplega 30 ára dygga þjónustu, neitaði dugnaðarkonan Margrét Traustadóttir að leggjast í volæði og vonleysi þótt brottreksturinn hafi vissulega verið sár eftir að hafa þjónað bankanum svo vel og lengi. Þá datt henni í hug að stofnsetja markað líkt og Kolaportið í Reykjavík, sem hún kallar Norðurport. Hann var opnaður nýlega á Laufásgötu þar sem áður var Sjóbúðin. Norðurport var opið á öðrum stað til áramóta og var gerður góður rómur að, margt fólk og mikið fjör. Þá var opnaður nýlega á Glerártorgi veitingastaðurinn Kaffi Talía, sem eins og nafnið bendir til selur kaffi og meðlæti, og léttar veitingar í hádeginu. Eigendur og rekstraraðilar eru hjónin Júlía Skarphéðinsdóttir og Birgir Torfason.

En bæjarstjórnarmeirihlutinn er í vondum málum. Áður hefur komið fram hjá mér í Fréttablaðinu að þó að eitt og hálft ár sé þar til mögulegt er að svokallað menningarhús verði tekið í notkun, bygging sem mun kosta hátt í fjóra milljarða,þá er búið fyrir mörgum mánuðum að kjósa þriggja manna stjórn fyrir húsið og er formaðurinn með 120 þús. kr. á mánuði og meðstjórnendurnir hvor kr.60 þús. kr. Einnig var framkvæmdastjóri ráðinn á kr. 700 þús. á mánuði, en það sem verra þykir er að laun hans eru greidd inn á reikning einkahlutafélags, sem viðkomandi á. Viðurkennt er þó að meirihluti bæjarstjórnar hafi á sínum tíma af gefnu tilefni samþykkt að viðhafa ekki svona vinnubrögð við starfsfólk og spyr fólk sig því eðlilega hvers vegna þessi háttur er hafður á nú.

Annað furðulegt mál virðist vera látið viðgangast hjá meirihlutanum en það er að lögmaður bæjarins, sem er í fullu starfi og launaður samkvæmt því er líka í 50% starfi hjá Háskólanum á Akureyri. Það er álitið að fullt starf lögmanns hjá Akureyrarbæ sé ærið nóg ef því er sinnt af einhverju viti. Þá eru það skipulagsmálin, sem eru meira og minna í rugli, enda skipulagsnefnd bæjarins skipuð aðilum, sem sumir hverjir eru búnir að vera tiltölulega stutt í bænum og hafa ekki hundsvit á skipulagsmálum á Akureyri, og er bærinn búinn að fá á sig mörg kærumál vegna þessa. Eitthvert mesta hneykslið er þó talið vera þegar aðilum krónuverslananna Kaupási var neitað um að byggja á lausri lóð á horni Glerárgötu og Tryggvabrautar og er það sett í samband við það þegar Kristján Þór Júlíusson þá bæjarstjóri bauð Jóhannesi kenndum við Bónus afnot af íþróttavellinum okkar undir verslun, en ekkert varð þó úr því.

Sukkið er víðar en í landsmálunum, enda meirihluti bæjarstjórnar Akureyrar skipaður sömu stjórnmálaflokkum og ríkisstjórnin sem hrökklaðist nýverið frá völdum.

*Höfundur er fyrrverandi ritstjóri.*


PARKETLAGNIR - PARKETSLÍPUN
veldu fagmenn til verksins
www.fip.is
félag íslenskra parketmanna
tryggir viðskiptavinum faglega og góða þjónustu




Gorenje
ísskápur
A+ Orkunýtni
Gorenje ísskápur
RK60355DE
Ryðfrítt stál.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihófs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Bráðnunartími við straumrof: 18 klst.
Frystigeta: 4 kg/dag.
Mál (BxHxD): 180 x 60 x64 cm.
Tilboð 115.900
PIPAR • SÍA • 90265
RÖNNING
Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011 Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800 Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200


# Undirstaða samfélagsins

UMRÆÐAN

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir skrifar um velferðarmál



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur á verksviði sínu flest þeirra verkefna sem brýnust eru fram undan um velferð einstaklinga og fjölskyldna í landinu.

Við búum að því að Jóhanna Sigurðardóttir, forveri minn í starfi, hrinti í framkvæmd margvíslegum félagslegum úrbótum meðan enn áraði vel í landinu. Breytingar voru gerðar á sviði almannatrygginga, sem hafa komið lífeyrisþegum til góða, einkum þeim tekjulægstu, ásamt ýmsum öðrum aðgerðum til hagsbóta fyrir fatlaða, aldraða, heimilin og fjölskyldurnar í landinu. Unnið hefur verið að endurskoðun almannatryggingakerfisins og ég mun halda þeirri vinnu áfram. Eitt stærsta verkefnið framundan er þó án efa að styðja við heimilin í landinu og lágmarka fjárhagslegan og félagslegan skaða fólks af völdum efnahagsástandsins.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar hef ég nú sett á fót velferðarvakt til að fylgjast með fjárhagslegum og félagslegum afleiðingum bankahrunsins. Þetta er mikilvægt forvarnarstarf enda er vaktinni ætlað að kortleggja erfiðleikana sem líklegir eru til að mæta fólki og gera tillögur um viðbrögð stjórnvalda og samhæfðar aðgerðir þeirra.

**Heimili varin með öllum ráðum**

Mikilvægt er að verja heimili fólks, sporna gegn vaxandi atvinnuleysi og bæta aðstæður þeirra sem misst hafa vinnuna. Margt hefur verið gert í þessu skyni.

Strax við upphaf bankahrunsins voru heimildir Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum rýmkaðar, ýmsu í verklagi hans var breytt og innheimtuaðgerðir mildaðar. Tekin var upp greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignalána sem gerir fólki kleift að létta tímabundið greiðslubyrði af lánum. Þá var lánstími lána sem veitt eru vegna greiðsluerfiðleika lengdur úr 15 árum í 30 og hámarkslánstími lengdur úr 55 árum í 70.

Fyrirbyggja þarf að fólk missi húsnæði sitt vegna greiðsluerfiðleika. Ef til þess kemur þarf að tryggja öryggi heimila og fjölskyldna. Í þessum tilgangi var Íbúðalánasjóði veitt heimild til að leigja eða fela öðrum að annast leigumiðlun íbúðarhúsnæðis sem sjóðurinn leysir til sín á nauðungarsölu. Þetta gerir fólki kleift að búa áfram á heimilum sínum gegn leigu.

Þá hefur starfsemi Ráðgjafastofa heimilanna verið efld, starfsfólki fjölgað og opnunartími lengdur.

**Barist gegn atvinnuleysi**

Vinnumálastofnun hefur verið efld til að mæta vaxandi álagi og bæta þjónustu. Með lagabreytingu var heimilað að greiða fólki sem er í hlutastarfi tekjutengdar atvinnuleysisbætur í lengri tíma en áður og skerðing atvinnuleysisbóta vegna launagreiðslna fyrir hlutastarf var felld niður. Þetta hefur hvatt atvinnurekendur til að semja við starfsfólk um lægra starfshlutfall í stað þess að grípa til uppsagna. Einnig var fólki sem starfar sjálfstætt veittur rýmri réttur til atvinnuleysisbóta en áður.

Nýlega voru settar reglugerðir sem kveða á um nýja lánaflokka Íbúðalánasjóðs, rýmri útlánareglur og heimildir til veðlánaflutninga. Veittar voru heimildir til að veita lán til félaga, félagasamtaka og sveitarfélaga vegna endurbóta og viðhalds á leiguíbúðum. Þetta skapar aukið svigrúm til framkvæmda og mun ýta undir aukna atvinnu í byggingariðnaði.

**Atvinnulausir áfram virkir**

Velferð einstaklinga og fjölskyldna byggist á mörgum þáttum. Fjárhagsleg staða er undirstöðuatriði en félagslegar aðstæður vega einnig þungt. Að missa atvinnu sína er ekki síður félagslegt áfall en fjárhagslegt. Því er það stór áskorun að bregðast við vaxandi atvinnuleysi með úrræðum sem gera fólki kleift að halda virkni sinni og takast á við uppbyggjandi verkefni sem styrkja það til atvinnuþátttöku á ný þegar úr rætist. Hlutverk Vinnumálastofnunar á þessu sviði hefur verið aukið. Stendur hún fyrir fjölbreyttum verkefnum á borð við ýmiss konar nám og námskeið, atvinnutengda endurhæfingu, starfsþjálfun, ráðningar til reynslu, frumkvöðlastörf auk sérstakra átaksverkefna sem fólk án atvinnu getur stundað og fengið atvinnuleysisbætur greiddar samhliða. Nánari upplýsingar um þessi verkefni má finna á heimasíðu stofnunarinnar.

**Mikilvæg verkefni fram undan**

Eitt af hlutverkum félags- og tryggingamálaráðuneytisins er að vinna að því að úrræði vegna greiðsluerfiðleika sem Íbúðalánasjóður getur boðið viðskiptavinum sínum standi einnig til boða þeim sem sem eru með fasteignaveðlán hjá ríkisbönkunum. Verið er að útfæra leiðir að þessu marki í viðskiptaráðuneytinu.

Starfshópur sem forveri minn skipaði um síðustu áramót til að gera tillögur um aðgerðir gegn atvinnuleysi skilaði fyrstu tillögum um síðustu mánaðamót og er vinna við að hrinda þeim í framkvæmd þegar hafin. Má sem dæmi nefna rýmri heimildir Íbúðalánasjóðs til útlána vegna viðhaldsverkefna, áform um að endurgreiða að fullu virðisaukaskatt vegna vinnu manna á byggingarstað við viðhald og endurskoðun á lánareglum LÍN og samspil þeirra við reglur atvinnuleysistryggingasjóðs með það að markmiði að auðvelda atvinnulausum að stunda nám.

**Samráð og samvinna**

Öflugt og gott velferðarkerfi er mikilvæg undirstaða hvers samfélags og mikilvægi þess hefur sjaldan verið meira en nú. Ég hyggst því standa vörð um velferðarkerfið og styrkja þá þætti sem best styðja þá sem minnst bera úr býtum. Verkefnin framundan krefjast samráðs og samvinnu stjórnvalda, stjórnmálamanna, atvinnulífsins, samtaka launafólks, fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka og einstaklinga. Ég legg áherslu á þetta í starfi mínu sem ráðherra og óska eftir góðri samvinnu við alla þá sem geta og vilja leggja gott af mörkum.

*Höfundur er félagsmálaráðherra.*

# Störf handa þúsundum – frjálsar handfæraveiðar

UMRÆÐAN

Karl V. Matthíasson skrifar um atvinnumál



KARL V. MATTHÍASSON

Eins og ástandið er núna í landinu hljótum við að íhuga það alvarlega hversu margir gætu fengið atvinnu við það að fara á handfæri. Í landi þar sem 15.000 manns eru atvinnulausir hlýtur það að vera bilun að gefa ekki handfæraveiðar frjálsar á næsta sumri. Þó þessi atvinnugrein hafi átt undir högg að sækja eru enn margir sem kunna vel til verka og mjög auðvelt er að kenna ungum mönnum að veiða fisk með þessum hætti. Það er líka deginum ljósara að þessar veiðar eru mjög vistvænar og skapa auðvitað mörg störf í ofanálag og tilkostnaður er margfalt minni en á stórum skipum.

Hvað er dapurlegra en að vera atvinnulaus, skuldum vafinn og standa á bryggjusporðinum, horfa út fjörðinn eða flóann og vita að þarna er lífsbjörg en mega ekki veiða einn einasta fisk til þess að skapa sér tekjur. Ég efast um að slík staða sé til í nokkru öðru landi í heiminum en hér. En hér má engu breyta, alls engu. Þeir sem vilja veiða á smábátum skulu hafa kvóta og engar refjar með það og ef þeir eiga engan kvóta þá skulu þeir gera svo vel að borga 10 fiska fyrir að veiða 12. Þetta er auðvitað ömurlegt lénskerfi sem neytt hefur verið upp á þjóðina á örfáum árum og keppast nú hagfræðingar við að segja að sölu- og leigukerfi kvótans sé í rauninni upphafið að efnahagshruni Íslands.

**Lög stéttaskiptingar**

Já, það hefur verið eftirtektarvert að sjá hvernig lögin um stjórn fiskveiða hafa gert þorp og bæi að stéttskiptum samfélögum. Í rauninni er það þannig, að gjá, sem ekki var fyrir, hefur myndast á milli þeirra, sem hafa veiðiréttinn og hinna, sem engan hafa. Það þarf ekki nema að líta í kring um sig til að sjá þetta og því miður hefur þetta líka leitt til pólitísks ótta hjá mörgu fólki sem ég hef hitt. Og hverjum líður svo vel með þetta. Líður þeim vel sem hafa kvótann undir höndum? Það efast ég um, enda eru margir þeirra líka fórnarlömb kvótakerfisins vegna skulda sinna. Eða hinum, líður þeim vel? Ekki heldur. Við verðum að stíga út úr óttanum og taka höndum saman um endurreisn Íslands. Og íslenskir útgerðarmenn verða að taka þátt í því. Ég skora á LÍÚ að fara nú að koma til leiksins á nýjum forsendum og nýrri hugsun. Og ganga af þeirri braut sem hefur leitt okkur til einhæfni, samþjöppunar og einokunar. Við verðum að vakna.

*Hvað er dapurlegra en að vera atvinnulaus, skuldum vafinn og standa á bryggjusporðinum, horfa út fjörðinn eða flóann og vita að þarna er lífsbjörg en mega ekki veiða einn einasta fisk til þess að skapa sér tekjur.*

**Áþreifanleg aðgerð**

En á meðan við erum vöknum af þessum draumi, sem varð martröð, skulum við segja við ungu drengina okkar og ungu konurnar okkar: „Nú ætlum við að leyfa frjálsar handfæraveiðar eftir skynsamlegum reglum, við skulum leyfa veiðar á 15.000 tonnum.“ Það myndi gefa nokkrum þúsundum atvinnu, það myndi gefa von, bjartsýni og gleði. Slíkt er áþreifanleg aðgerð. Við getum séð fyrir okkur til dæmis ung hjón sem eru að koma að landi á trillunni sinni með nokkur hundruð kíló af fiski eftir góðan dag. Já, umvafin eru þau gleði og lífstilgangi. Og þetta er hægt að gera með einfaldri lagasetningu, jafnvel reglugerðarbreytingu. Það er ekki eftir neinu að bíða. Tökum okkur á, verum ekki hrædd, sýnum hugrekki og leyfum fólki að bjarga sér landi og lýð til heilla. Vilji er allt sem þarf.

*Höfundur er alþingismaður.*



**HÁTÍSKUFLÍKUR** má hæglega sauma upp úr fötum sem hætt er að nota ef hugmyndaflugið er beislað. Eins má búa til fínustu flíkur úr gömlum gluggatjöldum, borðdúkum og jafnvel rúmfötum.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447




YOGA MEÐ ÁSTU

MORGUN • HÁDEGI • SÍÐDEGI
BYRJENDA NÁMSKEIÐ HEFST 23. FEBRÚAR

**Ásta Arnardóttir • 862 6098 • asta@this.is**
**Lótus jógasetur • www.this.is/asta**




Svala Lind hefur starfað sem fyrirsæta og varði tveimur sumrum í Barcelona við fyrirsætustörf. „Þar eru flottar búðir sem ég get alveg mælt með," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skiptir máli að líða vel

**Fötin skapa manninn segja sumir. Svala Lind Þorvaldsdóttir er þó á því að miklu skipti að líða vel í þeim fötum sem maður klæðist og ef sú er raunin þá klæði fötin mann jafnvel betur.**

„Pelsinn kom með nýrri sendingu í Rokk og rósir um daginn og valdi ég hann þar sem hann er mjög hlýr og góður fyrir íslenska vetur. Síðan er hann aðsniðinn og dömulegur þannig að hann er ekki of umfangsmikill. Hins vegar fylgdi ekki sögunni hvaða feldur er í pelsinum en margir telja þó að hann sé ekta, spurningin er bara hvers konar feldur þetta er," segir Svala Lind Þorvaldsdóttir um flíkina sem hún klæðist á myndinni.

Blússan er hvít hörmussa úr Companys, blúndusokkabuxurnar eru frá H&M en leðurstuttbuxurnar eru úr Rokki og rósum. „Þær eru uppháar og koma mjög vel út," segir Svala Lind en henni þykir mjög gaman að blanda saman nýju og gömlu og mismunandi áferð.

Þegar kemur að fatakaupum eru hæg heimantökin hjá Svölu Lind þar sem hún vinnur í Rokki og rósum með námi í Menntaskólanum við Hamrahlíð. „Ég útskrifast vonandi í vor og er framhaldið óráðið. Það eina sem ég veit er að mig langar að flytja til útlanda og prófa eitthvað nýtt en annars á ég eftir að ákveða það allt betur," segir hún hógvær.

Svala Lind lýsir fatastíl sínum sem fremur klassískum en hún hefur þó gaman af að brydda upp á nýjungum öðru hverju. „Mér finnst gaman að vera aðeins öðruvísi. Ég fíla allt frá hippalegum blómakjólum yfir í leðurjakka og Dr. Martens skó, þannig að sitt lítið af hverju heillar mig," segir hún og bætir við: „Þó skiptir máli að fötin séu þægileg og að manni líði vel í þeim. Maður skemmtir sér mun betur þannig og fötin njóta sín."

Spurð út í vortískuna sýnist Svölu Lind að þar beri svolítið á beislit og jarðarlitum. „Svokallaður nude eða beislitur virðist vera áberandi í bland við jarðliti sem ég er mjög hrifin af. Annars er um að gera að lífga svolítið upp á útlitið með skærum litum líka," segir hún og brosir. *hrefna@frettabladid.is*


tamrac



**Ljósmyndatöskur og bakpokar**

FOTO VAL
**Myndavélaviðgerðir**
**Skipholti 50B**
**Sími 553 9200**

**www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is**



**Vilt þú deila þekkingu og reynslu með öðrum?**

**Óskum eftir leiðbeinendum á námskeið og samverur**

- Ljósmyndun
- Jóga
- Tai Chi
- Taflkennsla
- Briddskennsla
- Kennsla á GPS staðsetningatæki

*Einnig vantar okkur sjálfboðaliða til að stjórna söngstundum og framreiða veitingar fyrir þátttakendur.*

Kópavogsdeild Rauða krossins er að hrinda í framkvæmd nýju verkefni sem ber heitið **Nýttu tímann: Námskeið – Fyrirlestrar – Samverur** og er því ætlað að ná til atvinnulausra og þeirra sem hafa þurft að minnka við sig vinnu.

**Námskeiðin verða í mars, apríl og maí á mánudögum og miðvikudögum kl. 10-13 í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11. Þau eru öllum opin og ekkert þátttökugjald.**

***Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við deildina í síma 554 6626 eða á kopavogur@redross.is.***

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626. kopavogur@redcross.is.



Europris KRÓNAN HAGKAUP NÓATÚN Melabúðin Þín verslun KJARVAL

**matarkarfan.is**

**Nú skiptir miklu máli að gera hagkvæm innkaup.**
**matarkarfan.is**
**gerir leitina að nýjustu tilboðunum þægilegri og auðveldari til hagsbóta fyrir alla.**

Farið á www.matarkarfan.is og byrjið að spara. Hagkvæm tilboð alla daga.



**VÍSIR.IS**
*„...ég sá það á vísi"*

# ;TÍSKA

**VIÐSKIPTAVINIR KRINGLUNNAR** geta fengið alls kyns vinninga í dag og á morgun í Confessions of a Shopaholic-leik sem stendur nú yfir. Meðal þeirra eru gjafakort í Kringluna, miðar á samnefnda mynd í Sambíóunum og treflar hannaðir af Patriciu Fields.






Vandaðir herraskór úr leðri í úrvali.
Stærðir: 40 - 47
Verð: 11.500.- 12.450.-

**Misty skór**

*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



**Takk fyrir vatnið**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is





Ernest Beaux bjó til ilmvatnið Chanel No. 5 fyrir Coco Chanel árið 1921. Chanel taldi að konur ættu að bera ilmvatn á alla þá staði sem þær vildu láta kyssa. Í dag selst að meðaltali ein flaska á hverjum 30 sekúndum.

**www.fashion-era.com**



Fyrirsætur sem sýndu á tískusýningu Miss Sixty skörtuðu hinum myndarlegustu axlapúðum.

NORDICPHOTOS/GETTY



Skærir litir, munstur og herðapúðar voru áberandi í tískusýningu Marc Jacobs.

Klassískt pils og skyrta með örlitlum axlapúðum frá Donnu Karan.

Axlapúðar Donnu Karan voru settlegir og litatónar dökkir.

# *Halló axlapúðar*

**Níundi áratugurinn sveif yfir vötnum á Mercedes-Benz tískuvikunni í New York í vikunni. Axlapúða og skæra liti gat að líta hjá hönnuðum á borð við Marc Jacobs, Donnu Karan og Miss Sixty.**

Mercedes-Benz tískuvikan í New York stendur nú yfir og lýkur á morgun. Mikið hefur verið um dýrðir að venju en athygli hefur vakið að hönnuðir tískuhúsanna virðast hafa orðið fyrir talsverðum áhrifum frá tísku níunda áratugarins. Má þar nefna axlapúða sem voru mjög áberandi á þeim dýrðarárum ásamt síðu hári og skærum litum. Nú virtust axlapúðar vera orðnir hönnuðum hugleiknir á ný. Sáust þeir í mismiklum mæli á tískufötum Donnu Karan, Alexander Wang, Miss Sixty, Diane von Furstenberg og Marc Jacobs.

Axlapúðar eru kannski ekki það sem menn myndu kalla hápunkt tískusögunnar og eru fyrirlitnir af mörgum. Þeir virðast hins vegar vera orðnir að veruleika á ný.

*solveig@frettabladid.is*





**NÝTT**

Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol

Flexitol

**Fæst í apótekum, fótaaðgerðastofum, snyrtistofum og öðrum verslunum.**



ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri



System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.900.-

Heimir Karlsson

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



**Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar**




SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR
F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*

**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek og snyrtivöruverslanir



# HANSKADAGAR

NÚ ERU SÍÐUSTU HANSKADAGAR VETRARINS
Í 3 DAGA FRÁ FIMMTUD. TIL LAUGARD.

30% afsláttur á Bláum flugfreyjuhönskum
Lúffum úr elgskinni og síðast en ekki síst
öllum brúnum hönskum



Tösku og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is



# LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR. GÓÐ TILBOÐ

MaxMara **HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862** MARINA RINALDI

STÆRÐIR 42-54



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

## Gamlar lummur fyrir herrana

Útsölum er lokið og sumartískan hefur að mestu tekið völdin í verslunum hér eins og annars staðar. Vissulega hressandi að sjá bjarta vorliti eftir dökku vetrarlitina í búðargluggunum og eins og vorhreingerning þegar útsölurvörurnar og auglýsingaspjöldin eru horfin. Sumir bjóða þó enn vetrarvörur á vægu verði því sumartískan fer hægt af stað og betra er að selja gamlar vörur með afslætti en alls ekki neitt. Og víst er að margir eiga sömuleiðis nóg eftir af vetrarvörum.

Almennt má segja að tískan hallist til hagsýnni og nothæfari varnings með versnandi efnahag en þó má ekki gleyma að tískuhús og verslunareigendur pöntuðu sumarlínuna sem nú er að að koma á markað síðasta sumar svo að kreppuáhrifin eru ekki komin fram að fullu og verða ekki fyrr en með næstu hausttísku. Í Mílanó til dæmis var tískuviku að ljúka og var hún stytt um einn dag vegna þess hversu margir afboðuðu komu sína. Nú er að sjá hvað gerist í París í marsbyrjun á tískuvikunni hér.

Það er kannski einmitt vegna þess að nokkurrar litagleði gætir í herratískunni og margt sem gleður augað í sumar. Til dæmis hjá Calvin Klein sem hannar jakkaföt í skærum litum, ljósgræn eða gulrauð. Hvernig væri nú að sletta úr klaufunum eins og kýr að vori, gefa lífinu lit og leggja svörtu fötunum, þó ekki væri nema í nokkra mánuði?

Eins og flestir tískuáhugamenn vita sækja hönnuðir mikið til fortíðar um þessar mundir og það sama verður upp á teningnum í sumar. Tilvistarkreppa fylgir nútímalífi, nú meira en nokkru sinni, þótt ekki væri nema vegna umhverfisvanda og heimskreppu sem jafnvel fylgja átök milli ólíkra stétta og heimshluta. Þá er auðvelt að snúa sér að nafla sínum og sækja innblástur til fortíðar.

Dior er undir áhrifum elektró og teknó með þröngum buxum, jafnt silfruðum sem gylltum eða bronslitum, og uppháum íþróttaskóm sem nota á við fagurbláa og málmlita vindjakka og ekki verra að eiga gulrauðan hlýrabol við. Örfín belti eru notuð með buxunum sem auðvitað eru gyllt. Thierry Mugler gengur í endurnýjun lífdaga án Muglers og nú er það Rosemary Rodriguez sem hannar og leitar í gullöld Muglers í kringum 1980. John Galliano er hins vegar einn af fáum sem tekur áhættu, setur menn í pils og leggins-buxur og við þetta notar hann auðvitað leðurólar í sadó-masó-stíl. Ekki hægt að segja að hann bjóði upp á upphitaðan graut meðan flestir aðrir eru á sveimi í fortíð, milli áranna 1970-90.

Þegar litið er í búðarglugga fer þó heldur minna fyrir litum. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að það er auðvelt að endurnýta gamlar lummur í sumar.

*bergb75@free.fr*

## Sögulegar skírskotanir

**Nostalgían sveif yfir vötnum á nýlegri tískusýningu Christian Dior.**

John Galliano heldur áfram að leika sér með kvenleg form og sögulegar skírskotanir ef marka má vor- og sumarlínu hans fyrir Christian Dior sem hann sýndi í París á dögunum. Þar mátti sjá reyrð mitti, marglaga pils og barðastóra hatta.

Galliano er þekktur fyrir nostalgíska hönnun í anda fjórða áratugarins. Flíkurnar minna oftar en ekki á leikhúsbúninga og eru auðugu ímyndunarafli hans engin takmörk sett. „Ég lít á það sem mitt hlutverk að hanna kvenfatnað sem er til þess fallinn að draga karlpeninginn á tálar,“ hefur verið haft eftir honum.

*- ve*




ALLT



512 5447
auglýsingasími

ALLT



512 5473
AUGLÝSINGASÍMI

Nýjar vörur frá LauRie



Str. 36-56
Feminin fashion
Tískuverslun fyrir flottar konur
www.feminin.is • feminin@feminin.is
Bæjarlind 4, Kópavogi • sími 544 2222
Opið mán.-fös. kl. 11-18 - lau. 10-16



Ferming í Flash
• Kjólar
• Ermar
• Leggings
• Skart
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Síðasta vika útsölu
60-80% afsl.
hjá Hrafnhildi
• Engjateigi 5
• Sími: 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 10-16

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Góðverk dagsins!
Kynntu þér málið nánar á
visir.is

Sófalist
Fermingartilboð !



Nú er um að gera að nýta síðustu daga útsölu okkar til fermingargjafa.
Gjafakörfur - mikið úrval af snyrtivörum frá Camille Beckmann - gæða vörur í fallegum gjafapakkningum eða í fallega skreyttum körfum. Glæsilegir Swarovski skartgripir - Rúmteppi í miklu úrvali.
Sófalist, Garðatorgi Garðabæ S. 553 0444, www.sofalist.is

**IKEA** býður upp á ókeypis andlitsmálun, myndatöku og skotbakka á öskudaginn. Þá verður einnig búningasamkeppni og kötturinn sleginn úr tunnunni. Tilvalið tækifæri til að sameina innkaup og fjölskylduskemmtun.




White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



Þurrkari
- 10 kg -

Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS




## Gefum lífinu lit

ÞEGAR GRÁMYGLULEGUR HVERSDAGSLEIKINN ER AÐ GERA ÚT AF VIÐ MANN ER TILVALIÐ AÐ GEFA LÍFINU LIT Í BÓKSTAFLEGRI MERKINGU.

Einföld leið til að flikka upp á umhverfið og breyta til er að taka upp málningarpensilinn og láta gamminn geisa. Breyta má ótrúlega miklu bara með því að mála og ekki er nauðsynlegt að mála allt heimilið.

Nóg getur verið að mála einn vegg í afgerandi lit eða mála skápa og húsgögn. Einnig er hægt að dúlla sér við að mála minni hluti eins og lyklaskápa, ramma og hillur. Þeir glysgjörnu geta síðan skreytt herlegheitin með stenslum, útflúri eða sjálfsprottnum listaverkum. Einnig má líma skraut á verkið. *- hs*



Selma Ragnarsdóttir segir lítið mál að útbúa heimatilbúna öskudagsbúninga á krakkana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Draugar og klappstýrur

**Öskudagur nálgast og um að gera að kíkja í fataskápana í leit að gömlum flíkum og fylgihlutum. Úr sér gengnar gardínur, buxur af afa og innkaupapokar eru prýðis efniviður í heimatilbúna búninga.**

Selma Ragnarsdóttir, kjóla- og klæðskerameistari, stóð á dögunum fyrir hugmyndasmiðju um heimatilbúna öskudagsbúninga í Gerðubergi. „Þetta snerist um að nýta það sem til er heima til að búa til öskudagsbúninga á sem ódýrastan hátt,“ segir Selma og bendir á að gamlar flíkur og gardínur séu tilvalin í búninga á börn enda þurfi ekki mikið efni í föt á þau. „Við vorum með einföld snið sem hægt var að breyta á margan hátt. Flest voru næstum kassalaga en hægt var að búa til úr því bæði indjána og draug,“ segir Selma. Einnig var vinsælt að sauma samfestinga, skikkjur og að búa til klappstýruhristur úr innkaupapokum.

Selma segir ekki mikinn vanda að útbúa öskudagsbúninga. Stundum þurfi ekki einu sinni að kunna á saumavél. „Til dæmis er hægt að nota buxur af pabba eða afa, skella á þær axlaböndum og setja slaufu um hálsinn og þá er kominn fyrirtaks trúður,“ segir Selma en slaufuna segir hún auðvelt að gera, einungis þurfi að búa til kassalaga snið og rykkja það í miðjunni. Selma telur mun meira skemmtanagildi fylgja því að útbúa búning heima en að kaupa hann tilbúinn í leikfangabúð. „Það verður alltaf meiri karakter í kringum búninginn eins og var í gamla daga,“ segir Selma og bætir við að heimatilbúnu búningarnir séu alveg örugglega ódýrari kostur. „Svo förum við vonandi líka að hugsa um að nýta meira það sem til er,“ segir Selma. Innt eftir því hvað sé vinsælast hjá krökkunum segir hún að strákarnir virðist frekar vera fyrir drauga og hrylling en stelpurnar séu heldur prinsessur og klappstýrur.



Draugar eru vinsælir á öskudaginn.

Selma rekur búningaleiguna Hexíu þar sem hún leigir út búninga fyrir fullorðna. Hún segir vinsældir leigunnar fínar en stærsta vikan hafi verið fyrir Hrekkjavöku. „Við erum með kjóla og fatnað frá alls konar tímabilum, dýr, þekktar persónur og ofurhetjur,“ segir Selma en á síðasta ári voru ABBA-búningarnir lang vinsælastir.

*solveig@frettabladid.is*


Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Neysluvatnshitarar

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is




FYRIR BÚSTAÐINN OG HEIMILIÐ

Opið: má-fö. 12-18, lau.11-16
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is

Comptoir de Famille

Nóra




Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi eða frítímaslysi getur þú átt rétt á bótagreiðslum. Hafðu samband við PACTA lögmenn sem fyrst og kannaðu rétt þinn til bóta. Við höfum áralanga reynslu á þessu sviði.

Fyrsta viðtal til að skoða málið er þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband og pantaðu viðtal í síma 440 7900 eða á www.pacta.is

PACTA LÖGMENN

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrókur | Akureyri | Egilsstaðir | Vestmannaeyjar


# fjármál heimilanna

FIMMTUDAGUR 19. FEBRÚAR 2009




NORDICPHOTOS/GETTY




**Á ils.is getur þú:**
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

**Önnur þjónusta á ils.is:**
- Bráðabirgðamat
- Reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Ýmsar þjónustubeiðnir

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

## Kynntu þér lánakjörin á ils.is

**Greiðslumat**
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

**Lánsumsókn**
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður



Ruth Shortall gjaldkeri og Taru Lehtinen, formaður Gaia. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fataskipti á Háskólatorgi

Gaia, nemendafélag meistaranema í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, stendur fyrir Grænum dögum annað árið í röð. Verða hinir Grænu dagar fyrstu vikuna í mars og munu ýmiss konar málefni verða á dagskrá er lúta að umhverfisvernd eins og aukin endurvinnsla í Háskóla Íslands og fleira. Fyrirlestrar og uppákomur af ýmsu tagi eru í boði og má þar nefna Græna tísku sem er fataskiptimarkaður.

„Við ætlum að standa fyrir fataskiptimarkaði á Háskólatorgi 5. og 6. mars frá klukkan ellefu til tvö báða dagana,“ segir Taru Lehtinen, formaður nemendafélagsins Gaia, og heldur áfram. „Þá getur fólk komið með gömlu fötin sín, fengið fyrir þau skiptimiða og síðan er hægt að fá aðra flík í staðinn. Ef fólk á ekki föt til að skipta þá er líka möguleiki að greiða nokkur hundruð krónur fyrir flíkina.“ Nú þegar hefur safnast mikið magn fata og er fólki velkomið að mæta með föt hvenær sem er og fá skiptimiða. „Þeir sem hafa áhuga á því geta hringt í Ruth Shortall, gjaldkera, í síma 820 7687 en einnig má senda tölvupóst á ruderuth@gmail.com,“ segir hún.

Fatamarkaðir sem þessi tíðkast víða í háskólum erlendis og fór Taru á einn slíkan þegar hún var við nám í Gautaborg. „Mér þótti hugmyndin frábær og vildi gjarnan láta á hana reyna hér á Íslandi,“ segir hún ánægð og bætir við að tilvalið sé að verða sér úti um föt fyrir vorið án þess að eyða fúlgum fjár í tískubúðum. „Hjá okkur kennir ýmissa grasa og erum við með mikið úrval af fínum fötum.“ Nánari upplýsingar um dagskrá Grænna daga má finna á nemendafelog.hi.is/Gaia/ en einnig er hægt að skrá sig í hóp á trýnu (facebook): Green Days - University of Iceland. *- hs*

## ● ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ



Lögmannavaktin er ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir almenning. Það er Lögmannafélag Íslands sem býður þessa þjónustu alla þriðjudagseftirmiðdaga nema í júlí og ágúst.

Markmiðið með ráðgjöfinni er að veita upplýsingar um réttarstöðu og hvert er hægt að leita eftir nánari úrlausn mála.

Starfandi lögmenn veita ráðgjöfina á skrifstofu félagsins að Álftamýri 9 en reiknað er með um það bil 15 mínútum á mann. Æskilegt er að þeir sem nýti sér þjónustuna undirbúi fyrirfram þær spurningar sem þeir ætla að leggja fyrir lögmanninn.

Panta þarf tíma og er tekið við pöntunum alla virka daga frá 9 til17 í síma 568 5620. Íbúar höfuðborgarsvæðisins koma á skrifstofu félagsins að Álftamýri 9, 108 Reykjavík, en hringt er í íbúa landsbyggðar. Sjá www.lmfi.is.




Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, leggur til að fólk haldi heimilisbókhald. Finna má einfalt skjal til að fylla út á vefsíðunni rad.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mikil aðsókn í þjónustu

**Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna veitir fólki sem á í greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa ráðgjöf og er mikil eftirspurn eftir þjónustunni um þessar mundir.**

„Við veitum fólki sem á í verulegum greiðsluerfiðleikum og er komið í þrot með fjármálin endurgjaldslausa ráðgjöf og hefur þessi starfsemi verið í gangi síðan í febrúar 1996,“ segir Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Sextán aðilar koma að rekstri Ráðgjafarstofunnar, fjármálastofnanir og félagslegar stofnanir, og gildir það samkomulag út árið 2012. „Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna var upphaflega tilraunaverkefni sem komið var á laggirnar af félagsmálaráðuneytinu árið 1996. Árið 2007 var undirritað nýtt samkomulag til næstu fimm ára og er þetta samstarf mikill kostur,“ útskýrir Ásta. Ráðgjafarstofan aðstoðar fólk við að fá yfirsýn yfir stöðu mála og hjálpar til við að útbúa greiðsluáætlanir. „Við reynum að finna lausnir á vandanum en margir aðilar koma að málum, bankar og fleiri. Þegar fólk leitar eftir aðstoð okkar þá er fyllt út umsóknareyðublað og útbúið fjárhagsyfirlit þar sem við tökum niður tekjur og eignir og vinnum út frá viðmiðunarneyslutölum okkar, en reyndar eru ekki til nein almenn neysluviðmið á Íslandi,“ segir Ásta og bætir við að hluti vandans sé sá að fólk sé búið að missa tökin og skorti því nauðsynlega yfirsýn.

Fólk fær fjárhagsyfirlit og tillögu ef svo ber undir. Síðan er afhent bréf þar sem þetta er allt skýrt út. „Við hugsum þetta sem ákveðið verkfæri til að fara með til kröfuhafanna til að þeir sjái heildarstöðuna,“ segir Ásta og heldur áfram: „Fólk skuldar oft hjá svo mörgum þannig að heildarmyndin hjálpar fólki sem ætlar að leita eftir samningum við kröfuhafa.“

Ýmsir sérfræðingar starfa hjá Ráðgjafarstofunni en þar vinnur fólk menntað í lögfræði, viðskiptafræði, hagfræði, sálfræði, félagsfræði og fasteignasölu. „Hjá okkur starfa tólf manns og má segja að umhverfið sé mjög þverfaglegt,“ segir Ásta og brosir.

Aðsókn í þjónustu Ráðgjafarstofunnar hefur ríflega tvöfaldast milli ára og hafa myndast biðlistar. „Róðurinn var farinn að þyngjast í mars og apríl í fyrra en við hrunið þá fjölguðum við starfsfólki. Samt eru enn biðlistar,“ segir hún og viðurkennir að eftirspurnin sé í raun meiri en Ráðgjafarstofan getur sinnt. „Hins vegar erum við með símatíma í síma 551 4485 alla virka daga frá níu til fjögur og netspjall á rad.is þar sem komast má í beint samband við okkur. Síðan má auðvitað senda fyrirspurn með tölvupósti og á vefsíðunni okkar eru ýmis eyðublöð sem hægt er að fylla út og nýta þannig tímann.“ Auk þessa geta þeir sem lenda á biðlista fengið eins konar fyrstu aðstoð til að koma sér af stað. „Segja má að öll flóran leiti til okkar en helsta breytingin er sú að nú leitar til okkar fólk sem hefur ekki verið í vanskilum áður en er að lenda í því núna.“ *- hs*

Fjölskyldur fá ...



... endurgreiðslu!

Skilvísir viðskiptavinir í Fjölskylduvild SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2008. Fjölskylduvild SPRON stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar og er án endurgjalds.

**Skráðu fjölskylduna á spron.is** og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

Nánari upplýsingar
Þjónustuver 550 1400 | spron.is

spron

ARGUS / 09-0034



## Niður með höfuðstólinn

"Hæ, hæ.
Við erum svo ævinlega þakklát að við erum í skýjunum.
Það er sko engin kreppa á okkar heimili í dag :-) Mig langar að deila því með þér að við erum að borga aukalega inn á húsnæðislánið, þ.e. höfuðstólinn, og munum gera það framvegis. Þannig að við erum að verða algjörlega skuldlaus.
Við erum innilega þakklát fyrir sparnaðarkerfið ykkar og frábæra þjónustu sem við fengum hjá þér :-)
Kveðja,
Lára Bryndís & Bragi"



Hagkerfi Sparnaðar er sett saman úr þremur meginþáttum:

- Fjárhagskerfi heimilanna
- Uppgreiðsluþjónustu
- Sparnaði

Hagkerfi Sparnaðar vinnur út frá hugmyndafræði Ingólfs H. Ingólfssonar sem snýst m.a. um að greiða hratt niður skuldir, hafa gaman af því að nota peningana, spara og byggja upp eignir. Með Hagkerfi Sparnaðar fá viðskiptavinir aðgang að hugbúnaði til þess að ná stjórn á fjárstreymi heimilisins. Einnig geta viðskiptavinir fengið þjónustu varðandi uppgreiðslu lána og kynningu á sparnaðarleiðum.

Hringdu og pantaðu tíma hjá ráðgjafa og við hjálpum þér að ná árangri.

**Sími: 577 2025**

www.sparnadur.is

HAGKERFI
SPARNAÐAR

SPARNAÐUR

Holtasmára 1   201 Kópavogur   Sími: 5772025   www.sparnadur.is

# Óskert lífsgæði án niðurskurðar

„Óskert lífsgæði án niðurskurðar, er boðorð dagsins. En við verðum að vita hvert krónurnar okkar eru að fara til að geta átt afgangspening, sem við getum svo lagt til hliðar eða eytt. Því þurfum við að geta stuðst við ákveðið kerfi sem veitir okkur yfirsýn á fjármálin," segir Vésteinn Gauti Hauksson, hjá Spara.is sem býður upp á aðgang að forritinu Fjárhagskerfi heimilanna sem notað er til að stýra útgjöldum.

„Menn skrá eigin neyslu og allrar fjölskyldunnar inn í kerfið. Þeir geta svo séð hvar var farið yfir strikið þegar mánuðurinn er yfirstaðinn svo dæmi sé tekið; passað sig síðan að ætla útgjöld næsta mánaðar í kerfinu svo að leikurinn endurtaki sig ekki." Vésteinn bætir við að menn geti að auki fengið yfirlit frá Hagstofunni sem sýni meðalútgjöld svipaðra fjölskyldugerða til að bera sig saman við.

En hvað með meðferð upplýsinga viðskiptavina? „Við förum líkt og bankarnir eftir ákveðnum ákveðnum reglum og förum með allar upplýsingar sem trúnaðarmál," útskýrir hann.

Að sögn Vésteins er kerfið fremur einfalt í notkun. Sótt er um áskrift á vefsíðunni spara.is, en mánaðargjald fyrir þjónustuna er 1.960 krónur. „Innifalin er líka uppgreiðsluþjónusta, þar sem við getum skipulagt niðurgreiðslu lána fyrir menn. Fólk hefur sparað sér mikla peninga með því að notfæra sér hana."

Að auki er hægt að fá fría, klukkustundar kennslu á forritið hjá ráðgjöfum fyrirtækisins Sparnaðar ehf. sem á í samstarfi við Spara.is. „Áhugasamir geta haft samband við okkur og við beinum þeim einfaldlega til réttra aðila," segir Vésteinn. *- rve*



**Vésteinn segir gott að styðjast við forritið til að eignast afgangspening.**

Við mælum heyrnina þína ókeypis!

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu næst þegar þú átt leið í Kringluna. Það tekur aðeins stutta stund að fá heyrn sína mælda, en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Hápróuð heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

TRYGGINGASTOFNUN TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU HEYRNARTÆKJA!

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

Góðverk dagsins!

Kynntu þér málið nánar á

vísir.is



**Benedikta G. Waage kennir húsfreyjum framtíðar hagsýni og ráðdeild í heimilisrekstri og daglegri matseld við Hússtjórnarskólann í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Virðing gamla heimilismatarins hefur aukist

**Nú er liðin sú tíð að hægt sé að fara kærulaus með budduna í matarinnkaup til heimilisins og kjörorð dagsins hagsýni og ráðdeild.**



„Lykill að hagkvæmum innkaupum er að gera nákvæman matseðil fyrir allar máltíðir vikunnar," segir Benedikta G. Waage, matreiðslukennari við Hússtjórnarskólann í Reykjavík, innt eftir sársaukaminnstum tilkostnaði við daglega matseld og heimilishald.

„Spara má stórfé með því að kynna sér vel tilboð verslana í viku hverri því þar eru oft veittir rausnarlegir afslættir af tilteknum matvælum. Þá færist aftur í aukana að hagsýnar húsmæður kaupi lamba- og nautaskrokka í frystikistuna, ásamt fiskflökum í kassavís, en það lækkar matarútgjöldin til mikilla muna, enda það hráefni sem jafnan er dýrast á innkaupalistanum og tekur mest í."

Benedikta bendir á gott sparnaðarráð hvað varðar afganga þegar matseðill vikunnar er ákveðinn. „Þá er hægt að hafa soðinn fisk eitt kvöldið en plokkfisk úr afgöngum hans síðar í vikunni eða heilan kjúkling í eina máltíð og afgang hans í mexíkanskar pönnukökur í aðra máltíð. Eins er upplagt að nýta grænmetisafganga í pastasósur og súpur," segir Benedikta sem hefur á tilfinningunni að Íslendingar hafi hent miklu af mat á undanförnum árum en hljóti að hætta því nú, enda megi nýta velflesta afganga með því að bæta við öðru hráefni sem gerir matinn merkilegri, eins og eggjum og osti.

Benedikta segir sláturgerð að hausti vera búbót sem gefi af sér ótal hollar og saðsamar máltíðir. „Virðing fyrir gamla og góða íslenska heimilismatnum hefur aukist mjög á stuttum tíma og í Hússtjórnarskólanum bíður ungt fólk nú í ofvæni eftir kjötsúpu, kjötbollum úr kjötfarsi, fiskbollum úr fiskfarsi, plokkfiski, slátri og öðru, og finnst áskorun að matreiða úr rófum, gulrótum og hvítkáli, sem er hagkvæmt lostæti en hefur lengi þótt hversdagsmatur frá gamalli tíð."

Að sögn Bendiktu má spara stórfé á heimabakstri í stað þess að versla brauð og bakkelsi í bakaríum og búðum. „En sé brauð keypt út úr búð skal ávallt geyma það í frysti og taka út sneiðar til að þíða svo brauðið nýtist allt. Þá má baka lúxus-útgáfur af heilum tertum sem eru annars seldar rándýrar í sneiðum. Heimagerðar pitsur eru svo hreint sælgæti og miklum mun ódýrari en aðkeyptar pitsur, með heimagerðum botni, sósu og áleggi að eigin vali. Með öllu skyldi svo ávallt borið fram vatn, eða í besta falli djúsþykkni í stað dýrra djúsa í fernum og helst að sleppa gosi að öllu leyti." *- þlg*

# Nemaþjónustan ódýrari

Hjá tannlæknanemum Háskóla Íslands er hægt að fá ódýra tannlæknaþjónustu. Ef fólk hefur tímann fyrir sér gæti hentað í einhverjum tilvikum að nýta sér það.

Einu sinni í viku eru skoðunardagar, eða á miðvikudögum, eftir hádegi, á annarri hæð Læknagarðs við Vatnsmýrarveg 16. Þangað getur almenningur leitað eftir skoðun og greiningu hjá tannlæknanema og greiðir fyrir það 3.000 krónur. Eftir það er greiddur efniskostnaður ef um smíði er að ræða. Hægt er að fá tannréttingaþjónustu hjá nemum en hafa ber í huga að það getur tekið lengri tíma en hjá sérfræðingi þar sem í skólanum eru ákveðnar hlutir kenndir á ákveðnum tímum. Síðasti kennsludagur er síðan um miðjan apríl og hefst skólinn aftur að hausti.

Börn undir átján ára aldri þurfa ekki að greiða fyrir þjónustu hjá tannlæknanemum Háskóla Íslands en Tryggingastofnun sér um þá reikninga. Það getur því verið heimilisbókhaldinu hollt að nýta sér þessa þjónustu en hafa ber þó í huga að þarna er ekki veitt bráðaþjónusta. Því er ekki hægt að hringja með tannpínu og fá meðferð strax. *- rat*



**Ef fólk hefur tímann fyrir sér er hægt að nýta sér ódýra þjónustu tannlæknanema í Háskóla Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Gísli Árni Eggertsson hjá ÍTR telur breytingar á frístundakorti ekki ýta undir ójöfnuð.

# Rýmkaðar reglur

Frístundakort sem reykvískir foreldrar geta nýtt til að greiða niður íþrótta-, lista- og tómstundastarf barna sinna voru tekin í notkun haustið 2007. Um síðustu áramót stóð til að styrkurinn myndi hækka úr 25.000 krónum í 40.000 krónur en þeim áformum var frestað í ljósi efnahagsástandsins. Jafnframt var tekin ákvörðun um að rýmka reglurnar þannig að foreldrar geta nú nýtt kortin til að greiða niður dægradvöl barna sinna eftir skóla.

Meginmarkmið Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Í ljósi þess má spyrja hvort breytingarnar leiði ekki til þess að efnaminni foreldrar nýti kortin frekar til að greiða niður frístundaheimili fyrir börn sín, sem verði til þess að þau taki síður þátt í starfsemi hinna 140 frjálsu félaga sem eru aðilar að frístundakortinu. Gísli Árni Eggertsson, skrifstofustjóri Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur, svarar því.

„Við lítum svo á að börnin séu að taka þátt í formlegu frístundastarfi á frístundaheimilunum en þar fer fram margs konar starfsemi sem er sniðin að aldri þeirra og þörfum. Þá taka ekki öll börn sem sækja frístundaheimilin þátt í öðru frístundastarfi og þótti ástæða til að gefa foreldrum þeirra möguleika á að nýta kortið til að greiða niður dægradvölina. Það skal þó tekið fram að full vistun á frístundaheimili kostar um 8.000 krónur á mánuði og dugar kortið því ekki allt árið en ætti að geta létt undir,“ segir Gísli.

Hann segir að til standi að bera það saman hvort einhver breyting verði á skráningu barna í tómstundastarf hinna frjálsu félaga í ljósi rýmkunarinnar á notkun kortsins en þær niðurstöður liggja ekki fyrir. *- ve*



Katrín Jónsdóttir heldur utan um upplýsingasíðuna www.matarkarfan.is en þar setur hún inn tilkynningar um tilboð á matvörum verslana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hagsýnum til hagsbóta

Á vefsíðunni www.matarkarfan.is má nálgast upplýsingar um tilboð á matvöru ýmissa verslana. „Sigurgeir Orri Sigurgeirsson fékk hugmyndina að þessari vefsíðu og ég tók að mér að setja hana saman,“ útskýrir Katrín Jónsdóttir, vefstýra síðunnar www.matarkarfan.is.

Slagorð matarkörfunnar er að vera „hlutlaus í dagsins önn og bjóða þér að finna flest öll matartilboð á einum stað á nokkrum mínútum.“ Katrín leggur áherslu á að síðan taki ekki afstöðu til þróunar matarverðs í landinu né hampi einni verslun fram yfir aðra. „Við erum algerlega hlutlaus og birtum einfaldlega þau tilboð sem verslanir eru með. Við gerum alls ekki verðkannanir. Síðan er auðlesin en við setjum upplýsingarnar bæði inn myndrænt og upp í töflu og sýnum þannig neytendum ekki bara hvar eru góð tilboð, heldur líka hve mikill sparnaðurinn er í krónum og prósentum. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við síðunni bæði frá neytendum og kaupmönnum en það kemur þeim ekki síður vel að koma tilboðum sínum þarna á framfæri.“

Á síðunni gefst fólki einnig tækifæri á að senda inn stuttar ráðleggingar og segja frá því hvað það gerir til að spara. „Þannig fáum við heimilislega tengingu inn í þetta og síðan verður líflegri. En við pössum okkur þó á að gæta alltaf hlutleysis.“ *- rat*

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

MEÐLAGSGREIÐENDUR ATHUGIÐ

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111 - 26 - 504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101




Kynntu þér úrræðin KAUPÞING

Starfsfólk Kaupþings aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Heimilisbókhald
- Úrræði í greiðsluerfiðleikum
- Stöðumat
- Sparnaðarleiðir
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Lífeyris- og tryggingamál

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta útibúi Kaupþings.

# Vilja að fólk taki sjálft ákvarðanir

**Stærstur hluti bílalána helstu fjármögnunarfyrirtækja landsins er í erlendri mynt. Forsvarsmenn fyrirtækjanna segja erfitt að gefa fólki ráð varðandi erlend bílalán.**



Bílar bíða útflutnings. Vegna lítillar sölu bíla hér á landi eru margir fluttir aftur út. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Afborganir bílalána í erlendri mynt hafa hækkað mikið á síðustu mánuðum vegna óstöðugs gengis krónunnar. Haft var samband við forsvarsmenn þriggja fjármögnunarfyrirtækja til að athuga hvað lánþegum stendur til boða.

### SP-FJÁRMÖGNUN

Heildarfjöldi bifreiða í fjármögnun hjá SP-fjármögnun er á bilinu 21 til 22 þúsund og þar af eru um 90 prósent þeirra fjármagnaðar með bílasamningi.

„Lán í erlendri mynt voru um það bil 80 til 85 prósent af bílasamningum. Ef staðan væri tekin í dag þá væru um 97 prósent í erlendri mynt en það sveiflast eftir dögum og gengi," segir Haraldur Ólafsson, forstöðumaður þjónustusviðs SP-fjármögnunar.

Haraldur segir ekki marga viðskiptavini SP vera í vandræðum en þó hafi þeir þurft að leysa til sín einhverja bíla. „Hlutfallslega eru þetta enn sem komið er ekki margar bifreiðar enda höfum við unnið náið með viðskiptavinum okkar frá því í október og komum með sértækar lausnir strax í nóvember," útskýrir Haraldur en þá var leigutökum gert kleift að greiða aðeins vexti af samningum sínum. Nú er boðð upp á nýtt form þar sem leigutaki greiðir sömu upphæð og fyrst þegar hann tók bílasamning. „Ef þú gerðir bílasamning fyrir þremur árum með greiðslubyrði í 10.000 krónum sem síðan breyttist í 20.000 krónur, við fall krónunnar, þá greiðir þú nú 10.000 krónur + 25 prósent, eða samtals 12.500 krónur og ert þar af leiðandi ekki aðeins að greiða vexti heldur einnig niður hluta af höfuðstól lánsins," útskýrir Haraldur, en þessi leið er veitt í allt að átta mánuði.

Haraldur segir erfitt að ráðleggja nokkuð um erlendu lánin. „Það veit enginn hvernig fer og við leggjum áherslu á að fólk taki sjálft meðvitaðar ákvarðanir um hvað það vill gera."

### AVANT

Hjá Avant eru liðlega 12.000 einstaklingar og fyrirtæki með bílalán og bílasamninga og er meirihluti útlána Avant í erlendri mynt. Magnús Gunnarsson, forstjóri Avant, segir flesta viðskiptavini fyrirtækisins standa í skilum. „Þeim hefur þó fjölgað sem nú eru í lögfræðiinnheimtu. Avant reynir þó að finna raunhæfar leiðir fyrir hvern viðskiptavin sem sýnir viðleitni, getu og vilja til þess að standa í skilum þótt erfiðleikar steðji að honum um tíma," segir Magnús.

Hann segir erfitt að gefa fólki einhver sérstök ráð um hvað skuli gera við hin erlendu lán. „Höfuðstóll lána í erlendri mynt tekur daglegum breytingum eftir því hvernig gengi viðkomandi myntar er skráð hjá Seðlabanka Íslands. Avant fór að tilmælum ríkisstjórnarinnar um að þeim sem væru með lán í erlendri mynt byðist að frysta afborganir. Það gerðum við í trausti þess að ríkisstjórnin hugðist beita aðgerðum til þess að styrkja gengi íslensku krónunnar. Það hefur gengið eftir að nokkru leyti en ómögulegt er að segja hvort gengið mun styrkjast, standa í stað eða veikjast í náinni framtíð," segir Magnús og tekur fram að það sé í valdi viðskiptavinarins að óska eftir breytingum á skuldbindingum sínum, eins og að breyta erlendu láni í íslenskt, greiða það upp eða bíða átekta.

### LÝSING

Um það bil 15.000 einstaklingar eru með bílalán eða bílasamninga hjá Lýsingu og hafa flestir, eða um 85 prósent, kosið að taka lán í erlendri mynt.

Halldór Jörgensson, forstjóri Lýsingar, segir að einungis um fimm prósent viðskiptavina fyrirtækisins eigi í einhverjum vanda.

„Lýsing kemur að sjálfsögðu til móts við þá einstaklinga sem misst hafa vinnu undanfarið og eru á atvinnuleysisbótum eða öðrum bótum með því að bjóða þeim að greiða eingöngu vexti af lánum sínum. Hins vegar ráðleggjum við fólki að greiða af lánunum ef það mögulega getur en bjóðum upp á ýmis úrræði til að létta greiðslubyrðina eins og að greiða 50 prósent afborgana í þrjá mánuði og 75 prósent af afborgunum næstu þrjá mánuði," segir Halldór.

Hann segir, líkt og Magnús og Haraldur, að erfitt sé í þessari tíð að gefa fólki ráð varðandi erlendu bílalánin, fólk verði sjálft að taka ákvörðun um hvort skynsamlegra sé að greiða lánin upp eða breyta í íslenska mynt. *-sg*


## Kleopatra Kristbjörg



# Brot úr bókinni
# Hermikrákuheimur

Flestir heyra ekkert því þeir eru í hávaðanum, í tæknivæðingunni og í lífsgæðakapphlaupinu og hafa löngu týnt sér í öllu því sem glepur. Þetta mannkyn, þessir heimskingjar sem dreifa sér um jörðina eru fíklar. Það eru áfengisfíklar, eiturlyfjafíklar, spilafíklar,kynlífsfíklar, matarfíklar og ferðafíklar svo það helsta sé nú nefnt og ferðafíknin er ekki sú besta. Það er ekki nóg með það að fólk tapi eigum sínum vegna ferðafíknar, heldur tapar það og týnir sjálfu sér í þessari endaleysis hringavitleysu, æðandi út um allan heim eins og vitfirringar verður það alltaf rótlausara og eirðarlausara og getur því æ sjaldnar stoppað lengi heima og getur hvergi staldrað við eða við neitt því þá hefur það steypst í tómið, fíknin hefur tekið völdin. Af hverju verður manneskjan fíkill? Nú, það er nautnasýki og nautnasýkin er sprottin af sjálfselsku og myrkrið nær fólki í gegnum nautnasýkina. Agi er öllum nauðsynlegur og hann er meira en kostur, hann er dyggð.



Gunnar telur að vefsíður á borð við 2fyrir1.is létti undir með heimilunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Til mikilla hagsbóta fyrir heimili landsins

„Þetta er alíslenskur, ókeypis afsláttarklúbbur sem er eingöngu til á netinu og allt á helmingsafslætti eins og sjálft heitið gefur til kynna,“ segir Gunnar Andri Þórisson, sem stendur á bak við vefsíðuna 2fyrir1.is. Að sögn Gunnnars má finna allt milli himins og jarðar á síðunni. „Sem dæmi má nefna blómvendi, fótsnyrtingu, tungumálanámskeið og leikhússýningar svo fátt eitt sé nefnt og allt er með afslætti. Tilboðin eru svo síbreytileg og ný fyrirtæki og flokkar bætast reglulega við, síðast veitingastaðir og kaffihús. Við eigum núna í samstarfi við þrjátíu fyrirtæki og þjónustuaðila og reiknum með að þeim fjölgi verulega á næstunni.“



Hugmyndina að vefsíðunni fékk Gunnar síðasta sumar en lét opna fyrir skráningar í árslok 2008 og segir landsmenn hafa tekið framtakinu fagnandi. „Það sést einfaldlega af skráðum klúbbmeðlimum sem voru 10.318 talsins síðast þegar ég athugaði og fjölgar dag frá degi. Enda er þetta til mikilla hagsbóta fyrir heimilin í landinu, ekki síst í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu.“

Athygli vekur að konur eru í miklum meirihluta notenda á 2fyrir1.is, eða alls 75 prósent. Gunnar segist ekki hafa skýringu á reiðum höndum en telur ástæðuna líklega þá að konur fremur en karlar stýri innkaupum heimilanna. „Svo hefur sjálfsagt líka að segja að konur ræða þessa hluti sín á milli.“

Gunnar tekur fram að ekki kosti að skrá sig á 2fyrir1.is. Eingöngu sé krafist lágmarksupplýsinga, notendanafns og lykilorðs af hálfu notanda sem fær þá fullan aðgang að síðunni. *-rve*

# Aukið fjármálalæsi

Þessa dagana þykir ófáum eftirsóknarvert að geta lagt sjálfstætt mat á hluti er snúa að fjármálum og því ekki úr vegi að bregða sér á fjármálanámskeið í því augnamiði.

Námskeið í fjárhagsbókhaldi stendur til boða í Tækniskólanum en það er skipulagt sem fjarnám með tveimur staðbundnum lotum. Námskeiðið stendur frá 16. febrúar til 28. mars og enn hægt að skrá sig. Upplýsingar eru á tskoli.is.

„Námskeiðið gengur út á að kenna nemendum að lesa einfaldar hagtölur og skilja hvað er á bak við þær svo þeir öðlist betra fjármálalæsi,“ segir Bragi Rúnar Axelsson, sérfræðingur hjá Tækniskólanum. „Að námskeiði loknu eiga nemendur að kunna grundvallarhugmyndir fjárhagsbókhalds og skilja hvað kemur fram á ársreikningi,“ bætir hann við. Námskeiðið byggist að töluverðu leyti á myndbandsfyrirlestrum sem nálgast má á netinu. „Síðan eru unnin verkefni sem fólk skilar á netinu í gegnum sérstakt námsumhverfi og námskeiðið endar á prófi í sjöttu vikunni,“ útskýrir Bragi en einkunnum og umsögnum er einnig skilað í sama námsumhverfi.



Bragi Rúnar Axelsson kennir á námskeiði um fjárhagsbókhald hjá Tækniskólanum í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Námskeiðið er einna helst ætlað þeim sem eru í fyrirtækjahugleiðingum og eru að fara yfir ársreikninga fyrirtækja og vilja skilja hvað í þeim felst,“ segir hann og bætir við að þátttaka í einstökum námskeiðum hafi færst í aukana. „Oft vill fólk bara koma á eitt námskeið og læra það sem það þarf en hefur ekki endilega hug á að klára einhverja gráðu. Þá henta svona námskeið.“ *-hs*








**Hjá Snyrtiakademíunni í Kópavogi er hægt að panta tíma hjá nemendum gegn vægu gjaldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ódýrt dekur hjá snyrtinemum

Snyrtiskóli, förðunarskóli, naglaskóli og fótaaðgerðarskóli eru undir hatti Snyrtiakademíunnar í Kópavogi. Þeir, sem langar að láta dekra við sig en leggja ekki út í kostnaðinn sem því fylgir, geta nýtt sér þjónustu nemenda skólans.

Hægt er að panta tíma hjá nema í snyrtiskólanum og í fótaaðgerðaskólanum gegn vægu gjaldi og létta þannig á bókhaldi heimilisins. Meðal þeirra meðferða sem nemendur læra í snyrtiskólanum eru andlits-, herða- og höfuðnudd, djúphreinsun húðar og ýmiss konar sérmeðferðir. Í fótaaðgerðaskólanum fara nemendur meðal annars í gegnum fótsnyrtingu og mýkja upp harða húð svo eitthvað sé nefnt. *- rat*



**Með því að láta yfirfara ökutæki með reglulegu millibili er hægt að bregðast fyrr við og koma í veg fyrir óþarfa útgjöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Léttskoðun án endurgjalds

Bílaumboðið Ingvar Helgason býður viðskiptavinum sínum upp á léttskoðun bíla án endurgjalds. Gruni þá að eitthvað sé að geta þeir fengið skjóta ástandsskoðun hjá fagmanni.

„Við bjóðum viðskiptavinum að koma til okkar og fá álit fagmanns. Hann skoðar bílinn, fer yfir alla öryggisþætti, skoðar helstu slitfleti og gefur ráðleggingar um hvernig draga megi úr rekstrarkostnaði bílsins,“ segir Loftur Ágústsson markaðsstjóri. *- ve*







Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. 28" TV á 10þ. Eldavél á 8þ. Eldhúsháfur á 15þ. Þvottavél á 15þ. Bílahátalarar á 5 þ. Rúm á 5 þ. Barnakerra á 1þ. 20" TV á 5þ. 15" Tölvuflatskjár á 10þ. Borðstofuborð á 3þ og 1þ. Bíla-cd á 8þ. Svartur leðurstóll á 5þ. Flúorljós á 1þ. stk. Vatnshitari á 20þ. Örbylgjuofn á 4þ. Skíði, skór, stafir á 5þ. S. 896 8568.

Amerískt hjónarúm Queen size til sölu og Panasonic 28 tommu sjónvarp. Uppl í s 557 9939.

Er með 100þ. dollara til sölu. Fer til hæstbjóðanda. Uppl. dollarar@live.com

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Kaupum gull 10k, 12k, 14k, 18k, 22k, 24k gull**
**Óska eftir að kaupa gegn staðgreiðslu Hringa, hálsfesta, eyrnalokka, armbönd, styttur o.fl , Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! . Uppl í s. 693 6445.**

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**
**30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl.**
**Fríða frænka, Vesturgata 3,**

**Opið mánud - föstudaga 12-18**

**og laugard 12-14.**

**S. 551 4730 & 864 2223.**



Óska eftir að kaupa notaðar panelplötur með állistum. 6637499

**Evrur óskast**
**Óska eftir að kaupa evrur og dollara.**
**Regent Accounts Ltd Uppl. gefur Sverris í s. 618-7001**

Kaupi gull-og silfurskartg. Gr. allt að 1500 fyrir gullgram. uppl simi 6945751 „Geymið auglýsinguna"

Sambyggð trésm.vél óskast keypt t.d Robland eða samsvararandi. Uppl. í s. 897 0800.

Útstillingagínur. Vil kaupa útstillingagínur. Vala s. 820 1261.

**Veitingarekstur**
Óska eftir notuðum tækjum og tólum fyrir veitingarekstur. T.d. eldavél, kæli og frysti frístandandi / skáp, uppþvottavél, vask, háf, hrærivél, blandara, vinnuborði, pottum og ALLT. S. 821 7909

Óska eftir að kaupa CD og DVD diska. Uppl. í s. 698 8629.

**Gullskartgripir-Gull**
Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000.

## Hljóðfæri

Óska eftir Ampeg B15 Porteflex bassamagnara. Uppl. í s. 662 1112 & magnusarnioder@gmail.com

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

Besta skólatölvan! 7 tíma hleðsla! Hellingur fylgir og allt sem nýtt! S. 615 2689!

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Vélar og verkfæri



Til sölu lítið notuð golfþvottavél IPC CT40 BT55 yfir 2000 fm/klst. Hafið samband: 694-6337



Til Sölu 20kw 3ja fasa Rafstöð. Einangraður kassi er á svæðishjólum verð 650 þús. + vsk. Ath. Ónotað tæki. Einnig 500fm af gervigrasi. Uppl. í s. 857 2000.

## Verslun





Allir öskudagsbúningar á 2.000 kall! Mikið úrval. Partýbúðin, Faxafeni 11.



Komnar með til leigu í stærðum 1 árs upp í stórar herrastærðir, Ísl. hátíðarfötin smoking, kjólföt og Sjaket, Brúðarkjólaleiga Línu & Lilju Faxafeni 9 S. 567-0990

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**



**Nýjar vörur komnar**
Endilega kíktu inn á www.gala.is
Verslunin Emilía Suðurlandsbraut 50 (Bláu húsunum Faxafeni) S. 588 9925
Opið 11-18.laug 11-16.

## HEILSA

## Heilsuvörur




HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**www.paradis.is**

Vinsælu Comfort ferðanuddbekkirnir. Nokkrir eftir á gamla verðinu. Uppl. 8916447 Óli.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Námskeið

seaways sailing

**Skútu-Siglinganámskeið.**
**Seaways Íslensk Skútuleiga og siglinga- skóli, starfandi í Tyrklandi, áformar að halda verkleg námskeið fyrir skemmtibátaskírteini (seglskútu). Dagsetningar:**

**4-13 /04 ,13-23/04 og 23/04-03/05**

**Frábært tækifæri til að öðlast reynslu til að sigla á eigin vegum.**
**Nánari upp- lýsingar á vef-síðu okkar www.sjoleidir.is eða í síma 891 8747.**



**HNÍFAR-SILFUR-TÁLGUN-HNÍFAR**
Handverksnámskeið alla daga, sjá dagskrá á handverkshusid.is eða hringja. Handverkshúsið Bolholti 4, s. 555 1212.

## HEIMILIÐ

## Barnagæsla

Erum hjón í Hafnarfirði sem vantar staðfasta og góða manneskju eftir hádegi, fjóra daga í viku. Hlutverk viðkomandi yrði að líta eftir tveimur stúlkum 7 og 3ja ára, þvo þvott og sjá um önnur tilfallandi þrif. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Nánari uppl gefur Heiðar í síma 618 0317.

## Ýmislegt

**Ljósadagar!**
**25%**
afsláttur við kassa.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
Sími: 585 2888 - OPIÐ ALLA DAGA

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

## Þjónusta



# Endurskoða þarf skipulag og byggingarstarfsemi

**UMRÆÐAN**

Ari Skúlason skrifar um byggingarstarfsemi



ARI SKÚLASON

Eins og ég benti á hér í blaðinu fyrir skömmu, og allir hafa reyndar mátt vita lengi, hefur byggingarmarkaður farið algerlega úr böndum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Allt of mikið hefur verið byggt á undanförnum árum og það með mjög ómarkvissum hætti. Það á jafnt við um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, en hér er sjónum einkum beint að íbúðarhúsnæði.

Ástæður þessa eru margar. Mikil samkeppni var á milli sveitarfélaganna um framboð á byggingarlóðum, án þess að um nokkurt samráð væri að ræða þeirra á milli. Afkoma í byggingariðnaði batnaði í kjölfar mikilla verðhækkana á húsnæði og lægri fjármagnskostnaðar sem hvatti til að meira var byggt. Bankar og fjármálastofnanir höfðu lengi yfir nægu fjármagni að ráða og útlán voru mikil. Úr öllu þessu varð til mikið spennuástand. Þrátt fyrir að lóðaframboð væri ríflegt miðað við þarfir kom upp mikil umræða um skort á lóðum sem varð til þess að lóðaverð hækkaði mikið, sem aftur hækkaði byggingarkostnað og verðlag ofan á þær hækkanir sem aðrir þættir sköpuðu. Eftirspurn eftir húsnæði var verulega ofmetin, þar sem bæði einstök sveitarfélög og byggingafyrirtæki voru að sækja inn á sama markaðinn. Framboð á húsnæði var stórlega vanmetið þar sem fjölmörg byggingafyrirtæki og sveitarfélög voru að uppfylla sömu þarfirnar án innbyrðis samráðs. Lengi vel voru fjármálastofnanir til í að fjármagna alla þessa starfsemi, þótt eitthvað hafi hægt á þegar leið á árið 2007.

Ljóst hefur verið allt frá 2005 að of mikið íbúðarhúsnæði væri í byggingu. Ætla má að miðað við venjulegar aðstæður þurfi í kring um 1.500 nýjar íbúðir árlega inn á markaðinn á höfuðborgarsvæðinu til þess að anna venjulegri eftirspurn sem verður til vegna fólksfjölgunar og annarra lýðfræðilegra þátta. Flutningar fólks, bæði af landsbyggðinni og frá útlöndum trufla þessa mynd eitthvað, en ekki mikið. Á árunum 2003-2007 var að meðaltali lokið við byggingu um 1900 íbúða á ári og yfir 2.000 síðustu 3 árin. Opinberar tölur fyrir 2008 liggja ekki fyrir, en ætla má að talan fyrir 2008 sé nokkuð fyrir neðan 2.000. Því verður auðvitað ekki neitað að tímabundin og mikil fjölgun útlendinga varð til þess að menn höfðu minni áhyggjur af of miklu framboði en ella hefði orðið. Því má segja að mat á því hversu mikið húsnæði þyrfti að byggja hafi af einhverju leyti smitast af þeirri bjartsýni sem ríkti á öllum sviðum. Þau sjónarmið eru líka uppi að þessi mikla uppbygging á síðustu árum hafi komið niður á gæðum bæði húsnæðis og byggðar og muni hafa neikvæð áhrif á þróun næstu ára.

Staðan á byggingarmarkaði er nú erfið, við eigum nokkurra ára lager af húsnæði og tilbúnum lóðum. Framkvæmdir eru í algeru lágmarki og eftirspurn eftir nýjum íbúðum nær engin. Markaðurinn er í rauninni helfrosinn og það mun taka langan tíma að koma eðlilegu ástandi á aftur. Breytingar á mörgum þáttum þarf til þess að ástandið batni, þar nægir að nefna lægri verðbólgu, lægra vaxtastig, auknar tekjur og atvinnu og betri lánamöguleika. Ég held hins vegar að við þurfum að nota tímann til þess að læra af reynslunni og koma skipulags- og byggingamálum þannig fyrir að mistök eins og þessi endurtaki sig ekki.

Einn mikilvægasti liðurinn í úrbótum hlýtur að vera stóraukið samstarf milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um skipulag og uppbyggingu og jafnvel eitt skipulagsvald fyrir allt svæðið. Stóraukið samstarf og sameiginleg stefnumörkun hlýtur að auka upplýsingar og yfirsýn fyrir alla sem starfa á þessum markaði. Þannig væri hægt að miða lóðaframboð við áætlaðar þarfir (og kannski rúmlega það) og hægt yrði að huga betur að gæðamálum af ýmsu tagi. Byggingafyrirtæki hefðu þá nákvæmar upplýsingar um hve mikið yrði stefnt að því að byggja í fyrirsjáanlegri framtíð og fjármálafyrirtæki hefðu sömuleiðis nokkuð góðar upplýsingar til að ganga út frá við lánveitingar til framkvæmda.

Samt sem áður er mikilvægt að ekki verði komið á nýju ráðstjórnarkerfi í kring um þessi mál og það skiptir afar miklu að samkeppnisþáttum sé gert hátt undir höfði við fyrirkomulag skipulags- og byggingarmála. Við megum ekki stuðla að kerfi þar sem stærð fyrirtækja, tengsl þeirra eða pólitík ráði því hvaða fyrirtæki fá verkefni og hver ekki. Heillavænlegast er að útboðstæknin sé notuð á þessu sviði eins og annars staðar í byggingariðnaði. Starfsaðferðir þurfa að vera einfaldar, heiðarlegar og gegnsæjar.

Miklu máli skiptir að allt starf í kring um skipulag verði eins vandað og framast er unnt. Þar koma til ýmsir þættir sem skipta máli fyrir alla hagkvæmni eins og skynsamleg landnotkun, vegalengdir, umferðarskipulag, gæði byggðar o.s.frv. sem ég hef ekkert komið inn á. Varðandi skipulag atvinnusvæða skiptir líka máli að fyrirtæki viti hvers kyns starfsemi verði umhverfis þau til frambúðar. Sé litið á fjármálalega hluta málsins ætti sameiginlegt skipulag að geta orðið til þess að verulega dragi úr hættu á því að fjárfest verði umfram eðlilegar og skynsamlegar þarfir. Sé gengið markvisst út frá spám um íbúafjölgun og aðra lýðfræðilega þætti á að vera hægt að áætla þarfir fyrir íbúðarhúsnæði á fullnægjandi hátt, ekki bara magn heldur líka samsetningu sem hentar þörfum miðað við aldur, fjölskyldugerðir, tekjustig o.s.frv. En til þess að þetta sé mögulegt þarf mun meira samstarf á milli sveitarfélaganna í skipulagsmálum eða sameiginlegt skipulag.

Með traustu og vönduðu skipulagi verður allur eftirleikur öruggari. Byggingarfyrirtæki geta gengið að öruggum upplýsingum um framboð lóða og skipulagt sig eftir því, fjármálastofnanir munu hafa allt aðra yfirsýn og tekið ákvarðanir í samræmi við það og endanlegir kaupendur, bæði einstaklingar og fyrirtæki, ættu að geta gengið að traustum upplýsingum um hvaða möguleikar eru í boði hverju sinni og við hverju sé að búast.

*Höfundur er hagfræðingur og starfar hjá Landsbankanum.*






*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurbjörg Guðmundsdóttir**

frá Sætúni, Fáskrúðsfirði, síðast til heimilis að Dvalarheimilinu Grund,

lést aðfaranótt 12. febrúar á Dvalarheimilinu Grund. Jarðarförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

Kristín A. Gunnþórsdóttir — Sigurgeir Þór Sigurgeirsson
Guðmundur Þór Gunnþórsson
Guðjón Gunnþórsson — Helen Medvedeva
Eygló Sara Gunnþórsdóttir
Rut Gunnþórsdóttir — Eiður Sveinsson
Rakel Gunnþórsdóttir — Ævar Agnarsson
Þorgils Garðar Gunnþórsson — Helga Steinunn Hauksdóttir
Rebekka Gunnþórsdóttir
Þórunn Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigbjörn Gunnarsson**

sveitarstjóri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 15. febrúar. Útför hans verður gerð frá Akureyrarkirkju mánudaginn 23. febrúar, klukkan 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Jakobs Jakobssonar hjá Knattspyrnufélagi Akureyrar. Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilegt íþróttafólk á Akureyri.

Guðbjörg Þorvaldsdóttir
Guðrún Sigbjörnsdóttir
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir — Stefán Geir Árnason
Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir — Magnús Jónsson
Þorvaldur Makan Sigbjörnsson — Katrín Jónsdóttir
Rósa María Sigbjörnsdóttir
Björn Þór Sigbjörnsson — Ástríður Þórðardóttir
Afabörnin Jökull Starri, Sölvi, Egill Darri, Hrafnhildur Ýr, Eva María og Auður Ýr.



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vinarhug og kærleika við andlát og útför elskulegs föður okkar, afa og langafa,*

**Aðalsteins P. Maack**

húsasmíðameistara og fv. forstöðumanns Byggingareftirlits ríkisins, áður til heimilis að Hvassaleiti 56, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 24. janúar sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks Skjóls fyrir góða umönnun og hlýhug.

Aðalheiður Maack — Óðinn Geirsson
Pétur A. Maack — Kristjana Kristjánsdóttir
Þórhallur Maack — Gyða Bárðardóttir
Gísli Maack — Kara Margrét Svafarsdóttir
Sigríður Maack — Már Másson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Snæbjörn Ármann Björnsson**

fyrrverandi bóndi á Nolli, Grenilundi, Grenivík,

lést á Grenilundi fimmtudaginn 12. febrúar. Jarðarförin fer fram laugardaginn 21. febrúar nk. kl. 13.30 í Laufáskirkju.

Björn Snæbjörnsson — Magga Kristín Björnsdóttir
Sigurbjörg Snæbjörnsdóttir
Stefán Sigurður Snæbjörnsson — Súsanna Poulsen
Kristinn Snæbjörnsson — Kristín Sigurbjörg Jóhannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON, PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI, ER 56 ÁRA Í DAG.**

*„Sjálfstæðismenn eru menn sem vilja græða á daginn og grilla á kvöldin."*

***Hannes er þekktur fyrir eindreginn stuðning við frjálshyggju og er virkur þátttakandi í stjórnmálaumræðu á Íslandi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 19. FEBRÚAR 1930

## *Upphaf stóru bombunnar*



Stóra bomban var það kallað þegar Helgi Tómasson, yfirlæknir á Kleppi, og Jónas Jónsson frá Hriflu áttu í útistöðum sem hófust árið 1930.

Stóra bomban byrjaði með heimsókn Helga til Jónasar sem þá var dómsmálaráðherra og hafði á þessum tíma bakað sér töluverðar óvinsældir meðal lækna. Sú deila fólst aðallega í skipan lækna en teygði sig einnig inn í starfsmannamál á Vífilsstöðum. Jónas varð í framhaldinu afar óvinsæll meðal lækna og í viðleitni til að bæta úr málinu skipaði Jónas rannsóknardómara til að kanna afskipti lækna af veitingu læknisembætta og hófst rannsóknin um svipað leyti og stóra bomban kom fram.

Hápunktur deilunnar varð þegar Helgi lýsti því yfir að hann teldi Jónas bera merki um geðveiki og ætti hann því að láta af embætti dómsmálaráðherra tafarlaust. Oft er þetta mál kallað geðveikismálið en Jónas nefndi þennan atburð stóru bombuna og hefur það nafn fest við það.



**VERÐLAUN FYRIR FRAMÚRSKARANDI STARF** Nýsköpunarverðlaunin voru afhent af forseta Íslands við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Jóna Guðný og Andri veittu sínum verðlaunagripum viðtöku en Bjarki Már er við nám í Danmörku og því tók faðir hans, Elías Jóhannsson, á móti verðlaununum fyrir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VERKEFNIÐ GÖNGUHERMIR:** HLÝTUR NÝSKÖPUNARVERÐLAUN FORSETA ÍSLANDS

# Bætt heilsa hreyfihamlaðra

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru veitt síðastliðinn þriðjudag, 17. febrúar, við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Verkefnið Gönguhermir hlaut nýsköpunarverðlaunin þetta árið en þau eru veitt ár hvert háskólanemum sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrvinnslu sumarverkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

„Hugmyndin kviknaði hjá Þjóðbjörgu Guðjónsdóttur, barnasjúkraþjálfara og lektor við sjúkraþjálfunarskor, og hún hóf samstarf með tveimur verkfræðiprófessorum við Háskóla Íslands, Karli S. Guðmundssyni og Fjólu Jónsdóttur," segir Jóna Guðný Arthúrsdóttir sjúkraþjálfari, en hún vann verkefnið með Andra Yngvasyni, nema í rafmagns- og tölvuverkfræði við Háskóla Íslands og Bjarka Má Elíassyni, vélaverkfræðinema við Háskóla Íslands, sem stundar nú nám í Danmörku. „Þau óskuðu eftir nemum til að vinna sumarverkefni sem fólst í hugmynda- og hönnunarvinnu fyrir gönguherminn," segir Jóna Guðný áhugasöm.

Markmið verkefnisins var að koma með hugmynd að tæki sem hermt gæti eftir breytilegum þungaburði sem aukið gæti beinþéttni barna með alvarlega hreyfihömlun. „Tækið virkar þannig að börnin eru sett í tækið þannig að þau standa upprétt með þunga á fótum. Tækið hreyfir síðan fæturna og líkir eftir eðlilegri gönguhreyfingu," útskýrir Jóna Guðný og heldur áfram: „Börnin sem tækið er hannað fyrir eru öll bundin við hjólastól og eru líklegri til að hljóta beinbrot en heilbrigð börn. Hingað til hafa þau verið í stöndum sem þau standa kyrr í en rannsóknir um árangur þess eru misvísandi. Nýja tækið ætti hins vegar að veita þeim meiri hreyfingu og eðlilegri sem stuðlað gæti að aukinni beinþéttni."

Rætt var við fólk sem vinnur með hreyfihömluðum börnum og þekkir þá standa sem til eru í dag. „Við fengum fram kosti og galla og fórum í mikla hugmyndavinnu til að finna út hvernig tækið myndi vinna best," segir hún og nefnir að hugmyndin sé að þróa tækið enn frekar þannig að það geti líka nýst unglingum og fullorðnum.

Hafin er vinna við að sækja um einkaleyfi og leita að styrkjum fyrir áframhaldandi þróun gönguhermisins og eru leiðbeinendurnir, Karl og Þjóðbörg, í þeirri vinnu um þessar mundir. „Við vonumst til að Nýsköpunarverðlaunin auðveldi okkur að fá styrki en auk þess eru verðlaunin mikil hvatning og viðurkenning fyrir okkur nemendurna. Við erum því afskaplega stolt og ánægð og fengum líka fallegan verðlaunagrip eftir Jónas Braga glerlistamann," segir Jóna Guðný og brosir.

Samkvæmt umsögn dómnefndar liggur styrkur verkefnisins meðal annars í því hversu þverfaglegt það er. „Samvinnan gekk einstaklega vel, sér í lagi í ljósi þess að við þekktum lítið inn á fræði hvors annars og náðum við að samnýta krafta okkar. Verkefnið hefði aldrei orðið að veruleika nema með þessu samstarfi," segir Jóna Guðný og bætir við að allir sem að verkefninu komu hafi lært mikið af samstarfinu.

Vegna stóraukins framlags frá Reykjavíkurborg er heildarfjármagn Nýsköpunarsjóðsins árið 2009 nærri fjórðungi hærra en árið 2008. Í því atvinnuástandi sem blasir við námsmönnum er umsjónarmönnum sjóðsins mikið gleðiefni að geta styrkt fleiri verkefni í sumar en í fyrra en umsóknarfrestur rennur út 9. mars næstkomandi.

hrefna@frettabladid.is



*Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Ólason**

húsasmíðameistari, Hlíf II, Ísafirði,

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 17. febrúar, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 20. febrúar kl. 14.00.

Sigríður Halldórsdóttir
Kristján Bjarni Guðmundsson — Helga Kristjana Einarsdóttir
Guðrún Ólöf Guðmundsdóttir — Örn Sveinbjarnarson
Salvar Finnbogi Guðmundsson — Jóna Þórdís Magnúsdóttir
Vignir Guðmundsson — Rebekka Rut Rúnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

## AFMÆLI



**Jeff Daniels** leikari er 54 ára.



**Hörður Magnússon** íþróttafréttamaður er 43 ára.


**TILBOÐSDAGAR**

**30-50%** afsláttur af völdum legsteinum á meðan birgðir endast

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

**KJÖTFARS, FERSKT**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 442 KR./KG

**BEIKON, PAKKAR**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**1.078 KR./KG.**
MERKT VERÐ 1.798 KR.KG.




**BRAUÐSKINKA, PAKKAR**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**1.019 KR./KG.**
MERKT VERÐ 1.699 KR./KG

**ALLT ÁLEGG Í BRÉFI**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**

**BAYONNESKINKA**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**1.078 KR./KG.**
MERKT VERÐ 1.799 KR./KG

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

**OPIÐ: FÖSTUD:** 10:00 TIL 19:30. **LAUGARD:** 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00




# Garðastræti, Túngata og Vesturgata



NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

Tók fram Matador-spil um daginn. Ekki nýja útgáfu heldur þá gömlu góðu þar sem dýrustu göturnar eru Bankastræti og Austurstræti, þær ódýrustu Víðimelur og Reynimelur. Þvílík dásemdarnostalgía fyrir mig því að ég spilaði þetta spil út í eitt á tímabili æsku minnar. Hef ekki litið á það í áratugi en það var mjög gaman að rifja upp gamla takta, skoða göturnar sem stóðu til boða og fyrirtækin. Hitaveita Reykjavíkur og Rafmagnsveitan voru frábær kaup til dæmis, sömuleiðis að eiga Loftleiðir og Flugfélag Íslands. Ég hafði alltaf mikið dálæti á sumum seríum, til dæmis þeirri rauðu, Garðastræti, Túngötu og Vesturgötu en minni smekk fyrir öðrum.



Það var mjög sniðugt nú í þessari upprifjun að sjá að ég var jafn áhættufælin og forðum í fjárfestingum. Rétt eins og í raunveruleikanum, ég hefi misst af gríðarlegum gróða í uppsveiflum vegna áhættufælni. Á móti kemur að ég hef ei haft ástæðu til þess að rífa í hár mitt yfir töpuðum hlutabréfum.

En aftur að Matador, það rifjaðist upp fyrir mér í hvílíkum ógöngum maður gat lent í spilinu ef maður hafði ekki náð að eignast göturöð, fylla hana af húsum og okra þannig á meðspilurunum sínum ef þeir lentu á þeim. Ef maður sat eftir eignalaus og þurfti að greiða leigu dýrum dómum þá fór illa, gjaldþrot blasti við nema bankinn sýndi sveigjanleika sem og meðspilarar í leiknum. Hljómar reyndar af líkt raunveruleikanum um þessar mundir, þegar fólk er upp á sveigjanleika banka og meðspilara komið. Nema að í raunveruleikanum eru litlar líkur á því að maður detti í lukkupottinn, vinni í happdrætti eða fái gríðarlega háan sveitarstyrk, eins og töluverðar líkur eru á í Matador.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝJAR DÚNDURKILJUR!






**„Besta bók Yrsu.“**
★★★★
– Páll Baldvin Baldvinsson



**„Besta bók Grishams um langt árabil.“**
– New York Times

Fór beint á toppinn í Bandaríkjunum
– bæði innbundin og í kilju!









**Mest selda og „besta ævisaga ársins 2008.“**

„Mögnuð Magnea.“
– Sigríður Arnardóttir, sirry.is

Veröld
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK




★★★★ R.Ó.P., Mbl.

ÓPERUPERLUR

FRÁBÆR KVÖLDSKEMMTUN!

LAUGARDAGUR 21. FEBRÚAR KL. 20
SUNNUDAGUR 1. MARS KL. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
WWW.OPERA.IS MIÐASALA 511 4200

ÍSLENSKA ÓPERAN



BLAÐAÐ Í MYNDAALBÚMINU



**Ljósmyndarinn Laxness**

Þjóðmenningarhúsið og Gljúfrasteinn – hús skáldsins, bjóða til dagskrár í Þjóðmenningarhúsinu í kvöld, 19. febrúar kl. 20.00.

Hún er haldin í tilefni af sýningunni **SÍÐBÚIN SÝN**, þar sem brugðið er upp ljósmyndum sem Halldór Laxness tók á ferðum sínum innanlands og utan og heima á Gljúfrasteini.

**Halldór Guðmundsson**, rithöfundur, og **Guðný Halldórsdóttir**, kvikmyndaleikstjóri og dóttir skáldsins, ganga um með gestum og ræða um ljósmyndir Laxness.

Þá munu **Anna Guðný Guðmundsdóttir** og **Sigrún Hjálmtýsdóttir** flytja lög við ljóð Halldórs Laxness.

Enginn aðgangseyrir, allir velkomnir.

Sýningunni **SÍÐBÚIN SÝN** í Þjóðmenningarhúsinu lýkur 8. marz nk.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Gljúfrasteinn
HÚS SKÁLDSINS

**Þjóðmenningarhúsið – The Culture House**
*National Centre for Cultural Heritage*
Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími 545 1400 • www.thjodmenning.is
**Sýningar - leiðsögn - verslun**





vísir.is
„...ég sá það á vísi"


**ath. kl. 20.**
*Í sófaspjalli í fjölnotasal Hafnarhússins mun listamaðurinn Ásmundur Ásmundsson bregða upp svipmyndum af hugmynda- og vinnuferli sínu, sýna verk sem tengjast sýningu hans Holu í Hafnarhúsinu og spjalla við gesti um tilurð hennar. Ásmundur hefur skrifað heilmikið fyrir Viðskiptablaðið og verður tæpt á umfjöllunarefni hans þar er snerta listir og samfélagið séð með hans augum.*

**> Ekki missa af …**

Sinfóníutónleikum í kvöld kl. 19.30. Einleikarinn sem kemur fram, Leila Josefowicz, er svo sannarlega ein af fiðlustjörnum nútímans. Hún leikur fiðlukonsert Beethovens sem hefur verið nefndur „drottning fiðlukonsertanna".

# menning

menning@frettabladid.is

# Fólkið og ræningjarnir

**„Þetta var skrítið," sagði Sigurður Skúlason leikari þegar hann kom út af forsýningu á Kardemommubænum í gær. „Ég er búinn að leika í Kardemommubænum reglulega síðan 1960." Nú var hann gestur í salnum sem fagnaði leikendum á forsýningunni fölskvalaust og vel og lengi á þriðjudagskvöldið. Fullt hús hamingjusamra gesta á öllum aldri.**



**LEIKLIST** Kardemommubærinn lifnar nú við í allri sinni litadýrð. MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

Á laugardag frumsýnir Þjóðleikhúsið Kardemommbæinn eftir Thorbjörn Egner í hinni sígildu þýðingu þeirra Huldu Valtýsdóttur og Kristjáns frá Djúpalæk. Leikstjóri sýningarinnar er Selma Björnsdóttir og er þetta fimmta sviðsetning leiksins í Þjóðleikhúsinu. Alls hafa yfir 160.000 gestir heimsótt Kardemommubæinn hér. Allt frá fyrstu sýningunni á Kardemommubænum árið 1960 áttu Þjóðleikhúsið og Thorbjörn Egner gott og náið samstarf. Egner gerði leikmynd og búninga við nokkrar sýningar á eigin verkum í Þjóðleikhúsinu og gaf Þjóðleikhúsinu búninga- og leikmyndateikningar sínar, en nokkrar þeirra getur nú að líta á göngum leikhússins. Hann stofnaði einnig sjóð sem veitt hefur reglulega starfsstyrki til leikara og íslenskir áhorfendur og Þjóðleikhúsið voru honum einkar kær. Verk hans hafa enda notið hér mikilla vinsælda frá því kynni tókust fyrst með Karíusi og Baktusi, fólkinu í Kardemommubæ, dýrunum í Hálsaskógi og íslenskum börnum á öllum aldri.

Nú færir ný kynslóð leikhúslistamanna okkur þetta dásamlega verk. Boðskapur verksins um mikilvægi umburðarlyndis og heiðarleika á alltaf við, og vísast geta ræningjarnir þrír, Soffía frænka og aðrir íbúar Kardemommubæjar kennt okkur öllum sitthvað gagnlegt.

Rúmlega þrjátíu leikarar og börn á ýmsum aldri taka þátt í uppfærslunni nú. Í hlutverkum ræningjanna eru þeir Örn Árnason, Rúnar Freyr Gíslason og Kjartan Guðjónsson. Örn fer nú með hlutverk Kaspers, en hann hefur áður leikið í tveimur uppfærslum á Kardemommubænum, fyrst í hlutverki Jónatans og þá Jespers, og hefur hann því leikið alla ræningjana þrjá. Edda Björg Eyjólfsdóttir leikur svarkinn Soffíu frænku, Sigurður Sigurjónsson leikur Tóbías í turninum og Baldur Trausti Hreinsson leikur Bastían bæjarfógeta. Höfundur leikmyndar sýningarinnar er Brian Pilkington, María Ólafsdóttir hannar búninga og Jóhann G. Jóhannsson annast tónlistarstjórn og útsetningar. Birna og Guðfinna Björnsdætur sjá um dans- og sviðshreyfingar og lýsingu hanna Lárus Björnsson og Ólafur Ágúst Stefánsson. Uppselt er á sýningar á Kardemommubænum langt fram eftir vetri.

Bókin um Kardemommubæinn er nú fáanleg á ný og hljóðritun frá frumuppfærslunni 1960 er til á geisladiski. **pbb@frettabladid.is**


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 20/2 | kl. 18:00 fors. | U | Sun 8/3 | kl. 17:00 | U | Lau 4/4 | kl. 14:00 | U |
| Lau 21/2 | kl. 14:00 frums. | U | Lau 14/3 | kl. 14:00 | U | Lau 4/4 | kl. 14:00 | U |
| Lau 21/2 | kl. 17:00 | U | Sun 15/3 | kl. 14:00 | U | Sun 5/4 | kl. 17:00 | U |
| Sun 22/2 | kl. 14:00 | U | Sun 15/3 | kl. 17:00 | U | Sun 5/4 | kl. 17:00 | U |
| Sun 22/2 | kl. 17:00 | U | Lau 21/3 | kl. 14:00 | U | Lau 18/4 | kl. 14:00 | U |
| Lau 28/2 | kl. 14:00 | U | Lau 21/3 | kl. 17:00 | U | Lau 18/4 | kl. 17:00 | U |
| Lau 28/2 | kl. 17:00 | U | Sun 22/3 | kl. 14:00 | U | Sun 19/4 | kl. 14:00 | U |
| Sun 1/3 | kl. 14:00 | U | Sun 22/3 | kl. 17:00 | U | Sun 19/4 | kl. 17:00 | U |
| Sun 1/3 | kl. 17:00 | U | Lau 28/3 | kl. 14:00 | U | Lau 25/4 | kl. 14:00 | U |
| Lau 7/3 | kl. 14:00 | U | Lau 28/3 | kl. 17:00 | U | Lau 25/4 | kl. 17:00 | U |
| Lau 7/3 | kl. 17:00 | U | Sun 29/3 | kl. 14:00 | U | Sun 26/4 | kl. 14:00 | U |
| Sun 8/3 | kl. 14:00 | U | Sun 29/3 | kl. 17:00 | U | Sun 26/4 | kl. 17:00 | U |

Sýningar í maí komnar í sölu, sjá www.leikhusid.is

Hart í bak (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 19/2 | kl. 20:00 | Ö | Fim 5/3 | kl. 20:00 aukasýn. | | Mið 18/3 | kl. 20:00 aukasýn. | |
| Fim 26/2 | kl. 20:00 | Ö | Fös 6/3 | kl. 20:00 | Ö | | | |
| Fös 27/2 | kl. 20:00 | Ö | Lau 14/3 | kl. 20:00 | | | | |

Sýningum lýkur 18. mars

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 28/2 | kl. 13:00 | Ö | Lau 14/3 | kl. 13:00 | | Lau 28/3 | kl. 13:00 |
| Lau 7/3 | kl. 13:00 | Ö | Lau 21/3 | kl. 13:00 | | | |

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Heiður (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 20/2 | kl. 20:00 | Ö | Lau 28/2 | kl. 20:00 | Ö |

Sýningum að ljúka





**KVIKMYNDIR** Prodi hinn ítalski er einn þeirra sem koma fram í heimildarmynd um Lissabon-samkomulagið.

## Gegn EB

**Danski heimildarmyndaleikstjórinn Christoffer Guldbrandsen hefur fengið styrk upp á 950 þúsund danskar krónur frá dönsku Kvikmyndamiðstöðinni til að gera mynd um baráttuna gegn Efnahagsbandalaginu í Evrópu. Myndina kallar hann Forsetann. Síðasta mynd hans Dagbók frá miðju vakti mikið umtal. Myndin nýja er gerð með þátttöku allra þeirra stjórnmálamanna Evrópu sem setið hafa í forsæti Efnahagsbandalagsins. Megináhersla er lögð á þróun hugmyndarinnar um Lissabon-samkomulagið. „Præsidenten" er þegar seld til fjölda Evrópulanda.** - pbb

# Æringinn Sóla

Borgarbókasafnið heldur úti miklu og skemmtilegu barnastarfi og er Sögubíllinn Æringi hluti af því sem fram fer á vegum safnsins. Sögubíllinn heldur nú áfram ferð sinni um borgina en þetta er í annað eða þriðja sinn sem Æringi kemur á leikskóla borgarinnar. Fyrir jól heimsóttu ömmur leikskólana og sögðu sögur af jólunum í gamla daga en í þetta sinn er það sögukonan Sóla sem segir sögur. Sóla er dóttir Grýlu en ekki hefur farið mikið fyrir henni undanfarið enda hefur hún verið í útlöndum undanfarin 100 ár. Hún hefur lært heil ósköp af sögum og fékk vinnu hjá Borgarbókasafninu við að segja sögur en fær í staðinn að búa í Æringja. Henni þykir afskaplega vænt um börn og það er ástæðan fyrir því að hún strauk að heiman fyrir 100 árum. Í þetta sinn er frístundaheimilum boðið að fá Sögubílinn í heimsókn og hefur það gefist vel og bíllinn hefur undartekningalaust verið pantaður fyrir yngstu börnin. Þetta framtak Borgarbókasafnsins hefur mælst vel fyrir enda bæði skemmtileg og gott innlegg til aukins málþroska fyrir börnin. -pbb



**BÓKMENNTIR** Æringinn Sóla heimsækir frístundaheimili

# Fúlt breytingaskeið

Bresku viðtalsþættirnir Grumpy old women þar sem rætt var við nokkrar mektugar breskar konur úr efri miðstétt sem allar voru kunnugleg andlit hefur nú alið af sér íslenska leiksýningu sem frumsýnd verður á Akureyri á morgun. Verkið kallast Fúlar á móti og þýðing og staðfærsla er í höndum Gísla Rúnars Jónssonar en leikstjórinn er María Sigurðardóttir leikhússtýra þar nyrðra. Leikkonurnar Edda Björgvinsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir og Björk Jakobsdóttir eru „fúlar á móti" og er verkið frumsýnt í gamla samkomuhúsinu annað kvöld.

Þetta er í fyrsta skipti sem þessar vinsælustu uppistandsleikkonur þjóðarinnar og árshátíðardrottningar stíga saman á svið og einnig í fyrsta skipti sem þær leika hjá Leikfélagi Akureyrar. Þær skauta af sinni alkunnu snilld í gegnum síðara breytingaskeiðið og gera óspart grín að sjálfum kvennaflokknum. Nú fá karlmenn loksins að vita hvers vegna eiginkonur, systur og mæður þeirra eru eins og þær eru.

Höfundar verksins eru tveir af þekktustu uppistöndurum Bretlands, þær Jenny Eclair og Judith Holder, en Fúlar á móti byggir á sjónvarpsþáttunum þeirra. Þetta er í fyrsta sinn sem verkið er sett upp utan Bretlandseyja og af því tilefni koma þær Jenny og Judith og verða viðstaddar frumsýninguna þótt ólíklegt sé að þær skilji mikið af bröndurunum. En hitt má bóka að aðrir viðstaddir gera það örugglega. -pbb



**LEIKLIST** Þrjár konur á besta aldri, hver á sínum aldri og allar ansi fyndnar. MYND LEIKFÉLAG AKUREYRAR/ GRÍMUR



**HALLDÓR LAXNES** Mynd sem hann tók

# Halldór í myndatöku

**Þjóðmenningarhúsið og Gljúfrasteinn, hús skáldsins, efna til dagskrár í Þjóðmenningarhúsinu kl. 20.00. Dagskráin nefnist Blaðað í myndaalbúminu og er haldin í tilefni af sýningunni Síðbúin sýn, þar sem brugðið er upp ljósmyndum sem Halldór Laxness tók á ferðum sínum innanlands og utan og heima á Gljúfrasteini.**

**Halldór Guðmundsson rithöfundur og Guðný Halldórsdóttir, kvikmyndaleikstjóri og dóttir skáldsins, ganga um með gestum og ræða um ljósmyndir Laxness. Þá munu Anna Guðný Guðmundsdóttir og Sigrún Hjálmtýsdóttir flytja lög við ljóð Halldórs Laxness.**

**Allir eru velkomnir á dagskrána og aðgangseyrir er enginn.** pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 19. febrúar 2009**

### ➜ Tónlist



**20.30** Tónleikaröð **Jóns Ólafssonar** „Af fingrum fram" í Salnum við Hamraborg í Kópavogi, hefst í kvöld. Gestur Jóns er Magnús Eiríksson en auk þess kemur fram Ellen Kristjánsdóttir.

### ➜ Fyrirlestrar

**17.15** Bjarni Harðarson fjallar um íslenska fyndi í erindi sínu í **Bókasafni Kópavogs**, Hamraborg 6a. **Allir velkomnir** og enginn aðgangseyrir.

### ➜ Námskeið

**20.15 Yndislestur** með Einari Kárasyni. Námskeið hefst í kvöld hjá Endurmenntun Háskóla Íslands við **Dunhaga 7**. Nánari upplýsingar og skráning á www.endurmenntun.hi.is

### ➜ Listamannsspjall

**20.00** Í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu mun **Ásmundur Ásmundsson** bregða upp svipmyndum frá hugmynda- og vinnuferlinu við gerð sýningarinnar Hola sem stendur þar yfir.

### ➜ Dagskrá

**20.00** Blaðað í myndaalbúminu, dagskrá í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu 15. Halldór Guðmundsson og Guðný Halldórsdóttir ræða ljósmyndir Halldórs Laxness á sýningunni Síbúin Sýn. **Allir velkomnir** og enginn aðgangseyrir.

### ➜ Myndlist



**Í Gallerí Marló** við Laugaveg 82 hefur verið opnuð sýning á frumgerðum blekteikningum **Halldórs Baldurssonar**. Opið mið.-lau. kl. 14-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





# HÓTEL HOLT

**Nú er gaman á Hótel Holti. Bombay-kvöld öll fimmtudagskvöld. Leikhúsmatseðillinn okkar hefur slegið rækilega í gegn og nú gerum við enn betur og bjóðum þriggja rétta tilboðsmatseðla í hádeginu og á kvöldin. Um helgar bjóðum við alla fjölskylduna velkomna í gourmet lambalæri og Béarnaise.**

***Verið hjartanlega velkomin,***
***starfsfólk Hótel Holts, Gallery Restaurant.***

BAR

## BOMBAY 2 FYRIR 1

**Bombay-kvöld alla fimmtudaga í febrúar.**
**Tveir fyrir einn af öllum Bombay-drykkjum.**
**HAPPY-HOUR alla daga milli 15 og 18.**
**Öl á aðeins 399 kr.**

Gallery Restaurant

## LEIKHÚSMATSEÐILL

**Leikhúsmatseðill er framreiddur frá kl. 18-20 alla daga vikunnar og er í boði fyrir alla matargesti.**
**Borðapantanir til kl. 19.**

Gufusoðin Klausturbleikja með sveppum og beikoni ásamt döðluglјáa

Steikt dádýr eða fersk smálúða, sellerírótarflauel og rauðvínssósa

Hálfbökuð karamellukaka og vanilluís

**Verð aðeins 4.990 kr.**

## FJÖLSKYLDUBOÐ
## LAMBALÆRI & BÉARNAISE

**Yndisleg fjölskylduhádegi um helgar og sunnudagskvöld**

Hefðbundinn hádegisseðill ásamt lambalæri og Béarnaise-sósu.
Börn yngri en 12 ára borða á hálfvirði og þau allra minnstu fá frítt.
Allir krakkar fá að heimsækja eldhúsið og velja sér ís.

Gallery Restaurant

## HÁDEGISSEÐILL & TILBOÐSKVÖLDSEÐILL

SUNNUDAGA/MÁNUDAGA/ÞRIÐJUDAGA

**Verð á tilboðskvöldseðli:**
**Þriggja rétta matseðill á aðeins 4.200 kr.**

**Verð á hádegisseðli: Frá 1.980 kr.**

### FORRÉTTIR

Saltfiskbollur og dill Aioli í salatlaup
Brasseraðir folaldaskankar „Oriental" í opnu ravíolí
Innbökuð gæsalæri í smjördeigi umlukin íslenskum aðalbláberjum
Ekta frönsk lauksúpa að hætti Parísarbúa

### AÐALRÉTTIR

Steikt klaustursbleikja, sveppir og beikon í döðlum ásamt flauelismjúkum kartöflum
Gufusoðin lúða á pottaelduðu grænmeti í engiferkrydduðu soði
Íslenskar sjávarafurðir og kanadískur humar í humarsósu að hætti „Fernand Point"
Dádýrasteik ásamt kremuðum villisveppum, steiktum kartöflum og rauðvínssósu

### EFTIRRÉTTUR

Kirsuber í eigin safa ásamt vanilluís og vöfflu
Crème Brûlée

*Gallery Restaurant býður 15% afslátt af matseðli, a la carte, öll kvöld vikunnar.*

*Gallery Restaurant, Hótel Holti, státar af einstökum hópi fagmanna sem töfra fram ómótstæðilega málsverði í anda hins franska eldhúss þar sem lögð er áhersla á íslenskt hráefni.*



Gull BOMBAY SAPPHIRE Glóbus SS HÓTEL HOLT

*Borðapantanir í síma 552 5700 og á gallery@holt.is*
*Opið alla daga í hádeginu og á kvöldin.*

Bergstaðastræti 37 s. 552 5700 holt@holt.is www.holt.is


THE PRODIGY


MORRISSEY

## > Í SPILARANUM

**The Prodigy** - Invaders Must Die
**Swan Lake** - Enemy Mine
**Andrew Bird** - Noble Beast
**Bon Iver** - Blood Bank EP
**Morrissey** - Years of Refusal

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Hafdís Huld tekur upp


**NÝ PLATA Á ÁRINU** Hafdís Huld.

Hafdís Huld tekur nú upp nýja plötu í hljóðveri í Norður-Yorkshire og er langt komin. Nokkrar hljóðverskempur eru henni innan handar. Trommarinn Martyn Barker var einu sinni í hljómsveitinni Shriekback og bassaleikarinn Simon Edwards var í Fairground Attraction. Um hljóðupptökur sjá Calum MacColl, sem hefur komið nálægt plötum Backstreet Boys, og Phill Brown, sem hefur samstarf með Robert Plant og Bob Marley á ferilskánni. Þá er Alisdair Wright sem lengi hefur spilað með Hafdísi ekki langt undan. Red Grape Records gefur nýju plötuna út eins og þá fyrri (Dirty Paper Cup, kom út 2006) og má búast við fyrstu smáskífunni í apríl.




## > Plata vikunnar

Evil Madness - Demoni Paradiso

★★★★

„Kraut-rokk, b-myndatónlist og gamalt syntapopp eru á meðal þess sem kemur upp í hugann þegar hlustað er á Demoni Paradiso.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN
Dr. Gunni

# *Undraheimur plötubúða*

Ég var í London á dögunum. Þetta var ferð eins og ég fór þegar ég var tvítugur. Ég sá endurvakta nýbylgjuhljómsveit frá pönkárunum, Magazine, á tónleikum og hékk í plötubúðum. Ég uppgötvaði löngu gleymda gleði, þá að fletta plötum í plötustöflum. Ég enduruppgötvaði æsandi undraheim plötubúðanna.

Veröld plötubúðanna hefur sjaldan verið lýst eins vel og í bókinni, og síðar bíómyndinni, High Fidelity. Það er alveg ákveðin tegund af nördum sem hanga í plötubúðum. Þeir hanga ekki í hvaða búð sem er. Þeir hanga lítið í sálarlausum stórverslunum og þær fara bara á hausinn á endanum. Liðið sem vill topp 10 fær sér það bara stafrænt á netinu. Í stað Virgin Megastore á horni Oxford Street og Tottenham Court Road er komin búðin Zaavi. Það er ömurlegt um að litast og greinilegt að búðin er á síðustu metrunum.



**NÖRDAR HANGA Í PLÖTUBÚÐUM** Undraheimi plötubúða hefur aldrei verið lýst betur en í High Fidelity.

Nördar vilja búðir reknar af áhuga og sérfræðiþekkingu og því eru minni búðir málið. Þar sem nördisminn og leitin endalausa að snilldinni lifir. Rough Trade er gamalkunnugt nafn. Byrjaði sem útgáfa og búð í pönkinu og er enn að. Gefur meðal annars út Emilíönu Torrini og er með tvær búðir í London. Ég fór í báðar. Í þeirri minni var verið að spila eitthvað sem mér fannst æðislegt. Þetta var eins og í High Fidelity þegar Cusack og Black spila eitthvað og veðja um að einhver í búðinni muni koma og spyrja hvað þetta sé og kaupa plötuna. Ég spurði og hlóð svo plötunni niður þegar ég kom heim. Fín plata með Marnie Stern. Stærri búðin er við enda götu með eintómum indverskum veitingastöðum. Þar var verið að spila „Orð, morð“ með Óðmönnum þegar ég kom inn. Vá, hvílík tilviljun! Ég spurði og komst að því að lagið er á safnplötunni B-music, Drive in, Turn on, Freak out sem útgáfan Finders Keepers gaf út í fyrra. Trúbrot á líka lag á plötunni. „Mind blowing vintage vinyl discoveries from around the psychedelic globe,“ stendur á umslaginu. Íslenskt hipparokk er greinilega óplægður akur fyrir þá sem allt þykjast hafa heyrt.

Óðmenn eru aldrei á fóninum í Zaavi. Þar skilur á milli feigs og ófeigs.

# Ódýrt, íslenskt og illseljanlegt

**Plötuútgefandinn Baldvin Esra á Akureyri hefur stofnað nýja útgáfu sem gefur út ódýra íslenska tónlist.**


**BRAK MIÐAST VIÐ ILLSELJANLEIKANN** Baldvin Esra, plötuútgefandi á Akureyri, hefur stofnað nýja útgáfu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

„Brak er undirútgáfa Kimi Records og sinnir verr seljanlegri tónlist en Kimi. Enn verr seljanlegri,“ segir Baldvin Esra Einarsson, plötuútgefandi á Akureyri, um nýjastu hugmynd sína, Brak Records. „Framleiðsluferlið miðast við illseljanleikann. Samt er auðvitað haldið í gæðin. Brak gefur bara út gæðaefni.“

Öll framleiðsla Brak-útgáfunnar fer fram á Íslandi. „Það er kappi á Ólafsfirði sem brennir diskana, en við stefnum á að kaupa brennsluvél í framtíðinni. Plöturnar koma í vasa og svo fylgir ljósritað blað með.“

Íslenskir geisladiskar eru oftast pressaðir í geisladiskaverksmiðjum í útlöndum enda ekki slíkar vélar til hérlendis. Baldvin segir engan gæðamun á pressuðum og brenndum diskum, hljómgæðin og endingin sé sú sama. „Menn hafa verið að pressa diskana erlendis af því að það hefur verið ódýrara ef gerðir eru 500 eða fleiri diskar. Ef upplagið er undir 500 eintökum kemur betur út að brenna hérna heima. Þá sleppur maður við flutningskostnað og svo er gengið náttúrlega óhagstætt. Brak-diskarnir verða seldir ódýrt, á þetta 1600-1700 kall út úr búð. Þetta er íslensk framleiðsla frá A til Ö.“


**CARPET SHOW** Er band Brynjars Helgasonar, 17 ára nema í MH.

Fyrsta platan frá Braki er Music from soul með Carpet show. „Það er hljómsveit Brynjars Helgasonar, 17 ára nemanda í MH. Hann er búinn að dunda við þessa plötu í nokkur ár. Þetta er lág-hljómgæða þjóðlagatónlist og má líkja henni við listamenn á borð við The Microphones, Danielson og Daniel Johnston,“ segir Baldvin.

Hann segir Brak komið til að vera og mikið af úrvalsefni bíði útgáfu. „Upprunalega stóð til að gefa út á tveggja mánaða fresti, en mér sýnist að nýjar plötur muni koma oftar út en það. Þetta er svo lítið vesen. Það tók viku frá því að búið var að mastera Carpet show plötuna þar til að hún var komin í búðir.“

Fram undan hjá Braki eru plötur með hávaðarokksveitinni Skelk í bringu, döpru gleðipoppsveitinni Létt á bárunni (Berglind og Svavar úr Skakkamanage), Faðirvor og Reykjavík! lite, sem er órafmagnaða útgáfan af Reykjavík!

drgunni@frettabladid.is




# Stál og hnífur algjör lygasaga

„Upp með hendur, allir saman, Stál og hnífur er nú meiri lygasagan,“ segir í texta lagsins Upp með hendur frá hinum nýstofnaða dúett Blóðbræður. Ekki fer á milli mála að lagið er ádeila á Bubba Morthens.

„Textinn segir nú bara alla söguna og lagið Stál og hnífur segir alla söguna líka. Ef Bubbi lítur á þetta sem skítkast er það aðallega hans mál,“ segir Erling Bang, annar meðlima Blóðbræðra. Hinn heitir Hrafn Jónsson og er óreyndur úr tónlistarbransanum, öfugt við Erling sem er trommari þungarokkssveitarinnar Celestine og fyrrum trommari I Adapt. „Við erum ekkert hljómsveit sem er í því að skíta yfir fólk,“ segir Erling en játar að tilfinningar sínar til Bubba séu blendnar. „Bubbi hefur samið haug af góðum lögum og haug af lélegum lögum líka en okkur finnst hann ekki samkvæmur sjálfum sér.“


**BLÓÐBRÆÐUR** Erling Bang (til vinstri) og Hrafn Jónsson eru meðlimir hljómsveitarinnar Blóðbræðra.

Næsta lag Blóðbræðra nefnist Flóttamaður og fjallar um Íslending sem er bitur út í samfélagið og heldur að eina vitið sé að hlaupa í burtu og flýja land. „Það er blóðbragð af öllu þessu dóti hjá okkur, við erum baneitraðir,“ segir Erling.

Dúettinn er í óða önn að semja nýtt efni og stefnir á útgáfu sinnar fyrstu plötu á næstu misserum.

Hægt er að sjá myndband við Upp með hendur á síðunum Kvikmynd.is og Youtube.com. - fb

# TOSHIBA



## *Flottari fartölvur*



### Toshiba Satellite Pro L300-1CZ

2.0GHz Intel Core Duo T3200 - Centrino Duo með 1MB flýtiminni • 1GB DDR2 800MHz 200pin - Stækkanlegt í 4GB • 120GB SATA hljóðlátur harðdiskur 5400RPM • DVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár með 1280x800 og 16,7 milljón liti • Intel Graphics Media Accelerator X4500 með samnýtt minni • Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • Innbyggð vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

**89.990**



### Toshiba Satellite Pro A300D-152

2.1Ghz AMD Turion X2 ultra Dual Core ZM-80 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni• 250GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • ATI Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort • Gigabit netkort þráðlaust 54Mbps 802.11a/g/n og Bluetooth 2.0 • 1.3MP vefmyndavél í skjá • Windows Vista Business ásamt XP Pro valmöguleika

AMD

**119.990**



### Toshiba Satellite A300-1NU

2.0GHz Intel Core Duo T3200 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 250GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • 256MB ATI Radeon HD 3470 skjákort • Öflugir Harman Kardon hátalarar • Þráðlaust 802.11a/g/n netkort • 1.3MP vefmyndavél í skjá • Windows Vista Home Premium

**119.990**

### Toshiba Satellite Pro A300-1G1

1.8GHz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni • 320GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • Intel GMA X3100 skjákort • Gigabit netkort • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/b/g netkort • Windows Vista Business ásamt XP Pro valmöguleika



**144.990**



### Toshiba Satellite Pro A300-1EA

2.26GHz Intel Core 2 Duo P8400 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 160GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Gigabit netkort • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/g/n og Bluetooth 2.0 • Windows Vista Business ásamt XP Pro valmöguleika

**159.990**

### Toshiba Satellite U400-16E

2.0GHz Intel Core Duo T3200 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 250GB harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 13,3" WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Windows Vista Home Premium • 1.3MP myndavél í skjá



**159.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 | HLÍÐASMÁRA 10<br>S: 414 1760 |

# bíó

bio@frettabladid.is



> DANSA Á ÓSKARNUM

Talið er að kynnir Óskarsverðlaun-anna, Hugh Jackman, muni taka þátt í dansatriði á hátíðinni ásamt söng- og leikkonunni Beyonce Knowles. Zack Eftron og Vanessa Hudgens úr High School Musical taka einnig þátt í atriðinu. Leikstjóri verður landi Jackmans, Baz Luhrmann.

## Áhrifamikil saga Harvey Milk

Fjórar myndir verða frumsýndar í bíó á morgun og ber þar hæst Milk sem hefur verið tilnefnd til átta Óskarsverðlauna.

Myndin segir sanna og áhrifamikla sögu Harvey Milk sem var fyrsti opinskái homminn sem var kjörinn í mikilvægt opinbert embætti í Bandaríkjunum. Leikstjóri er Gus Van Sant og Sean Penn fer með hlutverk Milks. Báðir eru þeir tilnefndir til Óskarsins. Myndin fær 8,1 af 10 í einkunn á Imdb. com.

Rómantíska gamanmyndin He´s Just Not That Into You segir nokkrar samtengdar sögur af vandamálinu við að lesa í mannlega hegðun og túlka, eða mistúlka, orð og gjörðir karlmanna. Með aðalhlutverk fara Ben Affleck, Jennifer Aniston, Drew Barrymore og Jennifer Connelly. Myndin fær 6,6 á Imdb.com.

Sjálfur James Bond, Daniel Craig, fer með aðalhlutverkið í Defiance sem gerist í seinni heimsstyrjöldinni. Fjallar hún um þrjá bræður sem tekst að sleppa undan nasistum og dvelja í skógi nokkrum þar sem þeir léku sér á æskuár sínum. Einkunn: 7,4.

Steve Martin endurtekur hlutverk sitt sem seinheppni lögreglumaðurinn Jacques Clouseau í Pink Panther 2. Úrvalsleikarar eru í öðrum hlutverkum, eða Jean Reno, John Cleese, Andy Garcia og Jeremy Irons. Myndin fær 4,3 á Imdb. com.



**MILK** Sean Penn er tilnefndur til Óskarsins fyrir hlutverk sitt í Milk.

## Forseti svarar fyrir sig

Skömmu eftir afsögn Richards Nixon Bandaríkjaforseta vegna Watergate-málsins hafði David Frost, ástralskur þáttastjórnandi, samband við umboðsmann Nixons og óskaði eftir opinskáu viðtali við hann. Nixon samþykkti viðtalið gegn vænni greiðslu og nokkrum skilmálum, meðal annars að umræðu um Víetnamstríðið og Watergate-málið væri haldið í lágmarki. Almenningur horfði á þetta viðtal og lagði mat sitt á forsetann. Sjálfur horfði Nixon á viðtölin sem tækifæri til að skýra mál sitt. Sjónvarpsviðtalið var það fyrsta og síðasta sem Nixon veitti eftir forsetatíð sína.

Frost/Nixon er byggð á samnefndu leikriti eftir Peter Morgan frá 2006 sem sýnt var í rúm tvö ár, bæði í Lundúnum og á Broadway. Morgan aðlagar sitt eigið leikrit á hvíta tjaldið. Hann hefur að sjálfsögðu mun frjálsari hendur í myndinni og getur gert umgjörð hennar mun flottari, þó að leikritið hafi verið mestmegnis undirbúningurinn fyrir viðtalið svo og viðtalið sjálft.

Líkt og leikritið er myndin drifin áfram af samtölum og þrátt fyrir að vera „samtalsmynd“ þá er varla nokkur einasti dauður punktur í henni. Samtölin eru mjög hnyttin og áhugaverð og sama tempói er haldið út myndina. Morgan hefur auðvitað haft nægan tíma til þess að fínpússa öll samtöl og kemst það vel til skila á hvíta tjaldinu.



**KVIKMYNDIR**

**Frost/Nixon**

Leikstjóri: Ron Howard. Aðalhlutverk: Frank Langella, Michael Sheen, Oliver Platt, Sam Rockwell.

★★★★★

Afbragðsmynd frá Ron Howard. Áhugaverð og vel leikin.

Ron Howard er við stjórnvölinn og fer það ekki á milli mála að Frost/Nixon skipar sér sess með Cinderella Man og A Beautiful Mind sem ein af hans bestu myndum. Howard hefur gert slappar myndir inn á milli, en framleiðslan hefur alltaf verið í sama gæðaflokki. Howard nær því allra besta út úr leikurum sínum og sömuleiðis samstarfsfólki í þessari. Myndatakan spilar mikinn þátt í myndinni og þá sérstaklega í viðtölunum. Viðtöl Frosts við Nixon eru meðal merkustu sjónvarpsviðburða fyrr og síðar, og meðhöndlar Howard myndina í samanburði við það. Í raun er þetta ein hans mikilvægasta mynd hingað til.

Bæði Frank Langella og Michael Sheen, sem fara með hlutverk Nixons og Frosts, endurtaka hlutverk sín úr leikritinu. Langella er stórgóður sem Nixon og nær algjörlega töktunum hans. Þegar líða fór á viðtölin mátti sjá neistaflug hjá Langella, og þá sérstaklega í síðasta viðtalinu þar sem Nixon viðurkennir mistök sín, fullur iðrunar og eftirsjár. Sheen er mjög góður í hlutverki glamúrgosans Frosts. Um miðbik myndarinnar fyllist maður vorkunn yfir Frost vegna erfiðleika hans við að fjármagna viðtölin, og þá skína í gegn leikhæfileikar Sheens. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Oliver Platt og Sam Rockwell sem rannsóknarmenn framleiðsluteymisins kringum viðtalið. Slegið er á létta strengi og tekst vel til.

Frost/Nixon er afbragðsmynd sem er drifin áfram af vönduðu og áhugaverðu handriti Morgans og magnaðri frammistöðu Langella sem Nixon. Ef það væri ekki næstum fyrirfram ákveðið að Mickey Rourke muni taka Óskarinn sem besti karlleikarinn væri það Langella sem ég væri til í að sjá taka styttuna heim.

**Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**



**SLUMDOG MILLIONAIRE** Flestir telja að Slumdog Millionaire verði valin besta myndin á Óskarsverðlaununum.

## Slumdog líklegur sigurvegari í ár

**Óskarsverðlaunin verða afhent í 81. sinn aðfaranótt mánudags í Kodak-leikhúsinu í Hollywood. Flestir telja að Slumdog Millionaire verði kjörin besta myndin.**

Slumdog Millionaire er tilnefnd til tíu Óskarsverðlauna og hefur rakað til sín viðurkenningum að undanförnu. Telst það vitaskuld góð vísbending um það sem koma skal.

Bafta- og Golden Globe-verðlaunin féllu henni í skaut á dögunum sem besta myndin auk þess sem leikstjórinn Danny Boyle hefur fengið fjölda verðlauna. Ekki skemmir það fyrir að Bandaríkjamenn eru yfirleitt hrifnir af Öskubuskusögum á borð við Slumdog Millionaire og sú staðreynd að myndin er uppfull af áður óþekktum leikurum eykur einnig á sjarma hennar.

The Curious Case of Benjamin Button er tilnefnd til þrettán Óskarsverðlauna en ólíklegt þykir að hún vinni í stærstu flokkunum. Á undangengnum hátíðum hefur hún unnið í minni flokkum á borð við bestu förðunina og bestu tæknibrellurnar og telja margir að þar verði hún öruggur sigurvegari á Óskarnum.

Flestir telja næsta víst að Mickey Rourke hreppi styttuna fyrir hlutverk sitt í The Wrestler. Endurkoma hans í sviðsljósið hefur heillað marga og frammistaða hans í myndinni er sérlega góð, enda hefur hann sópað til sín verðlaunum síðustu mánuði. Sá eini sem er talinn eiga einhvern möguleika í Rourke er Sean Penn í Milk.

Helst er veðjað á að annaðhvort Meryl Streep (Doubt) eða Kate Winslet (The Reader) fái Óskarinn sem besta aðalleikkonan. Streep hefur fimmtán sinnum verið tilnefnd og unnið tvisvar á meðan Winslet hefur sex sinnum verið tilnefnd en aldrei unnið. Sú staðreynd gæti auðveldað val Óskarsakademíunnar.

Hinn sálugi Heath Ledger er talinn öruggur sem besti aukaleikarinn sem Jókerinn í The Dark Knight en meiri óvissa er um bestu leikkonuna í aukahlutverki. Viola Davis þykir standa sig sérlega vel í Doubt auk þess sem Marisa Tomei (The Wrestler) og Penélope Cruz (Vicky Cristina Barcelona) eiga góða möguleika.

Besta teiknimyndin verður hugsanlega Wall-E og besta heimildarmyndin Man on Wire. Fjallar hún um mann sem labbaði á línu á milli tvíburaturnanna áður en þeir hrundu. Síðan er því spáð að hin ísraelska Vals Im Bazir eða hin franska Entre les murs berjist um hituna sem besta erlenda myndin.



**MICKEY ROURKE** Endurkoma Rourke í The Wrestler með hreinum ólíkindum.


LAGERSALA

Í Klettagörðum 19-24 febrúar

Egill Árnason hf

OPNUNARTÍMI:

Fimmtudag 14-18 Sunnudag 10-16
Föstudag 14-18 Mánudag 14-18
Laugardag 10-16 Þriðjudag 14-18

40-80% afsláttur




| Verðdæmi: | Verð áður: | Verð nú: | Verðdæmi: | Verð áður: | Verð nú: |
|---|---|---|---|---|---|
| Veggflís hvítmött 10x20 | 3.160,- | 1.250,- | Handklæðaofn 50x141 | 47.464,- | 19.900,- |
| Veggflís ljós 20x60 | 4.189,- | 990,- | Handklæðaofn 50x78.5 | 32.532,- | 14.900,- |
| Veggflís grá 20x60 | 4.620,- | 990,- | Stálvaskur | 28.970,- | 9.900,- |
| Veggflís hvít 10x40 | 6.290,- | 2.500,- | Eldhúsvaskur | 11.711,- | 5.990,- |
| Parket: | | | Sturtubotn 90x90 | 6.927,- | 1.990,- |
| Eik olíub. 14.8x18x9 cm | 7.950,- | 4.490,- | Baðkar | 21.444,- | 5.900,- |
| Vintage eik medit. 18,9 cm | 10.990,- | 4.900,- | Handlaug 50x35 | 32.185,- | 12.900,- |
| Earth & Fire Everglads | 13.850,- | 5.590,- | Handlaug 63x42 | 77.950,- | 24.900,- |
| Lifestyle eik rust. hv. 14.8 cm | 6.180,- | 2.990,- | Loftaþyljur hnota 29,6x25 | 4.490,- | 1.990,- |
| Linnéa hlynur style lakkað | 6.588,- | 2.990,- | Loftaþyljur zebr. 29,6x25 | 4.490,- | 1.990,- |
| Askur Odense hv-olíub. 3 st. | 8.910,- | 3.490,- | Loftaþyljur hlynur 20x200 | 3.427,- | 1.490,- |

GRÍÐARLEGUR AFSLÁTTUR, TAKMARKAÐ MAGN



Lagersala Egils Árnasonar hf. | Klettagörðum 13 | 104 Reykjavík | www.egillarnason.is




**8** ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR
ÞAR Á MEÐAL
**BESTA MYNDIN**
BESTI LEIKARINN **SEAN PENN** | LEIKARINN Í AUKAHLUTVERKI **JOSH BROLIN** | BESTI LEIKSTJÓRINN **GUS VAN SANT**

**4** TILNEFNINGAR TIL BAFTA VERÐLAUNA
ÞAR Á MEÐAL
**BESTA MYNDIN**
BESTA HANDRITIÐ **DUSTIN LANCE BLACK** | BESTI LEIKARINN **SEAN PENN**

GOLDEN GLOBE TILNEFNING
BESTI LEIKARI
**SEAN PENN**

Frumsýnd: **20. febrúar**
Hvar: **Háskólabíó**

**Ekkert hlé á góðum myndum!**
Skráning á póstlistann margborgar sig - **www.graenaljosid.is**

græna ljósið

## > VILL ÞRIÐJA HUNDINN

Fergie, sem giftist leikaranum Josh Duhamel í síðasta mánuði, vill nú taka að sér golden retreiver-hund. Fyrir eiga skötuhjúin dachs-hundana Zoe og Dylan sem þau sjást reglulega með á gangi, en eru nú sögð vilja fá stærri hund í hópinn. Fergie og Duhamel eru einnig sögð vera að íhuga að ættleiða barn þar sem söngkonan er ekki tilbúin til að gera hlé á vinnu sinni.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Lottókúlurnar orðnar stafrænar

„Jú, við erum komin með nýja Lottu. Þetta er fjórða Lottan okkar Íslendinga. Og hún er stafræn, það er að segja það er flaga inni í hverri kúlu,“ segir Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár, en síðastliðið laugardagskvöld var ný lottóvél tekin í notkun ásamt nýjum stafrænum lottókúlum. „Við vorum svona á síðasta snúningi með að skipta út vélinni en öryggiskröfur gera ráð fyrir að ný vél sé tekin í notkun á 7-9 ára fresti. Sú sem við kveðjum var sennilega orðin átta ára.“

Íslendingar lottuðu í fyrsta skiptið árið 1986 og það er mikill munur frá þeim hætti sem þá var hafður á drættinum þegar Lottómeyjar og -sveinar klæddu sig í hvíta hanska og teygðu sig handvirkt eftir kúlunum. Stefán segir að lottóvélarnar séu keyptar af sama fyrirtæki og fyrri vélar hafa verið keyptar af. „Þetta er svipuð vél og er að finna annars staðar á Norðurlöndum. Nýja vélin er mjög kröftug og búin nýjasta búnaði og nú geta ekki orðið mistök við álestur kúlnanna því það er tölva sem gerir það út frá flögunum og fulltrúi dómsmálaráðuneytisins les tölurnar af skjá í hverjum úrdrætti.“



**VORU Á SÍÐASTA SNÚNING** Gamla lottóvélin var orðin átta ára gömul.

Gamla vélin er enn uppi í Efstaleiti en hún skilaði Íslendingum um 4,5 milljörðum króna. „Hún kemur hingað bráðum og fer þá niður í kjallarann og verður geymd sem sögulegur munur.“ - jma



**STEFÁN KONRÁÐSSON**

# Misskilið innanhússgrín hjá Saga Capital

„Já, ég heyrði í honum og útskýrði þetta fyrir honum. Ég var verulega óánægð með hann því þetta var tekið úr öllu samhengi,“ segir Brynhildur Ólafsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs Saga Capital, um ummæli Stefáns Einars Stefánssonar viðskiptasiðfræðings í Silfrinu á sunnudaginn.

Stefán Einar sagði þar að fjármálafyrirtæki nokkurt „úti í bæ“ hefði látið skreyta húsakynni sín með sandblásnum fleygum orðum núverandi forstjóra fyrirtækisins og taldi það merki um „firringu“. Margir þóttust kannast við umrætt fyrirtæki, Saga Capital, en áletranir þessar tengjast þó ekki „mikilmennskubrjálæði“ fyrirtækisins að sögn Brynhildar heldur er hér einfaldlega um að ræða verkefnið Brostu með hjartanu sem Akureyrarbær og ýmsir aðilar á Akureyri standa fyrir en hjörtu og fleyg orð úr bókum, ljóðum og munni skólabarna hafa verið límd víðs vegar um bæinn. Verkefnið sprettur upp úr kreppu-talinu og snýst um að senda skilaboð í anda jákvæðni og bjartsýni.



**ÖRG ÚT Í STEFÁN** Brynhildur Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Saga Capital, segir að enginn hafi misskilið áletranir á húsakynnum Saga Capital hingað til, nema Stefán Einar Stefánsson í Silfrinu.

„Við hjá Saga Capital ákváðum sem sagt að vera með og ég persónulega fékk þá hugmynd að taka þetta inn í hús og gera þetta um leið svolítið lókal fyrir okkur starfsmennina. Krepputalið hefur auðvitað líka áhrif hér. Við höldum starfsmannafund einu sinni í viku með forstjóranum, Þorvaldi Lúðvíki Sigurjónssyni, og hann talar svolítið kjarnyrt mál. Þessar línur sem við hengdum upp eru línur sem við sem vinnum hér þekkjum öll úr hans munni.“ Brynhildur segir að Þorvaldur hafi ekki verið hafður með í ráðum heldur hafi þetta átt að koma á óvart og um leið að vera hluti af verkefninu. „Þetta var innanhússgrín á Þorvald og eru tilvitnanir eins og „það er dimmast fyrir dögun“, og „enn hefur ekki komið það él sem ekki styttir upp“ útskýrir Brynhildur. .- jma



**RÚNAR OG ERLING** Fótboltakappinn fyrrverandi, Rúnar Kristinsson, ásamt Erling Aðalsteinssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vel heppnað afmælishóf KR

**Knattspyrnufélag Reykjavíkur hélt upp á 110 ára afmæli sitt fyrr í vikunni í KR-heimilinu í Frostaskjóli. Fjölmargir KR-ingar mættu í hófið til að halda upp á áfangann og skemmtu þeir sér prýðilega.**

KR á sér langa og merkilega sögu, enda elsta knattspyrnufélag landsins og elsta samfellt starfandi íþróttafélagið. Í hófinu voru meðal annars veittar heiðursviðurkenningar til félagsmanna í KR og Ellert B. Schram rakti sögu félagsins í stuttu máli.

Auk hófsins er ætlunin að minnast afmælisins með veglegri fjölskylduhátíð vestur í bæ í samvinnu við Vesturgarð laugardaginn 6. júní og með afmælishátíð 3. október.



**RAUÐA LJÓNIÐ** Bjarni Felixson, eða Rauða ljónið eins og hann hefur verið kallaður, ásamt eiginkonu sinni.



**BROSMILDAR** Þessir brosmildu KR-ingar létu sig ekki vanta í afmælishófið.








**OFSÓTTIR** Rokkararnir í Kings of Leon hafa orðið fyrir miklu áreiti eftir að þeir slógu í gegn í Evrópu, bæði með óvæntum heimsóknum og ógnvekjandi aðdáendapóstum.

# Óttasleginn rokkari

Kings of Leon-rokkarinn Caleb Followill hefur ákveðið að selja hús sitt í kjölfar ógnvekjandi aðdáendapósta. Í viðtali við breska dagblaðið The Sun segist Followill fá gjafir og ýmiss konar furðulegar sendingar á heimili sitt í Nashville í Bandaríkjunum eftir að Kings of Leon slógu í gegn í Evrópu, en krakkar hafa gert sér ferð frá Bretlandi til Bandaríkjanna til að fara með gjafir á heimili hans.

Followill fékk sig þó fullsaddan þegar hann kom heim til sín á dögunum eftir að hafa skroppið frá í stutta stund, en þá hafði fjórum kóngaspilum með nöfnum hljómsveitarmeðlimanna verið komið fyrir við útidyrnar og segist rokkarinn þar með hafa ákveðið að setja húsið á sölu.

# Skorar á Björk og Bjartmar

„Við viljum bara fá fullt af skemmtilegum íslenskum lögum sem við getum spilað alveg í spað,“ segir Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður á Rás 2, betur þekktur sem Óli Palli, um Baráttu- og bjartsýnissöngvakeppni hins nýja lýðveldis sem útvarpsstöðin efnir nú til.

„Við byrjuðum á svona lagakeppnum fyrir nokkrum árum og þær eru mjög vinsælar í dag. Til dæmis voru send inn tuttugu lög í fyrstu jólalagakeppnina, en 160 nú síðast. Þessi keppni er mjög opin og lögin geta fjallað um allt svo lengi sem þau eru á íslensku. Menn geta eflaust látið sér detta eitthvað í hug í takt við líðandi stund og það sem við erum að hugsa, því það eru allir með hugann við lífið, tilveruna og ástandið eins og það er núna,“ bætir hann við.

„Í þessari nýju keppni geta allir tekið þátt líkt og í öðrum lagakeppnum, bæði óþekkt fólk, gítar- og píanóeigendur og svo Bubbi Morthens, Megas og fleiri sem vilja. Reyndar er Bubbi búinn að vera að semja ný lög í hverjum útvarpsþætti hjá sér og er starfsmaður á stöðinni svo ég veit ekki hvort hann verður með, en ég skora á alla, líka Björk og Bjartmar, að senda inn lag,“ segir Óli Palli brosandi og hvetur áhugasama um að skila inn geislaplötu í útvarpshæfu formi á Rás 2, Efstaleiti 1, 150 Reykjavík, fyrir föstudaginn 6. mars. Lögin sem komast í úrslit verða svo frumflutt á stöðinni mánudaginn 9. mars. - ag



**BARÁTTA OG BJARTSÝNI** Óli Palli vonar að sem flestir taki þátt í Baráttu- og bjartsýnissöngvakeppni hins nýja lýðveldis og skorar á Björk og Bjartmar að senda inn lög.

# Bjargar harðkjarnanum

Haraldur Leví Gunnarsson, sem rekur dreifingarfyrirtækið Record Records, hefur brugðið á það ráð að flytja til landsins frá Bandaríkjunum harðkjarnaplötur sem hafa ekki verið fáanlegar í verslunum hérlendis.

„Það hefur ekki verið neitt úrval af þessari tónlist og ég ætla að bæta úr því,“ segir Haraldur Leví. Fyrsta sendingin er á leiðinni til landsins og inniheldur hún plötur með sveitum á borð við Architects, Converge og Trap Them. „Fyrsta sendingin er pínulítil og ég er eiginlega búinn að selja hana,“ segir Haraldur og bætir við að viðbrögðin hafi komið sér á óvart. Hann tekur reyndar fram að harðkjarnaunnendur séu þeir dyggustu sem fyrirfinnast. „Þetta er ábyggilega virkasta senan á Íslandi sem þú finnur. Þeir kaupa alltaf allar peysur og boli og allt sem þessar hljómsveitir selja.“

Ótryggt efnahagsástandið og lágt gengi krónunnar truflar hann ekki neitt. „Þetta er náttúrlega ekkert ódýrt en maður reynir bara að spila vel úr þessu og gera þetta rétt.“ - fb



**HARALDUR LEVÍ GUNNARSSON** Haraldur flytur til landsins harðkjarnaplötur frá Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BERNARD BUTLER** Fyrrverandi gítarleikara Suede þykir lítið til endurkomu sveita á borð við Blur og The Verve koma. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Hallærisleg endurkoma

Bernard Butler, fyrrverandi gítarleikara Suede, þykir lítið til endurkomu hljómsveita á borð við Blur og The Verve koma. Báðar sveitirnar voru vinsælar á tíunda áratugnum, rétt eins og Suede.

„Það er rosalega mikið af Britpop-sveitum að koma saman á ný og mér finnst það hallærislegt. Það er ekki í neinum tengslum við það sem er í gangi í augnablikinu,“ sagði Butler, sem starfar sem upptökustjóri fyrir flytjendur á borð við Duffy og Black Kids. „Ég er algjörlega á móti fortíðarþrá. Það sem skiptir máli er það sem þú ætlar að gera í næstu viku en ekki hvað þú gerðir í síðustu viku.“



**MICHAEL JACKSON** Jackson virðist eiga í miklum fjárhagskröggum um þessar mundir.

# Selur tvö þúsund muni

Popparinn Michael Jackson virðist eiga í miklum fjárhagskröggum því hann ætlar að setja á uppboð yfir tvö þúsund hluti úr eigu sinni. Meðal annars verða til sölu bandarísku tónlistarverðlaunin sem hann fékk fyrir plötuna Thriller, fjólublá skikkja sem börnin hans gáfu honum árið 1998, sokkar frá árinu 1981 og körfubolti sem Michael Jordan áritaði.

Einnig verða á uppboðinu platínu- og gullplötur sem popparinn hafa áskotnast í gegnum tíðina, sérsmíðað Harley Davidson-mótorhjól og Rolls Royce-lúxusbifreið. Uppboðið hefst 21. apríl og stendur yfir í fimm daga.

LAGERHREINSUN
ALLT Á AÐ SELJAST

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
ALLT Á AÐ SELJAST

CINTAMANI FLÍSPEYSUR FRÁ 3.900.-
CASALL BOLIR OG BUXUR FRÁ 1.990.-
TONY HAWK OG O'NEILL BOLIR FRÁ 990.-

asics sound mind, sound body
casall
HEELYS www.heelys.com
CINTAMANI
Teva
O'NEILL
Quiksilver
ROXY

A3 OUTLET CENTER

OPIÐ:
10-18 MÁN – FÖS.
11-14 LAUGARD.

AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ



NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FANBOYS | kl. 8 og 10 | L |
| BEVERLY HILLS CHIHUAHUA | kl. 6 | L |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 6 | L |
| BRIDE WARS | kl. 8 | L |
| MY BLOODY VALENTINE | kl. 10.20 - POWER | 16 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10 | 12 |






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FRIDAY THE 13TH | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| CHIHUAHUA m/Ensku tali | kl. 10:20 Ath engin ísl. texti | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6D - 9:10D | 7 |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6 - 9:10 | VIP |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 5:50 | L |
| DOUBT | kl. 8 | L |
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50 | L |
| ROCKNROLLA | kl. 10:20 | 16 |
| YES MAN | kl. 8 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FRIDAY THE 13TH | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8D - 10:10D | 7 |
| BLOODY VALANTINE-3D | kl. 8(3D) - 11:10(3D) | 16 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 8 | L |
| TAKEN | kl. 10:10 | 16 |
| SEVEN POUNDS | kl. 8 | L |
| UNDERWORLD 3 | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHIHUAHUA | kl. 6 | L |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 8 - 10 | 16 |
| ROLE MODELS | kl. 6 | 12 |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 8 | L |
| SLUMDOG MILLIONAIRE | kl. 10 | 12 |
| DOUBT | kl. 8 | 12 |
| UNDERWORLD | kl. 10:10 | 16 |

SAMbio.is



NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| FANBOYS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| FANBOYS LÚXUS | kl. 5.50 – 8 – 10.10 | L |
| BRIDEWARS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 3.40 - 5.45 | L |
| VALKYRIE | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE WRESTLER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| FROST/NIXON | kl. 5.30 - 10.30 | 12 |
| THE READER | kl. 5.40 - 8 - 10.30 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 8 - 10.10 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| VALKYRIE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRIDE WARS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| TAKEN | kl. 10.30 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 6 | 12 |
| UNDERWORLD 3 | kl. 10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BRIDE WARS | kl. 8 - 10 | L |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 6 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

AUKAKRÓNUR


# Rændur á leið heim af djammi

Gerð var fólskuleg líkamsárás á kvikmyndagerðarmanninn Sindra Kjartansson fyrir jól og hann rændur. Sindri kærði árásina til lögreglu en árásarmennirnir, sem hann kannaðist ekki við, hafa ekki fundist.

Sindri var á heimleið seint um nóttina frá barnum Boston á Laugaveginum þegar atvikið átti sér stað. Aðeins tvö hundruð metrar eru frá barnum að heimili hans. „Ég var labbandi niður Vatnsstíginn og þá ráðast að mér þrír menn og byrja að lemja mig og kýla í andlitið. Þá brá ég á það ráð að þykjast rotast,“ segir Sindri. „Eftir eitt höggið lét ég mig falla niður í jörðina og þá var tekið undir sitt hvorn handlegginn á mér og hlaupið með mig inn í port.“



**SINDRI KJARTANSSON** Þrír menn réðust á kvikmyndagerðarmanninn Sindra Kjartansson fyrir jól og rændu hann.

Þar var veskið tekið af honum og úr sem var níutíu þúsund króna virði ásamt tuttugu þúsund króna hatti. „Þetta var tap upp á vel á annað hundrað þúsund,“ segir Sindri, sem slapp við beinbrot en var allur blár og marinn. Hann telur það líklega hafa bjargað lífi sínu að þykjast rotast því hann var skilinn eftir í porti sem enginn gekk um í fjögurra stiga frosti. „Ég hef aldrei talið sjálfan mig vera leikara en ég hef greinilega mikla hæfileika,“ segir hann.

Sindri ætlar að hafa varann á í framtíðinni þegar hann gengur heim til sín seint um nótt. „Ég hef hingað til talið mig vera inni í púða í 101 Reykjavík en maður þarf greinilega að passa sig.“ **- fb**



**PLATA ÁRSINS OG HÖFUNDAR ÁRSINS** Sigur Rós þóttu skara fram úr og spiluðu endalaust með suð í eyrum.

# Sigursæl Sigur Rós

**Íslensku tónlistarverðlaunin voru veitt í fimmtánda skipti í gærkvöldi í sjónvarpssal. Drengirnir í Sigur Rós voru áberandi eins og margir bjuggust við.**

Ef hægt er að tala um að einhver einn hafi staðið upp úr á Íslensku tónlistarverðlaununum í gærkvöldi hljóta það að vera strákarnir í Sigur Rós, sem voru þeir einu sem fengu tvenn verðlaun. Dómnefndin komst að því að þeir væru „höfundar ársins“ og að platan þeirra Með suð í eyrum við spilum endalaust væri „plata ársins“. Sem betur fer er nú búið að straumlínulaga þennan verðlaunaflokk í ein verðlaun, „plata ársins“, í fyrra og í nokkur skipti þar á undan var verðlaunað í þremur plötuflokkum, rokk/jaðartónlist, popp/dægurtónlist og ýmis tónlist. Skiptingin á þessu gat oft orðið vandræðaleg. Einnig er búið að straumlínulaga verðlaunaflokk söngvara í „rödd ársins“. Áður voru tvenn verðlaun í boði fyrir kven- og karlsöngvara. Emilíana tók fyrstu „rödd ársins“-verðlaunin og ógnar nú veldi Bjarkar, sem flest íslensk tónlistarverðlaun hefur fengið.

**drgunni@frettabladid.is**

## ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN FYRIR ÁRIÐ 2008

**Lag ársins**
*Þú komst við hjartað í mér*, höfundar Toggi, Bjarki Jónsson og Páll Óskar Hjálmtýsson

**Flytjandi ársins**
*Anna Guðný Guðmundsdóttir* fyrir flutning á Tuttugu tillitum til jesúbarnsins eftir Olivier Messiaen

**Höfundur ársins**
*Sigur Rós* fyrir laga- og textasmíðar á plötunni Með suð í eyrum við spilum endalaust

**Plata ársins - Popp og rokk**
*Sigur Rós – Með suð í eyrum við spilum endalaust*

**Rödd ársins**
*Emilíana Torrini*

**Plata ársins - Djass**
*Ómar Guðjónsson - Fram af*

**Tónverk ársins**
*ORA* - Áskell Másson

**Plata ársins - Sígild og samtímatónlist**
Fordlandia - Jóhann Jóhannsson

**Bjartasta vonin**
Agent Fresco

**Hvatningarverðlaun Samtóns**
Músíktilraunir

**Loftbrúarverðlaun**
Mugison

**Netverðlaun Tónlist.is**
Baggalútur


föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun




Jóhanna Guðrún:
Vil losna við barnastjörnustimpilinn

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft

# SÆLKERABÍÓ

**Hitaðu upp fyrir Óskarinn með því að skella þér á þessar gæðamyndir sem eru með yfir 30 Óskarstilnefningar!**




**10 ÓSKARSTILNEFNINGAR**

**4 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN**

*Sýnd í Smárabíói og Laugarásbíói*




**8 ÓSKARSTILNEFNINGAR**

*Frumsýnd í Háskólabíói á morgun*




**5 ÓSKARSTILNEFNINGAR**

**GOLDEN GLOBE VERÐLAUN**

*Komin aftur í sýningar í Háskólabíói*




**5 ÓSKARSTILNEFNINGAR**

*Sýnd í Háskólabíói*




**2 ÓSKARSTILNEFNINGAR**

**GOLDEN GLOBE VERÐLAUN**

*Sýnd í Háskólabíói*




**1 ÓSKARSTILNEFNING**

**GOLDEN GLOBE VERÐLAUN**

*Sýnd í Háskólabíói*

SMÁRABÍÓ LAUGARÁSBÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

## > Sextán deildarsigrar Haukakvenna í röð

Bikarmeistarar KR náðu ekki að stöðva sigurgöngu deildarmeistara Hauka í Iceland Express-deild kvenna. Haukar höfðu gott forskot nær allan leikinn og unnu að lokum með 11 stigum, 83-72. Þetta var sextándi deildarsigur Hauka í röð en liðið er það eina sem hefur unnið KR-konur á þessu ári. Kristrún Sigurjónsdóttir, fyrirliði Hauka, átti stórleik, skoraði 31 stig og tók 13 fráköst. Leikurinn var mjög grófur og voru fleiri en einn leikmaður bornir út af eftir meiðsli, alvarlegust eru þau þó líklega hjá Sigrúnu Ámundadóttur í liði KR sem meiddist á hné.



# sport

sport@frettabladid.is

ÁRNI STEFÁNSSON AFTUR Í HASARINN: AÐSTOÐAR NÁGRANNA SINN, GUNNAR MAGNÚSSON, MEÐ HK

# Er svo klikkaður að ég get ekki slitið mig frá þessu

Gamla hörkutólið Árni Stefánsson er mættur aftur á hliðarlínuna í handboltanum. Hann er orðinn aðstoðarmaður Gunnars Magnússonar hjá HK og Árni mun væntanlega þenja raddböndin á hliðarlínunni í kvöld þegar FH sækir HK heim í Digranesið í gríðarlega mikilvægum leik og þá sérstaklega fyrir HK.

Gunnar segir það mjög gott að fá Árna á bekkinn til sín. „Árni kemur í leiki og tvisvar í viku á æfingar. Það er um að gera að nýta hans krafta. Hann er mikill stemningskall sem kemur mjög sterkur inn í þetta hjá okkur," segir Gunnar en svo skemmtilega vill til að þeir félagarnir búa í sömu blokkinni og þekkjast vel. „Ég hitti hann á bílastæðinu og nefndi þetta við hann og hann var sem betur fer æstur í að vera með."

Árni er fyrrverandi þjálfari liðsins og því í nýju hlutverki að þessu sinni sem hann segist hafa gaman af.

„Ég er svo klikkaður að ég get ekki slitið mig frá þessu. Það er líka þægilegt að aðstoða nágranna sinn. Ég get fengið far hjá honum á æfingar og svona," segir Árni kátur en hann þjálfar 3. flokk hjá FH sem er einmitt félagið sem HK leikur við í kvöld. „Ég talaði náttúrlega við FH-ingana og þeir sáu ekkert að þessu enda toppmenn sem gaman er að vinna fyrir. Ég þekki líka marga af þessum FH-strákum enda oft uppi í íþróttahúsi þannig að þetta verður fjör."



Árni segir það vera erfitt að losna við handboltabakteríuna. „Ég hélt ég hefði eitthvað læknast en svo er nú aldeilis ekki. Þetta er búið að vera svaka gaman. Það kom mér á óvart hvað það var lítið sjálfstraust og stemning í hópnum þegar ég kom til HK og mitt hlutverk hefur því verið að kveikja svolítið á mönnum."

Árni útilokar ekki að byrja aftur að þjálfa á fullu og segir handboltann hjálpa sér að mörgu leyti. „Þetta er frábær útrás sem maður fær. Að geta öskrað eins og vitleysingur í klukkutíma á leikjum og farið svo heim sallarólegur og verið góður við konuna. Hún kvartar því ekkert," segir Árni á gamansömum nótum og hlær dátt.

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin:

**Man. Utd-Fulham** **3-0**
1-0 Paul Scholes (12.), 2-0 Dimitar Berbatov (30.), 3-0 Wayne Rooney (63.)

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. Utd** | **25** | **18** | **5** | **2** | **44-10** | **56** |
| Liverpool | 25 | 15 | 9 | 1 | 42-17 | 54 |
| **Aston Villa** | **25** | **15** | **6** | **4** | **40-24** | **51** |
| Chelsea | 25 | 14 | 7 | 4 | 44-15 | 49 |

### IE-deild kvenna (A):

**KR-Haukar** **72-83 (31-44)**
**Stigahæstar:** Hildur Sigurðardóttir 19, Sigrún Ámundadóttir 14, Guðrún Ámundadóttir 12, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9, Margrét Kara Sturludóttir 6 - Kristrún Sigurjónsdóttir 31, Slavica Dimovska 21, Moneka Knight 9, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 7, María Lind Sigurðardótitr 7.

**Hamar-Keflavík** **76-81**
**Stigahæstar:** Lakiste Barkus 29, Julia Demirer 21 (19 frák.), Fanney Guðmundsdóttir 8, Jóhanna Sveinsdóttir 8 - Pálína Gunnlaugsdóttir 20, Birna Valgarðsdóttir 14, Bryndís Guðmundsdóttir 14, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 13.

### IE-deild kvenna (B):

**Snæfell-Grindavík** **78-63**
**Stigahæstar:** Kristen Green 37, Sara Andrésdóttir 15 - Ólöf Pálsdóttir 12, Helga Hallgrímsdóttir 12.

### UEFA-bikarinn:

**Dynamo Kiev-Valencia** **1-1**
Kravchenko - Silva.
**Zenit St. Petersburg-Stuttgart** **2-1**
Huszti, Tymoschuk - Gomez.
**Aston Villa-CSKA Moskva** **1-1**
John Carew - Vagner Love.
**Werder Bremen-AC Milan** **1-1**
Diego - Filippo Inzaghi
**Bordeaux-Galatasaray** **0-0**
**NEC Nijmegen-HSV** **0-3**
**Sampdoria-Metalist** **0-1**

### Meistaradeildin í handbolta:

**Chambery-Rhein Neckar Löwen** **25-23**
**Guðjón Valur Sigurðsson** skoraði 3 mörk, þar af eitt úr víti, fyrir Löwen.

### EHF-bikarinn:

**Lemgo-Bjerringbro Silkeborg** **28-25**
**Logi Geirsson** var næstmarkahæstur í liði Lemgo með fimm mörk. Bjerringbro vann fyrri leikinn, 26-23, og fer áfram á fleiri mörkum á útivelli.

Sigurganga Man. United hélt áfram í ensku deildinni:

# Fimm stiga forskot

**FÓTBOLTI** Manchester United vann í gær sinn tíunda sigur í röð í öllum keppnum og náði fimm stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar með 3-0 sigri á Fulham.



Edwin Van der Sar hélt hreinu í 14. deildarleiknum í röð og hefur alls haldið marki sínu hreinu í 1.302 mínútur.

Paul Scholes, sem átti mjög góðan leik, skoraði fyrsta markið strax á 12. mínútu en þetta var fyrsta mark hans í 18 mánuði.

Búlgarinn Dimitar Berbatov jók muninn í 2-0 á 30. mínútu og Wayne Rooney (t.v.) innsiglaði síðan sigurinn á 63. mínútu, tveimur mínútum eftir að hann hafði komið inn á sem varamaður. **- óój**




# Barist úti um alla deild

**Fram undan er spennandi lokasprettur í Iceland Express-deildinni. Fréttablaðið fékk körfuboltaáhugafólk til þess að spá um hvernig þetta fer allt saman.**

**KÖRFUBOLTI** Lokaspretturinn í Iceland Express-deild karla er fram undan og er mikil spenna um alla deild.

KR og Grindavík berjast um deildarmeistaratitilinn, Snæfell og Keflavík keppa um 3. sætið og þá eiga sex lið möguleika á að tryggja sér hin fjögur sætin inn í úrslitakeppnina. Staðan er svo vegar vonlaus hjá botnliði Skallagríms og hún er líka allt annað en góð hjá Þórsurum. Norðanmenn eru núna í 11. sæti og í raun sex stigum frá öruggu sæti þar sem þeir eru með verri innbyrðisstöðu gegn FSu.

Fréttablaðið leitaði til körfuboltaáhugafólks úr öllum áttum og fékk það til þess að spá í hvernig umrædd einvígi innan deildarinnar enda. Spámennirnir sem tóku þátt eru Einar Bollason, Yngvi Gunnlaugsson, Hrannar Hólm, Torfi Magnússon, Signý Hermannsdóttir, Jón Halldór Eðvaldsson, Snorri Örn Arnaldsson, Guðjón Skúlason, Bárður Eyþórsson, Pálína Gunnlaugsdóttir, Jón Björn Ólafsson, Guðjón Þorsteinsson, Guðbjörg Norðfjörð og Ágúst Björgvinsson.



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**BLÓÐ SVITI OG TÁR** Þorleifur Ólafsson fékk slæmt högg í leik um daginn en lét það ekki aftra sér að fara aftur inn á þegar hann var búinn að tjasla sér saman.

### Deildarmeistaratitillinn

KR og Grindavík berjast um deildarmeistaratitilinn. KR er með tveggja stiga forskot á Grindavík en Grindvíkingum mun duga að verða jafn þeim að stigum þar sem Grindavík er með betri stöðu í innbyrðisleikjum.
**Spáhópur:** KR 100%, Grindavíkza 0%

### Þriðja sætið

Snæfell og Keflavík berjast um 3. sætið og Snæfell er ofar vegna betra gengis í innbyrðisleikjum.
**Spáhópur:** Snæfell 86%, Keflavík 14%

### Síðustu sætin inn í úrslitakeppni

Sex lið berjast um fjögur síðustu sætin inn í úrslitakeppnina. Njarðvík og Stjarnan eru í bestu stöðunni en FSu í þeirri verstu og er í raun enn í harðri fallbaráttu við Þórsara.

Breiðablik, ÍR og Tindastóll eru hins vegar öll jöfn með 14 stig í 7. til 9. sæti.

Árangur í innbyrðisleikjum kemur líklega til með að ráða í lokin og þar standa Blikar vel að vígi gagnvart ÍR og Tindastól en þeir hafa unnið alla þrjá leiki sína gegn þessum tveimur liðum. Stólarnir hafa hins vegar tapað öllum þremur leikjum sínum gegn Blikum og ÍR-ingum.
**Spáhópur:** Njarðvík 100%, Stjarnan 93%, ÍR 86%, Tindastóll 71% en Breiðablik 50% og FSu 0%.

### Fallbaráttan

Fallbaráttan stendur á milli FSu og Þór Akureyri. Breiðablik, ÍR og Tindastóll eru ekki alveg sloppin en það verður að teljast líklegast að fallbaráttan standi á milli Þórs og FSu.
**Spáhópur:** Þór 71%, FSu 29%.

ooj@frettabladid.is

### STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **17** | **16** | **1** | **1626-1250** | **32** |
| Grindavík | 17 | 15 | 2 | 1676-1372 | 30 |
| **Snæfell** | **17** | **11** | **6** | **1411-1237** | **22** |
| Keflavík | 17 | 11 | 6 | 1464-1300 | 22 |
| **Njarðvík** | **17** | **9** | **8** | **1387-1447** | **18** |
| Stjarnan | 17 | 8 | 9 | 1452-1447 | 16 |
| **Breiðablik** | **17** | **7** | **10** | **1327-1477** | **14** |
| ÍR | 17 | 7 | 10 | 1414-1426 | 14 |
| **Tindastóll** | **17** | **7** | **10** | **1388-1454** | **14** |
| FSu | 17 | 6 | 11 | 1382-1419 | 12 |
| **Þór Ak.** | **17** | **4** | **13** | **1369-1525** | **8** |
| Skallagrímur* | 17 | 1 | 16 | 1055-1597 | 2 |

**Skallagrímur er fallinn** í 1. deild.

Nýkrýndum bikarmeisturum hefur ekki gengið vel í fyrsta leik undanfarin ár:

# Bikarúrslitaliðin mætast aftur

**KÖRFUBOLTI** Það verður flottur leikur í DHL-Höll þeirra KR-inga í kvöld þegar topplið Iceland Express deildar karla tekur á móti nýrkrýndum bikarmeisturum Stjörnunnar. Nýkrýndir bikarmeistarar hafa aðeins unnið fyrsta leik eftir bikarúrslitaleikinn í 3 af 9 skiptum frá árinu 2000 og allir sigrarnir þrír hafa komið á móti neðsta liði deildarinnar.

Þetta verður í þriðja sinn á síðustu fjórum tímabilum þar sem bikarúrslitaliðin þar sem bikarúrslitaleikurinn er endurtekinn aðeins nokkrum dögum seinna. Í fyrra fóru nýkrýndir bikarmeistarar Snæfells illa með Fjölnismenn á þeirra eigin heimavelli og unnu þá með 53 stigum eftir að hafa unnið 23 stiga sigur í bikaúrslitaleiknum fjórum dögum áður. Tveimur árum áður náðu Keflvíkingar hefndum fyrir tap í bikarúrslitum með því að vinna nýkrýnda bikarmeistara Grindavíkur með 25 stigum fimm dögum eftir 15 stiga tap í bikaúrslitum.



**SÁRT** Leikmenn KR eftir tapið í bikarúrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjörnumenn hafa þegar spillt fyrir deildarmeistaradraumum Grindvíkinga og nú er að sjá hvort þeir geri hið sama með drauma KR-inga sem eru væntanlega vaknaðir efrir bikarmartröð sína síðasta sunnudag. **- óój**

### FYRSTI LEIKUR BIKARMEISTARA SÍÐUSTU ÁR:

| | |
|---|---|
| 2008 Snæfell-Fjölnir (úti) | 114-61 |
| 2007 ÍR-KR (ú) | 81-89 |
| 2006 Grindavík-Keflavík (ú) | 84-109 |
| 2005 Njarðvík-Snæfell (ú) | 84-88 |
| 2004 Keflavík-Breiðablik (ú) | 105-98 |
| 2003 Keflavík-Grindavík (ú) | 92-105 |
| 2002 Njarðvík-Stjarnan (h) | 102-75 |
| 2001 ÍR-Skallagrímur (h) | 84-86 |
| 2000 Grindavík-Haukar (ú) | 60-73 |



**TILÞRIF** Það má búast við flottri keppni í kvöld. MYND/JENS EINARSSON

Meistaradeild VÍS í kvöld:

## Glæsilegir gæðingar mæta

**HESTAR** Annað mótið í Meistaradeild VÍS fer fram í Ölfushöllinni í kvöld og hefst keppni klukkan 19.30. Að þessu sinni verður keppt í fjórgangi.

Það verður væntanlega mikið um dýrðir enda margir gæðingar væntanlegir í Ölfushöllina.

Sigurður Sigurðarson, sem vann fjórgangskeppnina í fyrra, kemur með Sölva frá Ingólfshvoli, Ísleifur Jónsson mætir á Landsmótsmeistaranum Röðli frá Kálfholti og Sigurbjörn Bárðarson keppir á Melódíu frá Möðrufelli svo einhverjir gæðingar séu nefndir. - hbg

Meistaradeild VÍS:

## Hver vinnur folatollinn?

**HESTAR** Það verður ekki bara glæsileg keppni í Ölfushöllinni í kvöld heldur verður fyrsta happdrættið af fimm í kvöld.

Verðlaunin eru ekki af lakari endanum eða folatollur undir Landsmótsmeistarann Óm frá Kvistum.

Ómur vann fimm vetra flokkinn á síðasta Landsmóti en hann er undan Ófeigssyninum Víglundi frá Vestra-Fíflholti og Otursdótturinni Orku frá Hvammi. Ómur hlaut 8,61 í aðaleinkunn á Landsmótinu og er með 9,5 fyrir skeið, vilja og geðslag.

Happdrættismiðinn kostar 1.000 kr. og verða aðeins 250 miðar seldir. - hbg

Keflavík fær liðstyrk:

## Bjarni Hólm til Keflavíkur

**FÓTBOLTI** Keflavík fékk fínan liðstyrk í gær þegar miðvörðurinn stæðilegi, Bjarni Hólm Aðalsteinsson, ákvað að ganga í raðir Keflavíkurliðsins frá ÍBV.

Þetta eru frábær tíðindi fyrir Keflavík sem hefur mátt horfa á bak þremur leikmönnum sem geta spilað miðvarðarstöðuna – Hallgrími Jónassyni, Guðmundi Mete og Kenneth Gustafsson.

Missirinn að sama skapi mikill fyrir ÍBV þar sem Bjarni hefur verið lykilmaður. Félagið hefur þó samið við Matt Garner upp á nýtt. - hbg

# Getur ekki beðið eftir að komast til Füchse Berlin

**Það er nóg að gera hjá Degi Sigurðssyni þessa dagana enda í raun að sinna þremur störfum. Hann er enn að versla leikmenn fyrir Füchse Berlin og talsverð óvissa er um hvort Sverre Andreas Jakobsson gangi í raðir félagsins.**

**HANDBOLTI** Það styttist í að Dagur Sigurðsson taki við stjórnartaumunum hjá þýska úrvalsdeildarliðinu Füchse Berlin. Þó svo Dagur hafi ekki formlega hafið störf er hann samt að vinna fyrir félagið í leikmannamálum og öðru.

Nú síðast gekk Dagur frá kaupum á danska línutröllinu Torsten Laen sem hefur leikið með Ólafi Stefánssyni undanfarin ár í Ciudad Real. Svo er óvissa með það hvort Dagur fái hreinlega peninga til þess að semja við Sverre Jakobsson.

„Hann er fínn þessi strákur. Hægt að nota hann í vörn og sókn og fínn í hraðaupphlaupum. Svo er þetta reyndur kappi sem er jákvætt. Flott að fá þennan strák og við sendum smá skilaboð út á við líka með þessu,“ sagði Dagur sem er ekki hættur að versla. „Við eigum væntanlega eftir að ganga frá einum í viðbót. Ég ætlaði að taka varnarmann og rétthenta skyttu en þarf kannski að finna það í einum manni. Sverre er samt ekki út úr myndinni en það verður samt ekki samið við hann á næstunni.“

Það er nóg að gera hjá Degi þessa dagana. Hann er enn starfandi sem framkvæmdastjóri Vals, er landsliðsþjálfari austurríska landsliðsins í handbolta og er byrjaður að vinna hjá Berlín og undirbúa komu sína þangað.

„Það gengur mjög vel að sinna þessu öllu. Ég er búinn að vera töluvert í Berlín og það þarf mikið að undirbúa en þetta er allt að koma. Ég hef minna verið í Austurríki enda það meira afmarkað starf. Svo hef ég verið að aðstoða arftaka minn hjá Val sem er samt öllum hnútum kunnugur í Valsheimilinu og því er það nú ekki mikið mál,“ sagði Dagur.

Dagur neitar því ekki að hann sé að verða óþreyjufullur að hefja störf hjá þýska félaginu en hann mun flytja utan í sumar.

„Þetta er að byrja að verða svolítil bið núna en ég bíð mjög spennt-



**FRAMKVÆMDASTJÓRI, LANDSLIÐSÞJÁLFARI OG FÉLAGSÞJÁLFARI** Dagur Sigurðsson hefur nóg á sinni könnu þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/HAGENPRESS

ur eftir því að hefja störf formlega hjá félaginu. Því oftar sem ég fer út verð ég spenntari og hausinn er kominn hálfa leið til Berlínar,“ sagði Dagur sem er byrjaður að dusta rykið af handboltabókunum og er byrjaður að þjálfa hjá Val til þess að koma sér í rétta gírinn.

„Það er mjög gott að komast af stað aftur. Fór líka til Selfoss í handboltaakademíuna að þjálfa og hitti svo Brynjar Karl með Sideline forritið. Maður er að dusta rykið af öllu svo maður verði eins tilbúinn og mögulegt er.“

Dagur og fjölskylda hafa þegar fundið framtíðarheimili sitt í Berlín og er óhætt að segja að það sé á besta stað.

„Þetta er nánast við Ólympíuleikvanginn. Við æfum þar rétt hjá og því afar þægilegt að vera í göngufæri við æfingasvæðið,“ sagði Dagur. henry@frettabladid.is

Sir Alex Ferguson spáir því að Man. Utd og Liverpool muni berjast til enda:

## Alex Ferguson afskrifar Chelsea

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, segir að aðeins Liverpool geti barist við sitt lið um enska meistaratitilinn. Hann er búinn að afskrifa Chelsea og Arsenal í baráttunni en ætlar að fylgjast grannt með Aston Villa sem læðist aftan að toppliðunum tveimur.

„Chelsea er búið að spila þetta upp í hendurnar á okkur og nú verður baráttan á milli okkar og Liverpool. Ég gleymi samt ekki Aston Villa sem virðist hafa tekið við keflinu af Arsenal. Ég var mjög hissa á því að Chelsea skyldi losa sig svo snemma við reyndan og hæfan þjálfara sem Scolari er. Þeirra viðbrögð er enn ein myndin af þeirri sorglegu leið sem fótboltinn stefnir þessa dagana. Það vilja allir skyndiárangur og félög hafa enga þolinmæði. Árangur kemur aftur á móti með stöðugleika og langtímamarkmiðum,“ sagði Ferguson. - hbg



**TÉVEZ** Veit ekkert hvar hann spilar næsta vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Carlos Tévez:

## Veit framtíð sína í sumar

**FÓTBOLTI** Enn ríkir mikil óvissa um framtíð Argentínumannsins Carlos Tévez og hann segir núna að sín mál muni ekki skýrast fyrr en næsta sumar. Tévez er samningsbundinn Man. Utd til næsta sumars en þangað kom hann á tveggja ára lánssamningi.

Sky-fréttastofan segir að Man. Utd sé þegar búið að samþykkja að greiða um 30 milljónir punda fyrir argentínska framherjann en hefur dregið lappirnar í að ganga frá málinu.

Á meðan bíður Tévez á vængnum og veit ekkert hvað munu gerast en hann hefur margoft lýst því yfir að hann vilji spila áfram fyrir ensku meistarana.

„Hér líður mér vel og hér vil ég spila næstu árin. Það yrði mjög erfitt að yfirgefa eitt stærsta félag heims. Nú erum við bara að bíða fram í júní og ég mun ekkert vita fyrr en þá,“ sagði Tévez í útvarpsviðtali í Argentínu. - hbg

Steven Gerrard:

## Gæti spilað um helgina

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að Steven Gerrard birtist óvænt á fótboltavellinum um helgina er Liverpool spilar gegn Man. City.

Gerrard tognaði aftan í læri í bikarleiknum gegn Everton fyrr í mánuðinum og var búist við því að hann myndi ekki spila aftur fyrr en gegn Real Madrid í næstu viku.

„Hann er allur að koma til og hver dagur skiptir máli,“ sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool, sem sagði spænsku blöðin hafa komið sér á óvart með fréttum af fyrirliðanum sínum.

„Það stóð að hann myndi leika nokkrar mínútur um helgina og síðan yrði hann fullkomlega klár gegn Real. Sannleikurinn er að við höfum ekki hugmynd um það,“ sagði Benitez. - hbg




GLÆSILEG
NÝ TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ CREATIVE
MESTA ÚRVAL LANDSINS AF CREATIVE
A500 5.1 CREATIVE HLJÓÐKERFI 4.990
3 DAGA TILBOÐ
2GB 800MHz DDR2 VINNSLUMINNI 2.990
3 DAGA TILBOÐ
LACIE
500GB LACIE HARÐISK HÝSING 14.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**> Jerry O'Connell**

„Mér fannst fátt eins ömurlegt eins og að hlusta á menn segja frægðarsögur af börnunum sínum og flagga myndum af þeim. En svo einn daginn var ég sjálfur orðinn þannig.“
O'Connell leikur Laird í þættinum Bílfélagar (Carpoolers) sem sýndur er á Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER HEILLUÐ AF HUNDAHVÍSLARA**

## *Erfitt að kenna hundaeigendum að sitja*



Einstaka sinnum koma fram á sjónarsviðið einstaklingar sem geta heillað alla í kringum sig. Fólk sem getur fengið aðra til að hrífast með og trúa því að hið ótrúlega sé mögulegt. Hundahvíslarinn Cesar Millan er slíkur maður. Þættir hans „The Dog Whisperer“ eru sýndir á sjónvarpsstöðinni National Geographic við miklar vinsældir enda þrælskemmtilegir þættir þar á ferðinni.

Cesar sérhæfir sig í því að endurhæfa illa upp alda hunda. Hunda sem bíta, gelta, naga og urra og sem eigendur ráða alls ekki við. Cesar notar sérstaka tækni þar sem hann kennir fólki að vera leiðtogi hundsins en oft er það á hinn veginn. Á ótrúlegan máta tekst Cesar að breyta hegðun hunda á stuttum tíma, oftast með því að breyta hegðun eigenda þeirra en Cesar vill meina að flestir hundar hagi sér einungis eins og eigandinn kenni honum, þó að eigandinn geri sér ekki grein fyrir því sjálfur.

Cesar er að mestu leyti sjálflærður. Hann er upprunalega frá Mexíkó þar sem hann lærði á hunda í gegnum afa sinn sem notaði hunda við störf sín á búgarði. Hann kom síðar ólöglega til Bandaríkjanna og hóf störf á hundasnyrtistofu. Fljótlega barst út að Cesar væri einstaklega laginn við hunda. Það fór svo að leikarinn Will Smith heyrði af honum og fékk hann til að þjálfa hundinn sinn og af því leiddi að Cesar varð vinsæll meðal ríka og fræga fólksins. Það greiddi honum leið inn í sjónvarpsbransann þar sem hann blómstrar í dag.

Cesar eru þó umdeildur sem hundaþjálfari. Sumir vilja meina að hann noti aðferðir sem stangist á við dýraverndarlög. Einnig hefur verið gagnrýnt að þó hann sjálfur sé laginn við dýrin geti verið hættulegt ef sjónvarpsáhorfendur reyna að apa eftir honum.

Hvað sem því líður eru þættirnir áhugaverðir og margt fróðlegt sem kemur fram í þeim. Þó er með þá eins og allt annað að gott er að horfa á þá með gagnrýnum hug.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.20 Game Tíví** SKJÁREINN



▶ **20.00 On a Clear Day** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 Sex and the City** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.15 Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35 Twenty Four** STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Finnur finnur upp** (1:3) (e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Skyndiréttir Nigellu** (9:13) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Eli Stone** (9:13) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge og Loretta Devine.
**21.05 Þegar á reynir** Fræðsluefni frá Rauða krossi Íslands.
▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk: Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross og Eva Longoria.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Bílfélagar** (Carpoolers) (9:13) Bandarísk gamanþáttaröð um félaga sem eru samferða í vinnuna, úr úthverfi og inn í borg og skrafa saman um lífið og tilveruna á leiðinni. Aðalhlutverk: Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller, Jerry O'Connell, Allison Munn, Jerry Minor og Tim Peper.
**22.45 Sommer** (Sommer) (11:20) (e)
**23.45 Kastljós** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Jumanji**
**10.00 Dawn Anna**
**12.00 On A Clear Day**
**14.00 Elizabethtown**
**16.00 Jumanji**
**18.00 Dawn Anna**
▶**20.00 On A Clear Day** Áhrifarík bresk mynd um mann sem reynir að sigrast á minnimáttarkennd sinni og óöryggi með því að synda yfir Ermasundið.
**22.00 Uninvited Guest**
**00.00 The Exorcism of Emily Rose**
**02.00 Kiss Kiss Bang Bang**
**04.00 Uninvited Guest**
**06.00 The Queen**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór og Ævintýri Juniper Lee.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (256:300)
**10.15 Wipeout** (8:11)
**11.10 Ghost Whisperer** (36:44)
**12.00 Men in Trees** (2:19)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Wings of Love** (9:120)
**13.55 Wings of Love** (10:120)
**14.45 Ally McBeal** (9:24)
**15.40 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.03 Háheimar**
**16.28 Smá skrítnir foreldrar**
**16.48 Hlaupin**
**16.58 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Neighbours**
**17.58 Friends** (3:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.10 Markaðurinn með Birni Inga**
**19.35 The Simpsons** (12:22) Simpson-fjölskyldan tekur að sér að gæta seturs herra Burns þegar hann bregður sér úr bænum en það gengur ekki áfallalaust fyrir sig.
**20.00 Amazing Race** (7:13) Í elleftu seríunni mæta til leiks nokkrir af sterkustu keppendunum úr tíu fyrstu seríunum til að fá úr því því skorið hvert sé sterkasta parið frá upphafi.
**20.50 The Mentalist** (2:22) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
▶**21.35 Twenty Four** (4:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
**22.20 Goldfinger**
**00.10 Réttur** (5:6)
**00.55 Mad Men** (9:13)
**01.40 Go**
**03.45 The Mentalist** (2:22)
**04.30 The Simpsons** (13:22)
**04.55 Friends** (3:23)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Werder Breman - AC Milan** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
**17.55 Werder Breman - AC Milan** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
**19.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.
**20.00 Atvinnumennirnir okkar** Síðastur en jafnframt alls ekki sístur er sjálfur Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Barcelona á Spáni. Eiður sýnir áhorfendum á sér nýjar hliðar og fylgst verður meðal annars með undirbúningi fyrir leik Barcelona og Real Madrid.
**20.40 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**21.10 Bardaginn mikli Sugar Ray Robinson - Jake LaMotta** Að margra mati er Sugar Ray Robinson besti boxari allra tíma. Hann gerðist atvinnumaður 1940 og átti langan feril. Einn helsti andstæðingur hans var Jake LaMotta en þeir börðust sex sinnum.
**22.05 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
**22.35 Atvinnumennirnir okkar** Eiður Smári Guðjohnsen.
**23.15 PGA Tour 2009** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. Utd. - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.50 Man. Utd. - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.30 PL Classic Matches** Newcastle - Liverpool, 1998. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**21.25 Goals of the Season 1999** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.25 Coca Cola mörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**22.55 Tottenham - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (26:27) Spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. (e)
▶**19.20 Game Tíví** (3:8) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Rules of Engagement** (8:15) Bandarísk gamansería um vinahóp sem samanstendur af hjónum, trúlofuðu pari og kvensömum piparsveini. Jennifer og Audrey reyna að koma vinum sínum saman en það endar með ósköpum.
**20.30 The Office** (6:9) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael "rænir" pitsasendli sem neitar að veita honum afslátt.
**21.00 Flashpoint** (6:13) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Stelpuklíka ræðst á unglingsstúlku í verslunarmiðstöð með skelfilegum afleiðingum. Sérsveitin lokar verslunarmiðstöðinni og leitar að stúlkunum í hópi hundruða búðargesta.
**21.50 Law & Order** (20:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Lausgirtur lögfræðingur er myrtur og lögreglan finnur misjafna sauði í lögfræðistéttinni.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Britain's Next Top Model** (6:10)
**00.20 Vörutorg**
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 20.00

### Atvinnumennirnir okkar

Á síðustu vikum hefur Auðunn Blöndal fengið innsýn í líf helstu atvinnumanna Íslands. Síðastur en jafnframt alls ekki sístur í þessari frábæru þáttarröð er sjálfur Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Barcelona á Spáni. Eiður sýnir áhorfendum á sér nýjar hliðar og fylgst verður meðal annars með undirbúningi fyrir leik Barcelona og Real Madrid. Frægðin og hetjudýrkunin, ómetanlegur stuðningur fjölskyldunnar og mennina sem hann kallar félaga sína – Messi, Ronaldinio, Henry, Lambart svo fáir séu nefndir. Þáttur sem þú mátt hreinlega ekki missa af.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Mentalist

### Stöð 2 kl. 20.50

Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. En þrátt fyrir það á hann fáa vini innan lögreglunnar, ekki síst fyrir það að hafa aflað sér frægðar sem sjónvarpsmiðill.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Í frostinu
**15.30** Gullmolar úr hljóðritasafninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.19** Útvarpsleikhúsið: Rödd án líkama
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (128:260)
**16.30 Hollyoaks** (129:260)
**17.00 Seinfeld** (14:24)
**17.30 Lucky Louie** (5:13)
**18.00 Sex and the City** (17:18)
**18.30 Sex and the City** (18:18)
**19.00 Hollyoaks** (128:260)
**19.30 Hollyoaks** (129:260)
**20.00 Seinfeld** (14:24) Kramer felur lykilinn að peningaskápnum sínum í íbúðinni hjá Jerry. George og Elaine reyna hvort um sig að finna leiðir út úr samböndunum sem þau eru í.
**20.30 Lucky Louie** (5:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
▶**21.00 Sex and the City** (17:18) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.30 Sex and the City** (18:18)
**22.00 Gossip Girl** (3:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartíi.
**22.45 Grey's Anatomy** (13:24)
**23.30 Ghost Whisperer** (62:62)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Á fimmtudegi á öndverðum meiði um stjórnmálin.
**21.00 Gestir Guðrúnar** Guðrún Guðlaugsdóttir bregður upp mannlífsmyndum.
**21.30 Frumkvöðlar** Elinóra Inga Sigurðardóttir sér um þáttinn en þema hans er nýsköpun.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.05** Aftenshowet **12.40** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.40** S, P eller K **14.50** Boogie Update **15.20** S, P eller K **15.30** Mille **16.00** Den amerikanske drage **16.25** F for Får **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Verdens vildeste krydstogt **19.30** Danskere i krig **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Brødre **22.55** Sugar Rush **23.20** Naruto Uncut **23.45** Boogie Mix

## NRK 1

**13.10** VM på ski **14.05** V-cup fristil **15.30** VM på ski **17.10** Fritt fram **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Fortsatt heftig og begeistret **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** VM-kveld **21.00** Life on Mars **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Med kniven som medisin **23.35** Mesternes mester **00.30** Kulturnytt

## SVT 1

**12.05** Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Skidskytte **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** Program ej fastställt **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Diplomaterna **23.30** Öga mot öga **00.00** Sändningar från SVT24


Öndvegi
RÚMADEILD



25%
KYNNINGARAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM RÚMUM

A direct Elegant coli mattress



Tvískipt springdýna með sjálfstæðri pokafjöðrun og memory foam

**Memory foam:** Bregst við þyngd og hitastigi og lagar sig nákvæmlega að líkamanum þannig að hann hvílist eðlilega og nær góðri slökun. Þetta bætir m.a. blóðflæði og dregur úr þörfinni fyrir að snúa sér sem gerir það að verkum að maður sefur betur. Kírópraktorar mæla með efninu.

180X200: Verð 198.800,- **TILBOÐ 149.100,-**
160X200: Verð 179.800,- **TILBOÐ 134.850,-**
120X200: Verð 149.800,- **TILBOÐ 112.350,-**

A direct Power bed



Rafmagnsbotn fáanlegur með springdýnu eða með memory foam dýnu

96X200: Verð 179.800,- **TILBOÐ 134.850,-**

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

HEIMA HÚSIÐ
mood heima
Öndvegi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

## MORGUNMATURINN



*„Klukkan sex er það Cheerios án sykurs, með AB-mjólk með perubragði og vatnsglas. Þetta virkar í 90 prósentum tilvika. Ég borðaði alltaf AXA-kornmat með súkkulaðibragði í vatni, en eftir að pakkinn hækkaði úr 380 krónum í 500 kall finnst mér það ekki réttlætanlegt.“*

Heimir Karlsson fjölmiðlamaður

# Ætla ekki að gera út á erótíkina

„Við erum að taka yfir þáttinn Mér finnst. Eitt af flaggskipum ÍNN,“ segir Lára Ómarsdóttir blaðamaður.

Lára, ásamt blaðamönnunum Bergljótu Davíðsdóttur og Katrínu Bessadóttur, er nýr umsjónarmaður þáttarins Mér finnst sem áður var í umsjá þeirra Ásdísar Ólsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Lára segir þær stöllur leggja upp með að láta sér ekkert mannlegt óviðkomandi og stefnan er að fjalla um allt milli himins og jarðar. „Við gerum ráð fyrir því, vegna þess að við komum úr þessum heimi blaða- og fréttamennsku, að vera meira fréttatengdar en þær sem fyrir voru. En samt, við ætlum líka að tala um ýmislegt sem kemur fréttum ekkert við.“

Í Mér finnst var áður, með fulltingi hjálparkokka á borð við Elly Ármanns, Björk Jakobsdóttur og Sigríðar Klingenberg, talað fjálglega um ýmislegt sem gæti flokkast undir reynsluheim kvenna. Og ef karlkyns blaðamaður gerði svo mikið sem tilraun til að útskýra yrði það afgreitt snarlega sem klúrheit. „Verður kynferðisleg umræða? Við ætlum bara að vera einlægar og skemmtilegar og tala um það sem okkur þykir áhugavert. Við erum allar mjög opnar og hressar en við ætlum ekki að gera út á erótík,“ hlær Lára.

Lára nefnir sem ákveðna fyrirmynd þekkta þætti sem hafa verið lengi á skjánum vestanhafs, The View, þar sem Barbara Walters og Goldie Hawn fara á kostum. Þættirnir verða á dagskrá tvisvar í viku, á mánudögum og fimmtudögum, og hefjast í næstu viku. - jbg



SJÓNVARPSSTJÓRINN Í KVENNAFANS Hinir nýju umsjónarmenn Mér finnst ætla að fjalla um allt milli himins og jarðar. Frá vinstri eru Lára, Katrín og Bergljót ásamt Ingva Hrafni Jónssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT 2.** eyja í asíu, **6.** vírus, **8.** tilvist, **9.** sigað, **11.** ekki, **12.** dimmt, **14.** áburður, **16.** skóli, **17.** tækifæri, **18.** for, **20.** í röð, **21.** þjappaði.

**LÓÐRÉTT 1.** íþróttafélag, **3.** bor, **4.** ríki í Suðaustur-Asíu, **5.** ái, **7.** fælinn, **10.** traust, **13.** óvild, **15.** hóta, **16.** flík, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** rs, **8.** líf, **9.** att, **11.** ei, **12.** myrkt, **14.** gúanó, **16.** fg, **17.** lag, **18.** aur, **20.** mn, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** fram, **3.** al, **4.** víetnam, **5.** afi, **7.** styggur, **10.** trú, **13.** kal, **15.** ógna, **16.** fat, **19.** ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8.

1 Skúli Helgason.
2 Um 100 milljónir króna.
3 Góða dátann Svejk.

BJÖRN JÖRUNDUR FRIÐBJÖRNSSON: FLÆKTUR Í KÓKAÍNMÁL

# Ég er ekki góð fyrirmynd

„Ég lít ekki á mig sem neina fyrirmynd nema kannski dóttur minnar og hennar vegna er hræðilega leiðinlegt að þessu máli sé nú slegið upp. Ég hefði kannski betur hugsað málið. Þegar ég var ungur var Bubbi Morthens mín fyrirmynd. Þetta er kannski afleiðing af því,“ segir Björn Jörundur, tónlistarmaður og dómari í Idol-Stjörnuleit á Stöð 2.

Mjög hitnaði í kolum á netmiðlum í gær eftir að Vísir greindi frá því upp úr hádegi að nafn Björns Jörundar Friðbjörnssonar hefði komið upp í tengslum við dóm sem birtur var yfir Þovarði Davíð Ólafssyni. Þar var endurrit samtals þeirra tveggja sem fengið hafði verið með hlerun fíkniefnadeildar lögreglunnar. Þorvarður Davíð var dæmdur fyrir sölu fíkniefna og ómögulegt er annað en ætla að Björn Jörundur hafi verið meðal viðskiptavina hans. Vísir fékk sjálfan Bubba Morthens, sem var með böggum hildar vegna málsins, til að þýða þau orð sem brúkuð eru í samtölum þeirra tveggja. Og samkvæmt því þýðir „ás“ kókaín og „tvíburabróðir“ er slanguryrði yfir amfetamín.

Björn Jörundur hafnaði því í samtali við Vísi að um eiturlyfjaviðskipti hefði verið að ræða, hann hafi verið yfirheyrður vegna máls Þorvarðar Davíðs en ekki verið fundinn sekur um neitt ólögmætt.



BJÖRN JÖRUNDUR Segist hafa vitað hvern mann hann hafi að geyma þegar hann réði sig til starfa sem Idol-dómari. Hann ætlar ekki að láta gamlar syndir ráða því að hann hætti þar nú. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björn segir þau viðbrögð sín ekki réttmæt – en spurning blaðamanns Vísis hafi komið sér í opna skjöldu. „Það er á engan hátt hægt að misskilja hvað þarna fer fram. Ég hef gert mörg mistök í lífinu, ekki síst þarna. Ég var á slæmum stað. En þetta var fyrir um ári síðan.“

Einkum er það staða Björns Jörundar sem dómara í Idolinu sem tengd hefur verið þessum fréttum. Vísir hefur eftir áðurnefndum Bubba að Stöð 2 gæti minnkað skaðann með því að láta Björn fara. Og mun málið sem slíkt vera til skoðunar hjá yfirstjórn Stöðvar 2.

Björn segist aðspurður ekki hafa hugleitt það að hætta sem slíkur þrátt fyrir að þetta mál hafi komið upp. „Nei, ég held að það myndi orka mjög tvímælis ef maður segði sig frá öllum störfum og vinnu þegar hann kemst í hámæli hvernig maður hefur hagað sér í fortíðinni. Ég vissi alveg hver ég var þegar ég réði mig til starfsins. Það hefur engin áhrif á mín störf í dag, það breytist ekkert né hefur áhrif á það hvernig ég ætla að sinna mínum störfum þó aðrir viti það hvernig ég hef hagað mér í fortíðinni.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Birni Jörundi var hann staddur á Siglufirði en þar dvelur hann við að semja tónlist. „Ég var einmitt núna í dag, þegar þetta kom allt upp, að semja gott lag. Sem er eitthvað á þessa leið: ‘Ég ætla að brosa til þín/því allt verður betra ef þú brosir til mín’. Já, á kassagítarinn,“ segir Björn Jörundur.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ástandið í þjóðfélaginu hefur orðið til þess að fólk úr ýmsum áttum veltir því nú fyrir sér að fara fram í komandi alþingiskosningum og ein þeirra er **Sirrý Sigfús** spá- og útvarpskona. Horfir hún einkum til þess að ganga til liðs við sjálfstæðismenn á Suðurnesjum. Sirrý er einn helsti aðdáandi Davíðs Oddssonar og fer hvergi leynt með þá skoðun sína að Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon standi að baki meintri aðför á hendur honum.



Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að aðdáendur góða dátans Svejks; **Davíð Ingason**, dr. Óttar Guðmundsson, Sigmar B. Hauksson og fleiri, ætluðu að koma saman á veitingastaðnum Kryddlegnum hjörtum, fá sér einn bjór og jafnvel stinga úr einu staupi – og minnast æðruleysis Svejks. Leikarinn Þór Tulinius ætlar að lesa úr bók Haseks. Einhverra hluta vegna skolaðist dagsetningin til en íslenskir Svejk-aðdáendur ætla að hittast í kvöld klukkan 21.00 en ekki 21. febrúar eins og fram kom.



Samfélag tónlistarmanna á Íslandi er lítið og þar eru flestallir vinir. Stundum getur þó slest upp á vinskapinn eins og gerðist skömmu fyrir jól á skemmtistaðnum Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu. Þar tóku tal saman **Örvar Þóreyjarson Smárason** úr múm og Atli Bollason, hljómborðsleikari Sprengjuhallarinnar. Örvar virðist hafa verið ósáttur við skrif Atla um krúttkynslóðina í Morgunblaðið skömmu áður, því áður en nokkur viðstaddra fékk að gert hafði hann ráðist að Atla og skallað hann þrisvar sinnum í andlitið. Sem betur fer sá lítið á Atla og þeir félagar sættust fullum sáttum daginn eftir.

- jbg, hdm


vera
tískuvöruverslun



Allt að 70% afsláttur

laugavegur 49 | sími 552 2020





GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C HAFNARFIRÐI 565 4453
GULLSMIÐJAN.IS



FLOTGÓLF GIFS&MÚRVERK

Flotgólf ehf. býr yfir vel þjálfuðum starfsmönnum, besta fáanlega búnaði til múrframkvæmda og rekstraraðilar þess eru frumkvöðlar í vélvæðingu í múrverki. Verslaðu við fagmenn - það margborgar sig!



Ertu að byggja eða breyta?

Vantar þig trausta aðila til að koma upp milliveggjum úr gifsi láta flota eða flísaleggja.

Hafðu samband
Við klárum málið

Flotgólf ehf. - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 555 6888 -flotgolf@flotgolf.is - www.flotgolf.is


# Atvinnulausar í Afríkuferð

„Við erum þrjár stelpur sem var sagt upp vinnunni hjá fjármálafyrirtæki einn föstudaginn í lok janúar. Við ákváðum fljótlega að snúa leiðindunum upp í ævintýri. Sex klukkustundum eftir aftöku var hugmyndin komin. Næsta dag settumst við yfir landakortið. Á mánudeginum var vaðið í sprautur og flugmiðinn keyptur á miðvikudegi,“ segir Katrín Atladóttir, bloggdrottningin katrin.is.

Katrín flýgur til Suður-Afríku í dag með vinkonum sínum, Margréti og Ástu, og ætlar að vera í svörtu heimsálfunni í minnst tíu vikur. „Ég ætla að sniðganga íslenskar fréttir og það verður frábært að losna við allar kosningafréttirnar. Við komum ekki aftur fyrr en eftir kosningarnar. Það verður mjög gott að fá frí frá neikvæðninni sem er í gangi á Íslandi. Það er alveg margt gott í gangi en margir á netinu einblína aðeins of mikið á það slæma. Það væri svo miklu uppbyggilegra að fókusa frekar á jákvæðu hlutina.“

Katrín segir ferðina svo sem ekki ákveðna í þaula. „Við byrjum í Cape Town, sem mér skilst að sé ein hættulegasta borg heims. Það verður lítið mál því við erum svo svalar. Síðan förum við í þriggja vikna bakpokaferðalag með ensku fyrirtæki til Namibíu, Botswana og Zambíu. Eftir það er eiginlega allt opið en okkur langar í sólbað á Zanzibar, górillutrek í Rúanda og til Kenya.“

En hvað með peninga? „Peninga?“ hnussar í Katrínu. „Það er eitthvað svo 2007 að vera með vinnu og hugsa um peninga. Maður er ekkert að stressa sig, maður verður bara að nýta svona tækifæri til að gera eitthvað uppbyggilegt og skemmtilegt. Ætli maður fái nokkuð aftur vinnu fyrr en í næsta góðæri? Nei, djók.“

Hægt verður að fylgjast með Afríkuferð Katrínar og kó á katrin.is/afrika. - drg



SVO 2007 AÐ VERA MEÐ VINNU OG HUGSA UM PENINGA Margrét Ágústa Sigurðardóttir, Katrín Atladóttir og Ásta Mekkín Pálsdóttir á Laugaveginum. Þær verða í Afríku á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


BT
0% VEXTIR
17"
TOSHIBA
10.000 KR KAUPAUKI!!!*
P300-1DA
Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
3 GB DDR 800 MHz
250GB SATA 7200rpm diskur
17" WXGA TRUBRITE 8ms Skjár
256MB ATI HD3470 Skjákort HDMI
1.3 MP vefmyndavél sem greinir andlit
Windows Vista Home Premium
8GB USB LYKILL!
FYLGIR
159.999
Verð frá:
13.733
12 mánaða vaxtalaust
VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í BT!!
15,4"
TOSHIBA
A300
Intel Core 2 Duo T3200 örgjörvi, 2.0GHz
3GB DDR2 800MHz vinnsluminni
250GB SATA 5400RPM harðdiskur
15.4" WXGA TruBrite skjár með 1280x800 upplausn
256MB ATI Mobility HD 3470 DX10.1 skjákort með allt að
1GB HyperMemory
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 a/g/n net
Windows VISTA Home Premium
1.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
10.000 KR KAUPAUKI!!!*
8GB USB LYKILL!
FYLGIR
139.999
0% VEXTIR
Verð frá:
12.016
12 mánaða vaxtalaust
MARGMIÐLUNARSPILARI
Argosy margmiðlunarspilarinn
Tengist beint í sjónvarp eða græjur
Hágæða kvikmyndaafspilun
Spilar ljósmyndir í slideshow
Fjarstýring
500GB Harður Diskur
500GB DISKUR!!
29.999
2.1 HÁTALARAKERFI
Creative I-Trigue 3000 2.1 hátalarar
Flottar græjur fyrir iPod eða mp3 spilara.
Kraftmikið 2.1 hátalarakerfi
Tveir 6W stereo hátalarar
12W bassabox.
VIRKAR MEÐ IPOD!!!
11.999
XBOX 360 ELITE + GTA IV SE
Fylgihlutir
Þráðlaus stýripinni
120GB harður diskur
Headset
Hdmi kapall
GTA4 SE
0% VEXTIR
FYLGIR
69.999
74.999
Verð frá:
6.437
12 mánaða vaxtalaust
BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - 550 4444 - BT.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## Fyrirgefðu

Sorry seems to be the hardest word, söng Elton John um árið. Hann hitti í mark því flestir kannast við þetta: Það er bara svo fjári erfitt að biðjast afsökunar. Sérstaklega ef manni finnst maður ekki hafa gert neitt rangt. Hversu mörg pör hafa ekki setið í þrúgandi þögn yfir sjónvarpinu eftir að annað lét eitthvað vanhugsað út úr sér eða gerði einhverja vitleysu sem hitt er hundfúlt yfir? Ekkert fær haggað þannig þögn nema eitt almennilegt „fyrirgefðu“. Og hvílíkur léttir sem það er.

**ÞAÐ** er ekki í íslenskum þjóðarkarakter að biðjast afsökunar. Meira svona fyrir Kana sem alltaf eru vælandi. Að þessu komst Felix Bergsson þegar hann sá um vonlausan þátt á Skjá einum um árið, Fyrirgefðu. Þetta var pínlegt prógramm og fáir þættir. Það fannst bara ekkert fólk sem vildi koma og biðjast afsökunar.

**NÚ** ætti ekki að vera erfitt að finna fólk í Fyrirgefðu. Stjórnmálalið, bankakarlar og afturbata peningapungar gætu viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, mætt með tárin í augunum og sagst vera sorrí. Elsku þjóð, viltu fyrirgefa mér fyrir að hafa komið Íslandi á hausinn? Ég vissi ekki betur. Ég var bara svona gráðugur og heimskur. Allt sem ég stóð fyrir er della. Nú skal ég taka mig á. Alveg satt!

**ÉG** spái hrinu afsökunarbeiðna. Þótt Geir sé enn harður af sér er járnkarlinn Árni Mathiesen byrjaður að bogna. „Við þurfum að gæta hófs og virða gömul gildi og gæta þess að fara ekki yfir þau strik sem ofbjóða umhverfinu. Samskipti við nágranna eiga ekki að vera í formi keppni um hver eigi stærsta garðinn eða stærsta bílinn. Við eigum að leitast við að láta okkur líða vel saman í okkar umhverfi og sýna hvert öðru meiri umhyggju,“ segir Árni í Mogganum eins og hver annar afturhaldskommatittur. Nei, sko!

**SKÆRASTA** stjarna annars frumskógarlögmáls, Annþór Karlsson, kemur líka sterkur til leiks, alveg bullandi sorrí, strokinn og lítandi út eins og hann ætli að biðja mann um að styrkja Amnesty frekar en að berja mann í klessu. Húrra fyrir því! Auðvitað á að gefa öllum – flestum – séns. Batnandi mönnum er best að lifa. Svo er bara að vona að menn byrji ekki aftur að handrukka þegar þeir sleppa úr steininum. Eða verða kosnir aftur á þing.

**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er fimmtudagurinn 19. febrúar, 50. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.09 | 13.41 | 18.15 |
| Akureyri | 9.01 | 13.26 | 17.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


